14



Skyrið varð að gulli
í höndum Norðmanna

28



Íslenskir hafrar
á leið í verslanir

36-37



Sannleikurinn um jarðhneturnar

Bændablaðið

2. tölublað 2018 • Fimmtudagur 25. janúar • Blað nr. 507 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Setti Íslandsmet og mjólkaði 14,2 tonnum

Þessi nafnlausa kýr frá Innri-Kleif í Breiðdal á Austfjörðum var með númerið 851 í skýrsluhaldi ábúendanna Gunnlaugs Ingólfssonar og Þóru Margrétar Aradóttur. Hún sló nýtt glæsilegt Íslandsmet á síðasta ári sem nythæsta kýrin sem nokkru sinni hefur verið skráð á skýrslur hér á landi. Mjólkaði hún hvorki meira né minna en 14.199 kg, eða nær 14,2 tonnum. Því miður fékk hún sýkingu svo eigendur þurftu að fella þennan mikla afurðagrip núna í byrjun janúar. Er þar skarð fyrir skildi og segist Gunnlaugur sakna hennar mjög. *– Sjá nánar bls. 2 og 44*

Um 258 milljarða tekjur af umferð í 5 ár ekki nýttar til vegagerðar

Landsmenn hrópa á endurbætur á vegakerfinu en ríkið eykur stöðugt skattlagningu á bíleigendur sem notuð er í annað. Samt er talað um að ekki séu til peningar til uppbyggingar og viðhalds vega sem eru þó taldar einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem hægt sé að ráðast í.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, hefur látið Bændablaðinu í té sundurliðaðar tölur um tekjur ríkissjóðs að umferðinni á árunum 2014 til 2018. Að mati FÍB eru sumir tekjuliðirnir í þessu þó trúlega vanmetnir.

Eitt fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar var að hækka skatta á eldsneyti og umferð um nær 5,6 milljarða króna, eða um 4,6%. Þrátt fyrir verulega auknar skattaálögur á bifreiðaeigendur þá er samt ekki verið að nota nema um 29% þeirra tekna í vegakerfið.

Í tölum FÍB kemur fram að á þessum fimm árum verða heildartekjur ríkissjóðs af ökutækjum um eða yfir 330 milljarðar króna að árinu 2018 meðtöldu [330,879 milljarðar]. Í því sambandi er vert að hafa í huga að rauntekjurnar af umferðinni hafa oftast verið hærri en fjárlög hvers árs segja til um og stundum hefur munað þar nokkrum milljörðum króna.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 4,6% hækkun tekna af ökutækjum á þessu ári miðað við fjárlög 2017 og að tekjurnar verði þá 73.044 milljónir króna 2018. Þar af er kolefnisgjald 3.540 milljónir.

Á árinu 2014 var samkvæmt reikningum ríkisins veitt 14.272 milljónum til viðhalds vega og nýframkvæmda. Árið 2015 var upphæðin 16.322 milljónir króna. Árið 2017 voru það 21.358 milljónir króna og gert er ráð fyrir 21.167 milljónum króna til vegamála á árinu 2018. Samtals gerir þetta á fimm árum 73.119 milljónir, sem er nánast sama tala og áætlaðar tekjur ríkissjóðs af ökutækjum á yfirstandandi ári 2018.

Mismunurinn á tekjum ríkissjóðs af ökutækjum og því sem notað er til að viðhalda og byggja upp innviði umferðarkerfisins fyrir utan sérverkefni á fimm ára tímabili er því 257.760 milljónir króna. */HKr.*

– Sjá nánar bls. 20–21

Prófessorarnir Þorsteinn Guðmundsson og Guðni Þorvaldsson segja stór göt vera í þekkingu á mýrum á Íslandi:

Fullyrðingar hugsanlega stórlega ýktar um stærð mýra og losun á koltvísýringi

Dr. Þorsteinn Guðmundsson, sem hefur m.a. starfað sem prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands, og dr. Guðni Þorvaldsson, prófessor í jarðrækt við LbhÍ, telja endurheimt votlendis í stórum stíl kunni að vera stórlega ofmetin leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Telja þeir ýmsa skekkjuvalda orsaka það að mat á losun gróðurhúsalofttegunda úr íslenskum mýrum kunni að vera rangt. Rannsóknir skorti auk þess sem ekki gangi að taka erlenda staðla og heimfæra þá beint upp á afar misjafnar aðstæður á Íslandi.

Í umræðunni á liðnum árum um að endurheimta mómýrar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hefur ýmsum fullyrðingum verið slegið fram. Prófessorarnir segja í ítarlegri grein á bls. 38 og 39 í Bændablaðinu í dag að lítið hafi verið fjallað um óvissuþættina varðandi slíkar fullyrðingar.

Hvað eru þurrkaðar mýrar raunverulega að losa af CO_2?

Árið 2013 hefur losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu votlendi á Íslandi árið 2013 verið metin á 11,7 milljónir tonna CO_2 ígildi. Þessi tala byggði á viðmiðum Vísindanefndar loftslagssamningsins (IPCC) um losun á flatareiningu.

Er stærð endurheimtanlegra mýra stórlega ofmetin?

Þorsteinn og Guðni hafa efasemdir um stærð þess lands sem talið er að hægt sé að breyta aftur í votlendi.

„Heildarstærð ræktaðs lands hér á landi hefur verið talin um 120.000 ha (1.200 km^2) og að tæpur helmingur þess sé á þurrkuðu votlendi (500-600 km^2).“

Í umræðum um endurheimt votlendis hefur því verið haldið fram að búið sé að þurrka um 4.200 km^2 votlendis og samkvæmt tölunum hér að ofan eru þá einungis 10–15% af því nýtt sem ræktunarland. En hversu áreiðanlegar eru þessar tölur?“

Eru 4.200 ferkílómetrar kannski 1.600 km^2 eða enn minna?

„Heildarlengd skurða hefur verið áætluð 32.000 km. Til að ná 4.200 km^2 þarf hver skurður að þurrka 130 m að meðaltali (65 m í hvora átt). Algengt er að 50 m séu á milli skurða hér á landi. Ef miðað er við að hver skurður þurrki 50 m (25 m í hvora átt) þá gefa 32.000 km af skurðum um 1.600 km^2 af framræstu landi.“

Eru notaðir rangir reiknistuðlar?

„Ísland gerir reglulega grein fyrir losun koltvísýrings út í andrúmsloftið vegna landnýtingar (LULU-CF) í skýrslu til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Mælingar á losun koltvísýrings úr íslenskum mýrum eru hins vegar takmarkaðar og því hafa erlendir stuðlar verið notaðir til að meta losunina. Fyrir mýrartún hafa verið notaðir stuðlar sem ætlaðir eru fyrir akurlendi (cropland) en ekki graslendi (grassland). Akurlendi er land sem er unnið reglulega og í eru ræktaðar fyrst og fremst einærar tegundir. Því væri eðlilegra að nota graslendisstuðla fyrir tún hér á landi.

Athygli vekur hversu mikil óvissa er í losunarstuðlum IPCC og sérstaklega hversu mikið stuðlar hafa hækkað fyrir graslendi á framræstu votlendi frá 2006 til 2013. Það mætti kafa ofan í hvað þar liggur að baki en það sýnir kannski fyrst og fremst að það er erfitt að mæla losunina og aðferðafræðin er enn til skoðunar,“ segja þeir félagar m.a. í grein sinni.

Segja þeir fáar greinar hafa birst um losun koltvísýrings úr íslenskum mýrum. Í því sem þegar hafi birst megi sjá mikinn breytileika í losun og að mikils munar megi vænta eftir jarðvegi, árum og staðháttum.

„Íslenskar mýrar eru yfirleitt steinefnaríkari en mýrar í nágrannalöndunum, m.a. vegna áfoks, öskufalls, mýrarrauða og vatnsrennslis í hlíðum, og lífrænt efni er að sama skapi minna.“

Þeir félagar benda líka á að með tilraun í framræstu landi á Skriðuklaustri hafi verið sýnt fram á að hægt er að binda kolefni í umtalsverðu magni í jarðvegi. Í landi þar sem grasnytjar eru verði þannig umtalsverð binding kolefnis.

„Þannig fylgir auknum vexti ofanjarðar aukinn rótarvöxtur og í ræktuðu landi verður meira kolefni eftir í jarðveginum en í landi sem ekki er í rækt. Þetta geti leitt til bindingar á kolefni í framræstu landi.“

Er endurheimt eina lausnin?

„Ef ætlunin er að koma í veg fyrir losun á CO_2 út í andrúmsloftið þá er hækkun grunnvatnsstöðu að yfirborði besta lausnin en á að sjálfsögðu einungis við þar sem um nettó losun er að ræða. Tæpur helmingur ræktaðs lands er á framræstu landi og töluvert af beitilandi einnig. Því þarf að huga vandlega að hvar skynsamlegt sé að endurheimta votlendi og hvar landbúnaður hafi forgang. [...] Þar sem mikill raki er í jörð og kolefnishlutfall ekki hátt þyrfti að athuga hvort hækkun grunnvatnsstöðu sé yfirleitt góð lausn eða hvort ræktun og aukin frumframleiðsla geti ekki haldið kolefnisbúskap í horfinu eða jafnvel stuðlað að bindingu CO_2 úr andrúmslofti.“

Mikilvægt ræktunarland

Í niðurlagi greinar sinnar segja dr. Þorsteinn Guðmundsson og dr. Guðni Þorvaldsson:

„Vegna þessa er mikilvægt að fara varlega í ályktunum á meðan stór göt eru í þekkingunni. Við megum heldur ekki gleyma því að þurrkað votlendi er mikilvægt ræktunarland og því takmörk fyrir því hversu mikið af því er hægt að taka úr umferð.“ */HKr.*

- Sjá nánar bls. 38 og 39

FRÉTTIR

Íslensku kýrnar standa sig vel í framleiðslu á mjólk:

Brúsastaðir í Vatnsdal afurðahæsta bú landsins annað árið í röð

– Alls eru 15 kúabú á landinu með meira en 8.000 kg í meðalnyt eftir hverja árskú og sú öflugasta mjólkaði heilum 14 tonnum

Brúsastaðir í Vatnsdal í Austur-Húnavatnsýslu voru afurðahæsta kúabúið á Íslandi 2017 með 8.937 kg mjólkur í meðalnyt. Er það rétt undir Íslandsmeti sama bús frá 2016 sem er 8.990 kg.

Samkvæmt tölum RML úr skýrsluhaldi kúabænda um nýliðin áramót, þá voru 8 íslensk kúabú með meðalmjólkurnyt á árskú yfir 8.000 kg. Í fyrsta sæti voru Brúsastaðir eins og fyrr segir með 8.937 kg. Er búið rekið af hjónunum Sigurði Ólafssyni og Gróu Margréti Lárusdóttur. Þá kom Hóll í Svarfaðardal með 8.356 kg sem rekið er af Karli Inga Atlasyni og Erlu Hrönn Sigurðardóttur. Gautsstaðir á Svalbarðsströnd voru svo í þriðja sæti með 8.269 kg, en þar er Pétur Friðriksson við stjórnvölinn.

Þess má geta að Brúsastaðir voru einnig afurðahæsta kúabú landsins 2014 og 2013.

Alls eru 573 kúabú í skýrsluhaldi RML. Ekki eru mörg ár síðan það þótti mjög gott að vera með meðalnyt yfir 6.000 kg. Afurðahæsta kúabú landsins árið 2005 var Kirkjulækur í Fljótshlíð með 7.669 kg í meðalnyt á 35,5 árskýr. Var það þá nýtt Íslandsmet, en fyrra metið átti búið Stóra-Hildisey 2 í Austur-Landeyjum með 6,450 kg árið 2003. Þar á undan var sett met árið 2001 í Birtingaholti í Hrunamannahreppi.

Afurðahæsta búið nú er því með vel ríflega tonni meira á hverja árskú að meðaltali, eða 1.268 kg en metið var 2003.

Fyrir utan fóðrun, umhirðu og ræktun, virðist innleiðing mjaltaþjóna á íslenskum kúabúum haft þarna mikið að segja við að hækka nyt íslensku kúnna og auka stöðugleika í framleiðslunni. */HKr.*

Afurðahæstu kúabúin 2017 - *Bú með meðalnyt yfir 8.000 kg á árskú*

Bú - desember 2017	Skýrsluhaldarar	Árskýr	Afurðir kg
560112 **Brúsastaðir í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu**	Brúsi ehf	49,2	**8.937**
650231 **Hóll í Svarfaðardal við Eyjafjörð**	Karl Ingi og Erla Hrönn	50,7	**8.356**
660104 **Gautsstaðir á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð**	Gautsstaðir ehf	104,1	**8.269**
570627 **Flugumýri í Blönduhlíð austan Vatna í Skagafirði**	Ingimar Jónsson	78,6	**8.205**
870909 **Skáldabúðir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu**	Gunnbjörn ehf	59,2	**8.183**
350513 **Hvanneyri á Hvanneyri í Borgarfirði**	Hvanneyrarbúið ehf.	73,1	**8.180**
860103 **Ytri-Skógar undir Austur-Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu**	Félagsbúið	25,3	**8.179**
560153 **Steinnýjarstaðir á vestanverðum Skaga, norðan við Skagaströnd**	Kristján S Kristjánsson	44,9	**8.170**
370179 **Hraunháls í Helgafellssveit á Snæfellsnesi, nærri Stykkishólmi**	Guðlaug og Eyberg	28,7	**8.124**
570656 **Kúskerpi í Blönduhlíð austan Vatna í Skagafirði**	Kúskerpi	102,6	**8.115**
651110 **Grænahlíð í Eyjafjarðarsveit (sunnan/framan Akureyrar)**	Dalanaut ehf	64,8	**8.047**
870840 **Reykjahlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Árnessýslu**	Búkostir ehf.	74,5	**8.023**
570925 **Garðakot í Hjaltadal í Skagafirði**	Jakob Smári Pálmason	69,9	**8.019**
650926 **Moldhaugar í Kræklingahlíð við Eyjafjörð, norðan Akureyrar**	Þröstur Þorsteinsson, Moldhaugum	63,1	**8.010**
660519 **Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit**	Stóru-Tjarnir ehf	54,5	**8.005**

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins - RML / Sigurður Kristjánsson

Kýr nr. 851 frá Innri-Kleif í Breiðdal setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet á síðasta ári:

Mjólkaði nær 14,2 tonnum



Nythæsta kýrin á landinu árið 2017 var kýr nr. 851, undan Ými 0715 Skandalssyni 03034, en hún mjólkaði 14.199 kg samkvæmt skýrsluhaldi Ráðgjafarstofu landbúnaðarins.

Var fituinnihald mjólkurinnar 3,64% fitu og 3,33% prótein. Sló kýrin 851 ársgamalt Íslandsmet Nínu 676 á Brúsastöðum í Vatnsdal sem var 13.833 kg. Burðartími 851 féll mjög vel að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi 2. janúar 2017.

Því miður þurfti svo að fella þennan mikla afurðagrip núna í byrjun janúar og er þar skarð fyrir skildi. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með að kýr nr. 851 var gríðarmikil mjólkurkýr og sýndi það strax á sínu fyrsta mjólkurskeiði er hún fór hæst í 37 kg dagsnyt.

Á nýliðnu ári fór hún hæst í 57,0 kg dagsnyt og var enn í 28 kg nyt í desember sl. Skráðar æviafurðir hennar voru 33.661 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 26. janúar 2015, þá 26 mánaða að aldri.



Lögfræðiþjónusta við bændur

PACTA lögmenn og Bændasamtök Íslands hafa gert samning um sérstök afsláttarkjör á almennri lögfræðiþjónustu við félagsmenn BÍ.

Samningurinn felur í sér að bændur geta leitað til PACTA um land allt með þjónustu vegna allra sinna mála. Ekki þarf að greiða fyrir fyrsta viðtal sem er gjaldfrjálst. Afsláttarkjörin eru 20% af tímagjaldi sem miðast við útselda tíma, þ.e. vinnu fyrir utan símtöl og tölvupósta þar sem viðkomandi spyrst fyrir um réttarstöðu sína. Í einhverjum tilvikum er samið um fast verð fyrir ákveðið verk en alla jafna er kostnaður reiknaður á grundvelli tímagjaldsins.


PACTA veitir alhliða lögfræðiþjónustu og ráðgjöf á 15 starfsstöðvum víða um land.

Þeir sem vilja nýta sér samkomulagið geta haft samband í síma 440-7900 eða á netfangið hallgrimur@pacta.is. Veffangið er pacta.is.

Ný könnun staðfestir mikinn lestur Bændablaðsins

Nýjar tölur um lestur fólks á prentmiðlum sýna að staða Bændablaðsins er sterk á blaðamarkaði. Á landsbyggðinni ber Bændablaðið höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla og yfir landið allt er Bændablaðið í öðru sæti á eftir Fréttablaðinu í lestri.

Í nýrri prentmiðlamælingu Gallup, sem nær yfir fjórða ársfjórðung 2017, kemur meðal annars fram að 43,1% íbúa á landsbyggðinni les Bændablaðið og 21,6% fólks á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á Bændablaðinu yfir landið allt er 29,4%.



Bændablaðið er með mikið forskot á aðra prentmiðla á landsbyggðinni. Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup

Þriðjungur karla les Bændablaðið

Alls 33,6% íslenskra karla lesa Bændablaðið og eru þeir heldur með forskot á kvenfólkið en 25% þeirra lesa Bændablaðið reglulega. Alls 36,5% landsbyggðarkvenna og 49,2% karla utan höfuðborgarsvæðisins láta blaðið ekki framhjá sér fara.

Mismunur á milli aldurshópa

Það er greinilegt að lestur prentmiðla er misjafn eftir aldri. Þegar aldursbilið 20–30 ára er skoðað sést að einungis 23,3% fólks á Íslandi les Fréttablaðið, 14,2% lesa Bændablaðið og 14% Morgunblaðið. Stundina lesa 12,7% í þessum aldurshópi og 6,6% lesa DV.

Um leið og aldurinn hækkar eykst lesturinn. Þannig lesa 39,1% Íslendinga á aldursbilinu 50–60 ára Bændablaðið, 53,6% Fréttablaðið, 32,1% Morgunblaðið, 12,6% Stundina og 13,5% DV.

Þeir sem komnir eru yfir sjötugt virðast lúslesa sum blöð umfram önnur. Fréttablaðið á vinninginn í þeim aldurshópi með 66,8% lestur yfir landið allt. Næst kemur Morgunblaðið með 58,5% og síðan Bændablaðið með 57,7% lestur. DV skorar líka hátt í þeim aldursflokki og er með 19,7% lestur. Stundina les 13% fólks á milli sjötugs og áttræðs.

Lestur prentmiðla fer dalandi

Lestur prentmiðla hefur almennt dalað á síðustu árum en það er misjafnt eftir blöðum hversu mikið. Lestur Fréttablaðsins yfir landið hefur lækkað úr 52% á fjórða ársfjórðungi árið 2014 niður í 43,8% í lok árs 2017. Morgunblaðið mælist nú með 26,1% lestur á Íslandi en í lok ársins 2014 var talan 28,8%. Á sama tímabili hefur lestur Bændablaðsins einungis minnkað um 0,9% á landsvísu.

Áðurnefndar upplýsingar eru fengnar úr prentmiðlakönnun Gallup en könnunartími var okt.–des. 2017. Í könnuninni er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi, eða um 2.500 svörum á ársfjórðungi. Í úrtakinu eru Íslendingar á aldrinum 12–80 ára af landinu öllu. */TB*

TM

HUGSUM Í FRAMTÍÐ

FRÉTTIR

Áform norsku ríkisstjórnarinnar um að leggja niður loðdýrarækt vekur undrun:

Stórundarlegt og dæmi um hræsni segja íslenskir og danskir loðdýrabændur

Íslenskir loðdýrabændur sem og danskir hafa áhyggjur af þeirri stefnu norskra stjórnvalda að leggja niður loðdýraræktina fyrir árið 2025. Bent er á að í henni felist mikill tvískinnungur hvað varðar náttúruverndarsjónarmið frjálslynda flokksins Venstre.

Tage Petersen, formaður samtaka loðdýraræktenda í Danmörku, segir á vefsíðu Kopenhagen Fur að það sem er að gerast í Noregi sé ófyrirgefanlegt. Sérstaklega þar sem norskir loðdýrabændur séu nýbúnir að fá stuðningsyfirlýsingu frá norska Stórþinginu um að haldið verði áfram stuðningi við sjálfbæran loðdýrabúskap í landinu.

„Þetta er stórundarleg U-beygja sem við erum að heyra að tekin hafi verið í Noregi. Við verðum bara að bíða og sjá hvort þetta muni raunverulega ná fram að ganga þegar ríkisstjórnin leggur fram þessar tillögur í þinginu."

Segir Petersen að bæði norski forsætisráðherrann, Erna Solberg, formaður Hægri flokksins (Höyre með 25% fylgi) og Siv Jensen, formaður Framfaraflokksins (Fremskrittspartiet með 15,2% fylgi), hafi lýst því yfir að samkomulagið við frjálslynda flokkinn Venstre (með 4,4% fylgi) um að leggja niður loðdýraræktina sé gert með mikilli eftirsjá. Þær segi að þetta hafi þó verið nauðsynlegt til að ná samkomulagi um stjórnarmyndun.



Ásgeir Pétursson, loðdýrabóndi í Helgadal í Mosfellsbæ, segir að í áformum norsku stjórnarinnar felist bullandi hræsni varðandi umhverfismál.



Einar Eðvald Einarsson, loðdýrabóndi á Skörðugili í Skagafirði.



Tage Petersen, formaður samtaka loðdýraræktenda í Danmörku.



Björn Halldórsson á Akri í Vopnafirði og formaður SÍL.



Skarphéðinn Pétursson á Hrísum í Svarfaðardal og stjórnarmaður í SÍL.



Frá skinnauppboði hjá Kopenhagen Fur í Danmörku. Næsta uppboð fer fram í byrjun febrúar og er ekki bjartsýni á miklar verðhækkanir. Mynd / HKr.

Tvískinnungur og undarlegt að smáflokkur fái svo mikið vægi

Ásgeir Pétursson, loðdýrabóndi í Helgadal í Mosfellsbæ, er einn af frumkvöðlunum í loðdýraræktinni á Íslandi og hóf rekstur 1971. Hann lærði loðdýrabúskap í Noregi og segist ekki skilja að flokkur sem sé með svo lítið fylgi á bak við sig fái að komast upp með að leggja niður heila búgrein. Þá byggi þeir hugmyndafræði sína á meintri náttúruvernd, en séu með þessu að láta banna framleiðslu á hreinni náttúruafurð sem aðallega er notuð í fatnað. Á sama tíma tíma þyki þessu fólki ekkert athugavert við að ganga í flíspeysum og öðrum fatnaði sem að stærstum hluta er framleiddur úr plastefnum sem unnin eru úr olíu. Þetta sé ekki síst athyglisvert í ljósi nýlegrar rannsóknar í Noregi sem sýndi að skeldýr og aðrar lífverur við strendur landsins eru orðnar uppfullar af örplasti. Er ástandið verst nyrst í Noregi þar sem örplastið safnast saman. Í rannsókninni kom einmitt í ljós að mest af örplastinu var ættað úr fatnaði.

Þá bendir Ásgeir einnig á að loðdýrabúskapur, allavega eins og hann er rekinn á Íslandi, sé að fullnýta afgangs matvæli frá veitingahúsum, sláturhúsum og afskurð frá fiskvinnslu í fóður fyrir dýrin. Þannig sé verið að búa til verðmæta vöru og um leið að koma í veg fyrir matarsóun.

Ættu frekar að líta á vistvænan lífsstíl forfeðranna

Ásgeir segir að þegar náttúruverndarsamtök hafi farið í óvægna herferð gegn loðdýraræktinni 1988 hafi þau verið styrkt til þess af olíufélögum sem hafi m.a. hagsmuni af framleiðslu á plasti sem notað er í fatnað. Enda hafi olíufélögin verið undir hótunum frá náttúruverndarsamtökum um að birta myndir af náttúruspjöllum í umhverfi olíuhreinsunarstöðva, sér í lagi í Bandaríkjunum og Bretlandi. Segir hann að í Bretlandi hafi náttúrusamtökum líka tekist að fá verkamannaflokkinn til að loka loðdýrabúum í upphafi tímabils Tony Blairs sem forsætisráðherra.

Segir Ásgeir að ef menn meini eitthvað með náttúruvernd, þá ætti menn frekar að líta til fortíðar. Forfeður okkar hafi lifað algjörlega á því sem náttúran gaf af sér, m.a. dýrum sem gáfu þeim mat og skjólflíkur. Öll þessi efni hafi horfið aftur inn í náttúrulega hringrás og þessir forfeður okkar hafi ekki skilið eftir sig plast og kemísk efni sem séu nú að eyðileggja náttúruna og heimshöfin. Í baráttu þessa fólks sem nú vilji kenna sig við náttúruvernd og gangi um í flíspeysum og íþróttafatnaði úr polyester, terlíni og akrílefnum, felist því bullandi hræsni.

Norska ríkisstjórnin hyggst banna loðdýrarækt

Í málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar Hægri, Vinstri og Framfaraflokksins í Noregi er ljóst að loðdýrabændur þar í landi eiga erfiða tíma í vændum. Á næstu sjö árum á að leggja greinina niður og eru þeir 200 loðdýrabændur sem starfandi eru í landinu mjög ósáttir við þetta nýja útspil ríkisstjórnarinnar.

„Við lítum þetta mjög alvarlegum augum og það eru mikil vonbrigði að okkur sé fórnað á þennan hátt. Síðasta orð er klárlega ekki sagt í þessu máli og nú munum við gera áætlun til að koma okkur í gegnum þessa óskiljanlegu ákvörðun," segir formaður loðdýrabænda, Bertran Trane Skardsem við Aftenposten.

Nú er ár síðan Hægri og Framfaraflokkurinn tryggðu meirihluta í þinginu fyrir sjálfbærri þróun í loðdýrarækt. Margir loðdýrabændur hafa á undanförnum árum aðlagað sig að nýjum reglugerðum sem tengjast greininni og farið út í stórar fjárfestingar. Nú er það Vinstriflokkurinn sem hefur náð sínum sjónarmiðum fram í stjórnarmyndunarviðræðunum sem þýðir að í byrjun árs 2025 verði fullt bann við loðdýrarækt í landinu. Dýraverndunarsinnar um allan Noreg og víðar í Skandinavíu fögnuðu tilkynningunni. */ehg*



Reynir Barðdal er einn af frumkvöðlunum í loðdýrarækt á Íslandi. Hann hefur nú hætt starfsemi eftir að hafa rekið Loðfeld ehf. á Sauðárkróki um áratuga skeið. Byrjaði hann þar með 1.224 dýr sem hann flutti með Sólfaxa, flugvél Flugfélags Íslands, frá Noregi 15. janúar 1971. Þegar vélin var lent á flugvellinum á Sauðárkróki og dyrnar voru opnaðar horfðu hann og samferðamennirnir beint inn í byssukjafta alvopnaðra lögreglumanna. Vildu menn þar á bæ vera við öllu búnir en mikil umræða hafði þá spunnist í samfélaginu vegna ótta við að dýrin slyppu út.

Gæti haft keðjuverkandi áhrif

Einar Eðvald Einarsson, loðdýrabóndi á Syðra-Skörðugili í Skagafirði, segist hugsi út af því sem er að gerast í Noregi.

„Ef þetta gengur eftir þá má ímynda sér að þetta gæti haft einhver skammtímaáhrif á markaðsverðið en síðan mun núverandi framleiðsla í Noregi færast til annarra landa, bara spurning hvert og þá hvaða reglur gilda um framleiðsluna í því landi en síðustu ár hefur verið mestur vöxtur í greininni í Kína, en þar eru yfirhöfuð engar aðbúnaðarreglur fyrir loðdýr. Þá vöru eiga Norðmenn hins vegar að hafa leyfi til að kaupa áfram því ekki stendur til að banna innflutning á skinnum eða skinnavörum.

Í Noregi var nýbúið, eða fyrir rúmu ári síðan, að setja í lög nýja aðbúnaðarreglugerð af stjórnvöldum og í framhaldinu var blásið til sóknar um sjálfbæra loðskinnaframleiðslu þar í landi með velferð dýranna í fyrirrúmi. Þessi skyndilegi viðsnúningur er því ótrúlegur og ótrúlegt að flokkur með fjögurra prósenta fylgi og er sem varadekk í stjórn með tveim öðrum stjórnmálaflokkum geti sett svona baráttumál algerlega á oddinn án nokkurra raka, það er alvarlegt mál.

Langtímaáhrifin af svona banni og vinnubrögðum eiga eftir að koma í ljós en eftir því sem fleiri lönd banna framleiðsluna án gildra röksemda og vegna þrýstings frá öfgahópum þá eykst hættan á að þetta gerist í öðrum löndum og ekki síður í öðrum framleiðslugreinum landbúnaðar," segir Einar.

Sem dæmi má nefna að andstæðingar loðdýraræktar í Hollandi hafa þegar knúið það fram að loðdýraræktin leggist af þar í landi á næstu árum með þeim rökum að skinn sé óþarfa vara og að til séu önnur efni sem fólk geti notað í föt.

„Ég held að fólk sé ekki alveg að hugsa þetta rétt. Það má t.d. nefna öll flísfötin eða plastefnafötin sem eru í notkun. Það liggur fyrir að þau menga mikið og að plastagnir fara út í umhverfið í miklu magni við t.d. þvott og daglega rýrnun þeirra. Skinn er hins vegar náttúruvara sem mengar ekki og eru framleidd með hráefnum sem falla til við vinnslu á matvælum úr fisk- og sláturiðnaði. Meirihluti þessara hráefna væri urðaður ef við værum ekki að nota hann í fóður í dag og það er umhverfisvænt og dæmi um framleiðslu á náttúruvöru með betri nýtingu á lífrænum úrgangi og þar með minni urðun."

Fimm bú að hætta og þar af tveir stjórnarmenn í SÍL

„Skinnamarkaðir hafa verið mjög erfiðir síðustu ár, eða frá 2014, þótt árin 2016 og 2017 hafi verið langverst með skilaverð til bænda langt undir framleiðslukostnaði. Ekki hjálpar íslenska krónan en sem dæmi þá hækkaði skinnaverð í erlendri mynt árið 2017 um rúm 11% en á sama tíma styrktist íslenska krónan um 14 % þannig að íslenskir bændur upplifðu ekki þann bata sem markaðurinn gaf heldur enn eina lækkunina í skilaverði,0148," segir Einar.

Vegna erfiðleika sem skapast hafa þá hættu nú um áramótin tvö minkabú í Vopnafirði, tvö í Eyjafirði, þ.e. á Grenivík og í Svarfaðardal, og eitt bú í Skagafirði ásamt því að einhverjir fækkuðu. Þetta eru fimm bú en auk þeirra hafa fleiri hætt síðustu tvö ár og þeirra á meðal er frumkvöðullinn Reynir Barðdal, sem rak Loðfeld á Sauðárkróki. Aðrir reyna að halda sjó í von um að úr rætist.

Meðal þeirra loðdýrabænda sem nú eru að hætta rekstri er sjálfur formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda (SÍL), Björn Halldórsson á Akri í Vopnafirði. Þá hætti stjórnarmaðurinn Skarphéðinn Pétursson á Hrísum í Svarfaðardal sínum loðdýrabúskap nú um áramótin. Einar segir að litlar fregnir berist af söluhorfum á markaði en næsta skinnauppboð á Kopenhagen Fur er í byrjun febrúar.

„Uppboðshúsið hefur farið mjög varlega í yfirlýsingar," segir Einar.

„Skinnaframleiðendur eru ekki mjög bjartsýnir á að verð á skinnum komi til með að hækka mikið á næstunni þar sem enn virðist vera mikið til af óseldum skinnum og síðan er íslenska krónan ennþá um 20% of sterk sem skemmir enn frekar samkeppnistöðu íslenskra bænda," sagði Einar að lokum. */HKr.*



DEUTZ-FAHR 5125

Alhliðavél sem skortir ekkert

Deutz Fahr 5125 er einstaklega skemmtileg vél sem við teljum að henti vel á hvert bú við íslenskar aðstæður. Hún er einstaklega vel búin, en meðal búnaðar má nefna:

3,6 l DEUTZ mótor - 126 hö	Stop&Go - hægt að kúpla með bremsu	Vökvastýrð handbremsa
Fjaðrandi framhásing	Stillanlegt átak á vendigír	Rafstýrt beisli
Dempun á húsi	2földun á stýrisdælu sem fækkar stýris-snúningum um helming.	3 tvöföld vökvaúrtök með stillanlegu flæði
Loftkæling	5 gíra kassi með 3 milligírum og kúplingsrofa í gírstöng	Dekkjastærð 440/65R28 að framan og 540/65R38 að aftan
90 l/mín vökvadæla	Hægt er að skipta milligírum á ámoksturstækjastöng	4 hraða aflúrtak (540/540E/1000/1000E)

Við bjóðum nú þessar fyrstu vélar á sérstöku kynningarverði:

DEUTZ-FAHR 5125 með ofangreindum búnaði ásamt STOLL FZ10 samlitum ámoksturstækjum með 3ja sviði, rafstýrðum dempara, vökvaskóflulás og 2,2m Heavy Duty skóflu

Kr. 9.950.000,- án VSK

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 121 IKR.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því **er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Nóg er skattlagt

Það er vinsæl klisja meðal stjórnmálamanna að ekki sé hægt að fara í nauðsynlega uppbyggingu á innviðum samfélagsins nema að leggja á aukna skatta. Í viðleitni við að sanna þessa kenningu hafa menn í gegnum tíðina farið í ótrúlegustu æfingar við nafngiftir á nýjum sköttum.

Nýjasta dæmið er kolefnisskattur á eldsneyti. Þar á að reyna að sækja ríflega þrjú þúsund og fimm hundruð milljónir í vasa bíleigenda á þessu ári til viðbótar um 70 milljarða skattlagningu sem þegar er lögð á þennan fjölbreytta þjóðfélagshóp. Samt er ljóst að kolefnisskatturinn verður ekki nýttur til að bygga upp innviði í úr sér gengnu og stórhættulegu vegakerfi landsins.

Duglegir ráðherrar og þingmenn sem ekki hafa fengið hljómgrunn fyrir því að fá aukið fé úr ríkissjóði til viðhalds og uppbyggingar vegakerfisins hafa líka talað um nauðsyn þess að leggja enn einn skattinn á notendur ökutækja í formi á vegatolla. Þar virðast þingmenn farnir að líta svo á að það sé sjálfsagt mál að eigendur og aðrir notendur bifreiða borgi hvað sem á þá er lagt umyrðalaust. Einnig, að engin þörf sé að skoða hvert allir þeir fjármunir sem teknir eru úr vösum þessa fólks fara í ríkishítinni.

Væri ekki ráð að skattaglaðir stjórnmálamenn fari aðeins að skoða sinn gang og hverju öll þessi skattlagning er að skila, eða öllu heldur ekki að skila?

Væri ekki skynsamlegt að rýna í tölur líkt og Félag íslenskra bifreiðaeigenda hefur gert?

Þar kemur í ljós að ef teknar eru saman tölur síðustu fjögurra ára um gjaldtöku af bílum og umferð og bætt við það áætluðum tölum um gjaldtökuna á yfirstandandi ári samkvæmt fjárlögum, þá er verið að tala um skattlagningu upp á rúma 330 milljarða króna. Af þessu hafa einungis verið notaðir 52 milljarðar í viðhald og uppbyggingu vega auk þess sem um 21 milljarður bætist við á þessu ári. Það þýðir að nær 258 milljarða króna skatttekjur eru ekki notaðar í viðhald og uppbyggingu vega á fimm ára tímabili. Samt eru allir sammála um að þar sé stórkostlegur skortur á fjárveitingum.

Miðað við alþjóðlegar reikniformúlur má ætla að kostnaður samfélagsins af slysum í umferðinni verði um 73 milljarðar króna á þessu ári. Það er nánast sama upphæð og verður innheimt af bíleigendum og umferð á sama tímabili. Hvernig væri að menn færu að velta fyrir sér hvort ekki megi lækka reikning heilbrigðiskerfisins verulega með því að fara í alvöru endurbætur og uppbyggingu vegakerfisins?

Það þarf ekki að skipa eina einustu nefnd á kostnað ríkisins til að finna það út að hvert slys er samfélaginu afar kostnaðarsamt. Hvert einasta dauðsfall í umferðinni er t.d. talið kosta nær 650 milljónir króna. Það er því alveg ljóst að með endurbótum á vegakerfinu er hægt að samtvinna marga þætti til að bæta okkar samfélag.

Það er hægt að draga úr þjáningum þeirra sem annars slasast og fækka þeim sem þurfa árlega að horfa á eftir ástvinum sínum farast á vígvelli vegakerfisins. Það er líka hægt að draga stórlega úr fjárþörf heilbrigðiskerfisins vegna glímu við algjörlega óþörf slys.

Umbætur á samgöngukerfinu munu stytta vegalengdir, draga úr eldsneytiseyðslu og mengun, lækka vöruverð vegna flutninga með tilheyrandi vísitöluáhrifum. Það mun einnig minnka kostnað bíleigenda vegna slits og tjóns á bílum. Það mun líka auka ánægju þeirra hundruð þúsunda, eða öllu heldur milljóna manna, sem ferðast nú árlega um landið á bílum.

Kæru þingmenn, ef þið getið fundið samfélagslega arðbærari leið í meðhöndlun skattpeninga en að ráðast í endurbætur á samgöngukerfi landsins, þá skulið þið endilega leggja þau spil á borðið. */HKr.*

Spjallað við bændur



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Bændasamtökin hafa nýlokið fundaferð um landið sem fjallað er ítarlegar um hér á opnunni. Það var ánægjulegt fyrir okkur sem störfum í forystu samtakanna að hitta nær 600 bændur á 18 fundum sem tókst að halda á aðeins fjórum dögum þrátt fyrir árstíma þar sem allra veðra er von.

Ég vil þakka öllum sem sóttu fundina og ræddu við okkur um það sem á þeim brennur og ég þakka einnig fulltrúum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins fyrir þeirra framlag. RML hefur nú starfað í fimm ár og ég tel að enginn þurfi að efast um það lengur að ákvörðunin um að sameina krafta ráðgjafarþjónustunnar var rétt.

Landbúnaður og loftslagmál

Það var áberandi á fundunum að bændur hafa áhyggjur af loftslagsmálum. Það er vaxandi þungi í umræðu um þessi mikilvægu mál í samfélaginu og núverandi ríkisstjórn hefur sett sér það markmið að gera Ísland kolefnishlutlaust árið 2040. Það er ekkert skrítið. Það sama er að gerast um allan heim enda eru loftslagsbreytingar eitt stærsta vandamál sem mannkynið fæst við nú um stundir. Hlýnun jarðar og sviptingar í veðurfari ógna lífsskilyrðum fjölda fólks og flestir leiðtogar í veröldinni eru sammála um að aðgerðir geta ekki beðið lengur. Samfélagið allt á Íslandi þarf að vera hluti af lausn þessara mála, þar með talið landbúnaðurinn.

Hins vegar má það ekki verða þannig að sú lausn verði bundin við eina töfralausn, þ.e. að moka ofan í skurði og láta svo gott heita. Það þarf víðtækari hugarfarsbreytingu. Umræðan hérlendis hefur svolítið þróast í þá átt að það eigi helst að horfa á skurðina enda séu þeir að valda langmestri losun. Það skal ekki dregið í efa að losun frá framræstu landi getur verið veruleg og vissulega var mikið af landi ræst fram hér á árum áður. Þeirra tíma áætlanir voru um að stórauka ræktun um land allt og auka landbúnaðarframleiðsluna verulega. Ekki urðu allar þær hugmyndir að veruleika og mörgum þessara skurða hefur aldrei verið haldið við. Þeir eru löngu hættir að þurrka upp land.

Aukum rannsóknir og bætum upplýsingar

Landið okkar er líka stórt og náttúrufar um margt ólíkt milli svæða. Til að ná betur utan um þetta þurfum við að bæta gögnin okkar verulega. Það hlýtur að vera munur á losun eftir ástandi skurða. Losun getur ekki verið sú sama frá nýframræstu landi og því sem var ræst fram 1950 með margfalt minni tækjum með skurðum sem aldrei hefur verið hreinsað upp úr síðan. Það getur líka verið munur eftir veðurfari. Losun frá framræslu verður þegar lífræn efni í jarðveginum rotna og það hlýtur að vera minna á svæðum þar sem frost er lengur í jörðu og þar fram eftir götunum.

Með því er alls ekki dregið úr því að endurheimt votlendis geti verið verulegur hluti af lausn Íslands í loftslagsmálum. Samkvæmt samþykktri stefnu Landssamtaka sauðfjárbænda eru hugmyndir þeirra um kolefnisjöfnun greinarinnar ekki síst byggðar á því að endurheimta votlendi. En við þurfum einfaldlega að setja mun meiri kraft í að bæta þau gögn sem núna eru að áætla losun frá framræstu landi, ekki síst þegar þau eru talin svona stór hluti af heildarlosun Íslands. Ég er sannfærður um að betri gögn munu sýna fram á að þetta er ofmetið í dag. Svo verður líka að nýta öll önnur verkfæri sem eru fyrir hendi. Það þarf að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka notkun endurnýjanlegrar orku. Það þarf að minnka sóun og auka landgræðslu og skógrækt. Þetta er allt nauðsynlegur hluti af því að minnka losun og auka bindingu. Bændur hafa þegar bundið verulega mikið kolefni í gegnum þátttöku sína í „Bændur græða landið“ og í bændaskógrækt. Umfang þess hefur ekki verið reiknað en það hófst löngu fyrir tíma kolefnisbókhaldsins. Það er hins vegar ekki aðalatriðið heldur það að lausnin í loftslagsmálum getur ekki skilað árangri nema að samfélagið í heild taki þátt. Aðeins þannig.

Markaðshyggja sett framar sjónarmiðum um lýðheilsu og búfjárheilsu

Á fundunum komu jafnframt fram verulegar áhyggjur af hugsanlegum áhrifum EFTA-dómsins sem féll í nóvember sl. og tollasamnings við ESB sem tekur gildi þann 1. maí næstkomandi. Það er rétt að þessi dómur var vonbrigði. Dómstóllinn setti markaðshyggjuna framar sjónarmiðum um lýðheilsu og búfjárheilsu. Okkar einstaka sjúkdómastaða verður ekki svo auðveldlega fengin aftur ef hún glatast og enn þarf að taka til varna í því máli með öllum þeim verkfærum sem í boði eru. Þetta mál er eitt það mikilvægasta sem samtök bænda þurfa nú að takast á við og þeirri baráttu er alls ekki lokið.

Fleiri mál til umræðu

Jafnframt var mikið rætt um stöðu sauðfjárræktarinnar. Um það hefur ítarlega verið fjallað hér, en fyrstu viðbrögð stjórnvalda komu með 665 m. kr. fjárveitingu sem samþykkt var í fjáraukalögum 2017. Það var sannarlega ánægjulegt að það náðist fram og sýnir að stjórnvöld gera sér grein fyrir alvarleika málsins. Útfærsla á þeim stuðningi sem nú er verið að greiða út er ákvörðun stjórnvalda og um hana var ekki samið við samtök bænda. Nú er hins vegar eftir að vinna að langtímalausn svo að staða sem þessi komi ekki upp aftur og vonandi næst lausn á því fljótt og vel.

Margt fleira kom upp, meðal annars félagsmál bænda. Afnám búnaðargjalds hefur þýtt miklar breytingar sem ekki er lokið. Bændur hafa skipað sér í mörg félög og mörgum þykir það kerfi flókið. Þó er það svo að enginn getur sagt öðrum fyrir um hvaða félög eigi að starfrækja. Það verður einfaldlega þannig að þau félög sem félagsmenn vilja halda úti munu starfa áfram en hin leggjast af. Breytingar verða líklegast einhverjar á næstu misserum en þær munu taka tíma. Að lokum vil ég ítreka þakkir fyrir góða fundi og óska lesendum ánægjulegs þorra.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Við Gunnuhver á Reykjanesi, Reykjanesviti í baksýn. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Nýliðnir bændafundir BÍ um allt land:

Uggur í bændum vegna innflutnings á hráu kjöti

– Kjaramál brenna á fólki og mikill áhugi á að ræða loftslagsmálin

Bændafundir fyrir félagsmenn Bændasamtakanna voru haldnir um allt land í síðustu viku. Alls voru fundarstaðirnir 18 talsins og tæplega 600 manns mættu til fundanna. Á dagskrá voru framsöguerindi frá forystufólki BÍ og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og umræður.

Bændablaðið var á fundi í Heimalandi þar sem meðfylgjandi myndir voru teknar. Í umræðum var áberandi að bændum stendur hreint ekki á sama um nýfallinn hráakjötsdóm EFTA- dómstólsins og þeir óttast verri afkomu og aukna tíðni dýrasjúkdóma í kjölfarið á meiri innflutningi. Margir kalla eftir kröftugra markaðsstarfi með íslenskar afurðir og nefna mikilvægi upprunamerkinga. Loftslagsmál voru víðast rædd og velta menn vöngum yfir því hvað kolefnisbinding og áherslur í þeim málaflokki þýða fyrir landbúnaðinn.



Samúel U. Eyjólfsson, bóndi í Bryðjuholti, velti því upp hvað það kostaði þjóðina þegar alvarlegar matarsýkingar verða hér á landi. Hann nefndi nýlegt dæmi þegar loka þurfti skólum á höfuðborgarsvæðinu síðsumars vegna magakveisu. Myndir / TB



Berglind Hilmarsdóttir, bóndi á Núpi III, þakkaði RML fyrir góða rekstrarráðgjöf en styrkleiki fyrirtækisins væri á því sviði. Hins vegar þyrfti að efla fóðurráðgjöf til muna því þar lægju mikil tækifæri. Það vantaði íslenskar rannsóknir og fleira menntað fólk á því sviði.



Systurnar Jóhanna Elín Gunnlaugsdóttir, bóndi í Stíflu, og Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, bóndi á Búlandi, mættu glaðbeittar í Heimaland. Guðný Halla sagði að það þyrfti að hefja framleiðsluvörur bænda á hærra plan og huga meira að því að fræða neytendur og efla markaðssetningu.

Fyrsta ár nýrra búvörusamninga að baki

Í framsöguerindi BÍ var fjallað vítt og breitt um fyrsta framkvæmdaár búvörusamninga. Þar kom m.a. fram að greiðslur úr nautgripasamningi námu 6,6 milljörðum á síðasta ári og úr sauðfjársamningi tæpum 5 milljörðum. Alls var 556 milljónum króna veitt í garðyrkjuna en þar af eru orkuniðurgreiðslur um 280 milljónir króna til 88 framleiðenda. Úr rammasamningi voru landgreiðslur 372 milljónir og ræktunarstyrkir um 250 milljónir króna. Nýliðunarstuðningur nam 129 milljónum króna en af 40 umsóknum fengu 24 nýliðar styrki, að meðaltali 5,4 milljónir króna hver.

Vantar iðnaðarmenn til sveita

176 umsóknir bárust um fjárfestingarstuðning á árinu 2017, 124 vegna endurbóta og 52 vegna nýframkvæmda. 100 aðilar uppfylltu styrkskilyrði en dæmi voru um að bændum hafi gengið illa að fá iðnaðarmenn og því ekki getað klárað þær framkvæmdir sem áætlaðar voru. Viðræður eru uppi við Matvælastofnun að gefa bændum rýmri tíma vegna þessa.

Fjórðungur af öllu kjöti flutt inn frá útlöndum

Fulltrúar BÍ ræddu um stöðu landbúnaðarins og þau mál sem eru efst á baugi þessi dægrin. Ber þar hæst kjaramál bænda, yfirvofandi innflutning á hráu kjöti og eggjum og tollamál. Fram kom í máli fulltrúa BÍ að um þessar mundir er um 25% af öllu kjöti í landinu flutt inn frá útlöndum.

Umræða um erfiða stöðu sauðfjárræktarinnar var rædd á þeim svæðum þar sem mikið er um sauðfé en minna annars staðar.

Félagsmenn BÍ um 3.400 talsins

Farið var yfir starfsemi BÍ og rekstur þeirra. Fram kom að samkvæmt félagatali eru nú um 3.400 bændur í samtökunum. Innheimta félagsgjalda, í stað búnðargjalds, var tekin upp á síðasta ári og gekk vel. Alls voru innheimt félagsgjöld að upphæð 87,5 milljónir króna, sem er um 62% af þeim tekjum sem samtökin höfðu áður af búnaðargjaldi. Athygli fundargesta var vakin á sérstöku félagsmannasvæði á Bændatorginu þar sem hægt er að fá margvíslegar upplýsingar, s.s. um ársreikninga, aðgang að fundargerðum og fleiru.

RML í fimm ár

Í erindi fulltrúa Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) var farið yfir starfsemina og helstu verkefni fram undan. RML hefur nú starfað í fimm ár og ýmislegt breyst á þeim tíma. Í byrjun voru verkefnin aðallega tengd búfjárrækt, jarðrækt og eftirliti og alls voru stöðugildin 50 talsins. Nú eru stöðugildin alls 39 og verkefnin hafa þróast og breyst. Tap var á rekstrinum fyrstu tvö árin en rekstrarafgangur næstu tvö. Nú er reksturinn í ágætis jafnvægi að sögn stjórnenda en töluverður niðurskurður er fram undan í framlögum hins opinbera. Fram kom í máli framsögumanna RML að þróunin er hröð í landbúnaðinum og mikilvægt fyrir bændur að nýta alla þá þekkingu sem mögulegt er til þess að bæta sinn rekstur.

Sagt var frá samningi sem RML gerði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið í fyrrasumar þar sem markmiðið er að meta umfang losunar gróðurhúsalofttegunda ásamt því að koma auga á leiðir til þess að draga úr losun frá búum í íslenskum landbúnaði.



Eggert Pálsson, bóndi á Kirkjulæk.



Gunnar Eiríksson og Eiríkur Blöndal voru fulltrúar BÍ á fundi í Heimalandi undir Eyjafjöllum. Runólfur Sigursveinsson sagði frá starfsemi RML.

Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, fór sjálfur á fimm fundi og sagði að það hefði verið gagnlegt að hitta bændur. „Varðandi loftslagsmálin þá virtist vera töluverður áhugi á þeim en maður skynjaði að umræðan hefur mikið snúist um það að endurheimt á mýrum sé svarið við öllum okkar vanda í þeim efnum og það fer ekkert sérstaklega vel í bændur. Það eru heldur ekki allir inni í því hvað felst í loftslagsmálunum og það þarf því að upplýsa betur. Landbúnaðurinn þarf nauðsynlega að koma meira að þessari umræðu og afla gagna," sagði Karvel.

Umræða um félagskerfi bænda

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, fór á fundi á Austurlandi og í Skaftafellssýslum. Hann sagði að umræðan hefði mikið snúist um loftslagsmálin, vanda sauðfjárræktarinnar, tollasamning og hráakjötsdóm EFTA-dómstólsins.

„Að öðru leyti var nokkuð rætt um félagskerfi bænda, reyndar þá mest hluti sem ekki eru á okkar valdi, þ.e. um hvað mörg félög eigi að vera og hvernig þau eigi að vera skipulögð. Ég hef alltaf svarað því þannig að það getur engin ákveðið örlög félags nema félagarnir sjálfir. Bændasamtökin geta ekki og vilja ekki miðstýra því," sagði Sigurður og bætti við að hann væri mjög sáttur við að fá nær 600 félagsmenn BÍ á bændafundi á þessum árstíma.

Kolefnisbinding og sauðfjárrækt

Einar Ófeigur Björnsson, stjórnarmaður í BÍ og bóndi í Lóni II í Kelduhverfi, sagði að tvennt hefði staðið upp úr á þeim fundum sem hann hefði farið á. Það væri umræðan um kolefnisbindingu og um aðgerðir vegna stöðunnar í sauðfjárræktinni.

„Sérstaklega eru menn tortryggnir á þessar hugmyndir um að moka ofan í skurði og telja margt órannsakað þar, sem er eflaust rétt. Hvað varðar sauðfjármálin þá bar hæst áhyggjur bænda af því hver framtíð þeirra verður. Ég var spurður á tveimur fundum hvort við værum búnir að fá verð hjá afurðastöðvum fyrir haustið. Reglur um svæðisbundinn stuðning voru gagnrýndar enda umdeildar og á Ísafirði og Barðaströnd komu fram áhyggjur af því hvort sláturleyfishafar mundu hætta að flutningsjafna kostnað við fjárflutninga. Á Ísafirði var mikið rætt um sláturleyfishafa og samskipti við þá sem alla vega einn fundarmaður taldi að væru í ólestri. Það voru spurningar um stefnu BÍ við endurskoðun búvörusamninga og spurningar um hvort koma þyrfti á framleiðslustýringu."

Einar Ófeigur sagði bændur vilja leggja enn meiri þunga í kynningu á íslenskum mat og að koma kjöti í stóreldhús. Þá sagði hann að lítið hefði verið um spurningar og vangaveltur um mjólkurframleiðsluna. „Hrákjötsmálið og tollamálin voru til umræðu og þá helst að við þyrftum að standa okkur betur í að verjast í þeim efnum." */TB*

MÆLT AF MUNNI FRAM

194

Höskuldur frá Vatnshorni í Skorradal átti lungann af vísum síðasta þáttar. Því er vel við hæfi, að góðvinur Höskuldar, **Sigurður Jónsson** frá Brún í Svartárdal, fái rúm fyrir lausavísur sínar í þessum þætti. Kvonfang sitt sótti Sigurður að Belgsá í Fnjóskadal, og dvaldi þar um nokkurra ára bil. Sigurður var ferðagarpur mikill og var oftsinnis fylgdarmaður rannsóknar- og vísindamanna um óbyggðir Íslands. Lengst sinnar ævi stundaði hann barnakennslu víða um land. Hestamaður var Sigurður mikill, og því verður fyrst fyrir að birta hestavísur hans:

Fola valinn ég hér á
um sem talar þjóðin.
Grip þann alið hefur há
heimabala gróðinn.

Fetar létt um for og urð,
fjölda spretta gefur.
Fiman, réttan fótaburð
folinn glettinn hefur.

Tekur sprettinn, treður svörðinn,
teygir skrokkinn.
Skelfur eftir örótt jörðin
eldi stokkin.

Nú hefur ellin lagst á lung,
limi dróma vafið.
Þó er lundin eilíft ung
ör og djúp sem hafið.

Enn þú vekur aldinn sið
öðrum skepnum betur.
Hnakkurinn er mér heimilið.
Hryggurinn óðalssetur.

Þó að ráð ei náist nein
nú í bráð á flösku,
fyrr var áð við Staupastein
stundum gáð í tösku.

Eftir **Ólínu Jónasdóttur** látna orti **Sigurður** næstu vísur:

Þó að ending gröf sé gist
geymast kenndir fornar.
Eftir stendur ljóðalist
lögð í hendingarnar.

Færð var glóð í fagran hátt
fram að hljóðu kveldi.
Hefur góðan þrotið þátt
því í ljóðaveldi.

Endar saga. Ævin þver,
óminn braga skarðar.
Heiðra laga hljóðnuð er
harpan Skagafjarðar.

Um sjálfan sig orti **Sigurður** margar vísur, og gerði þá gjarnan hlut sinn heldur smáan:

Þungan flakkar þrautastig,
þrýtur blakka reiðar.
Leggur hnakk á sjálfan sig
síðan pjakkar heiðar.

Frost á velli vinnur mein.
Vetrar gellur þruma.
Bliknuð fellir blöð af grein
björkin ellihruma.

Kólnar inni. Kólna hót,
krap á sinnis vökum.
Helst þá finnur hrakningsbót
hugur minn í stökum.

Frá mér rangla árin ung,
ekki gangi breyta.
Ýstran hangir ofan í pung,
allt vill þangað leita.

Svo minkar ferðagleðin og ellin vitjar skáldsins:

Kært er mér að finna frið.
Fjarar gleði og máttur.
Líka er ég lífið við
löngu orðinn sáttur.

Þessi vísa er talin síðasta vísa **Sigurðar** frá Brún:

Hniginn virðist hróðurinn,
hart að ljúka göngu.
Örvita í annað sinn
orðinn fyrir löngu.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR



Hátt í tíu milljón varphænsnum hefur þegar verið slátrað vegna fuglaflensunnar og verður mörgum tugum milljóna slátrað í framhaldinu.

Fuglaflensa í Íran:

100 milljón varphænur smitaðar af fuglaflensu



Samkvæmt nýlegri frétt á íranska vefmiðlinum Financial Tribuna hafa yfir 100 milljón varphænur í öllu landinu smitast af banvænum stofni fuglaflensu, H5N8. Sýkingin hefur breiðst hratt út og tjón af henni gríðarlegt.

Sýkingin í Íran nær eingöngu til varphænsna og hefur ekki smitast út til kjúklinga til kjötframleiðslu. Helsta ástæða þessa er sögð vera að kjúklingum til kjötframleiðslu er slátrað mun yngri en varpfuglum til eggjaframleiðslu. Auk þess sem sagt er að varpfuglar séu ekki eins heilsuhraustir og fuglar til kjötframleiðslu og því hætta á smiti meiri.

Hátt í tíu milljón varphænsnum hefur þegar verið slátrað vegna sýkingarinnar og verður mörgum tugum milljóna slátrað í framhaldinu.

Bætur til bænda

Stjórnvöld í Íran hafa fram til þessa greitt kjúklingabændun í landinu um 28 milljón bandaríkjadali, eða tæpa þrjá milljarða íslenskra króna, til að bæta þeim tjónið. Til stendur að greiða bændum um 18,5 milljón bandaríkjadali, tæpleg tvo milljarða íslenskra króna, til viðbótar til að tryggja afkomu þeirra.

Gríðarlegt tjón

Þrátt fyrir mikla útbreiðslu H5N8 fuglaflensuvírussins og að hann sé bannvænn hænsnfuglum er ekki talin mikil hætta á að hann smitist í menn enn sem komið er.

Tjón vegna sýkingarinnar í Íran er sagt nema 477 milljónum bandaríkjadala, eða sem samsvarar tæplega 50 milljörðum íslenskra króna, fram til þessa. Meðal annars vegna aukins innflutnings á eggjum til landsins. */VH*

Ríkið til móts við vandann í sauðfjárrækt:

Ákvæði um aukinn stuðning

– 550 millj. í viðbótargreiðslur og svæðisstuðning

Tvö ákvæði til bráðabirgða, sem ætlað er að styðja við sauðfjárbændur, bættust við reglugerð 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt með útgáfu reglugerðar í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 16. janúar síðastliðinn.

Er þeim ætlað annars vegar að draga úr kjaraskerðingu sauðfjárbænda á árinu 2018 fyrir dilkakjötsframleiðslu ársins 2017 og hins vegar er um að ræða viðbótargreiðslu vegna svæðisbundins stuðnings árið 2018.

Til fyrra verkefnisins verður varið 400 milljónum króna samkvæmt fjáraukalögum 2017 og er um einskiptisaðgerð að ræða. Í reglugerðinni segir: „Rétthafar greiðslu eru þeir framleiðendur sem uppfylla ákvæði 3. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt, hafa átt 151 vetrarfóðraða kind eða fleiri á haustskýrslu 2016 í Bústofni og eru innleggjendur dilkakjöts í afurðastöð á framleiðsluárinu 2017. Greiðslur miðast við innlagt dilkakjöt á framleiðsluárinu 2017 og deilist heildarstyrkupphæð á allt innlagt dilkakjöt þeirra innleggjenda sem eiga rétt á greiðslum samkvæmt ofangreindum skilyrðum. Matvælastofnun annast umsýslu greiðslunnar.“



Svæðisbundinn stuðningur nemur 150 milljónum króna

Viðbótargreiðslur vegna svæðisbundins stuðnings nema 150 milljónum króna og skiptast á milli bænda sem voru rétthafar svæðisbundins stuðnings á síðasta ári samkvæmt ákvæðum þágildandi reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Matvælastofnun annast umsýslu með greiðslum. */ smh*



Alifuglabúum á Englandi hefur verið skylt að gæta ýtrustu sóttvarna til að koma í veg fyrir hugsanlega fuglaflensu í alifugla úr villtum fuglum.

Mikill viðbúnaður vegna fuglaflensu á Englandi:

Varnasvæði stækkar og nær til alls landsins

Yfirdýralæknir á Englandi hefur ákveðið að England eins og það leggur sig skuli vera eitt varnarsvæði vegna hættu á fuglaflensu. Alifuglabændur skulu samkvæmt lögum fara eftir ýtrustu reglum hvað varðar varnir gegn fuglaflensu í landinu.

Ákvörðunin kemur í framhaldi af því að undanfarnar vikur hafa að minnsta kosti þrettán villtir fuglar fundist dauðir af völdum fuglaflensu H5N6 og sýnt hefur verið fram að rúmlega þrjátíu aðrir séu sýktir. Það að svo margir villtir fuglar séu sýktir eykur gríðarlega hættuna á að flensan breiðist hratt út og geti borist í alfuglabú.

Talið er að fuglaflensan hafi borist til Englands með farfuglum frá Evrópu þar sem flensan hefur fundist í fjölda villtra fugla undanfarna mánuði.

Miklar öryggisráðstafanir

Reglurnar um varnir gegn fuglaflensunni ná til allra sem halda alifugla en bú með yfir 500 fugla þurfa að gera aukalegar ráðstafanir. Gæta verður þess að enginn óviðkomandi fái aðgang að búunum, að skipt sé um fatnað áður en farið er inn til fuglanna eða vinnusvæði sem tengist þeim og að ökutæki séu sótthreinsuð áður en þau yfirgefa bú.

Tilkynna skal dauða fugla

Eigendum alifugla er skylt að tilkynna dauða fugla sem gæti orsakast af flensunni og almenningur er einnig beðinn að tilkynna fund á dauðum fuglum í náttúrunni.

Smitandi en ekki talin hættuleg fólki

Ekki er talið enn sem komið er að flensan sé hættuleg fólki en samt sem áður er talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hún berist í alifugla til manneldis þar sem vírusinn sem flensunni veldur er bráðsmitandi. */VH*

Sérgreinadýralæknir útilokar ekki að fuglaflensa berist til Íslands:

Getur borist til landsins með farfuglum

– Bakgarðahænur í mestri hættu

Ekki er útilokað að fuglaflensa berist til landsins með farfuglum og smitist í alifugla. Takmörkuð útiganga alifugla hér á landi dregur mikið úr hættunni á smiti. Bakgarðahænur eru í mestri hættu.

Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir hafa heyrt um fyrirætlanir yfirdýralæknis á Englandi fyrir tæpum mánuði um að hugsanlegt væri að Bretland yrði gert að einu varnarsvæði. Um miðjan janúar ákváðu bresk yfirvöld að hækka viðbúnaðarstig vegna alvarlegs afbrigðis fuglaflensu og eftir 18. janúar þurfa allir alifuglar og aðrir fuglar í haldi manna að vera haldnir undir bættum smitvörnum.

Ástæða aðgerðanna er greining á alvarlegu afbrigði fuglaflensu í villtum fuglum í Bretlandi og annars staðar í Evrópu.

„Fuglaflensan í vetur er ekki nærri eins útbreidd og í fyrravetur, með mun færri greiningum í villtum fuglum. Á þessu ári hefur hún komið upp í einu tilviki í Þýskalandi og í tveimur tilvikum í Bretlandi.

Í dag er smithætta fyrir alifugla hérlendis lítil og er ekki talin ástæða til að grípa til frekari aðgerða. En eigendur fugla eru alltaf hvattir til að gæta að góðum smitvörnum og að tilkynna óeðlileg einkenni eða dauðsföll til Matvælastofnunar.“



Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun.

Smit með farfuglum mögulegt

Brigitte segir hugsanlegt að fuglaflensan geti borist til Íslands með farfuglum í vor og að við verðum að vera vel á verði gagnvart hugsanlegri sýkingu í alifuglum að hennar völdum. Til þess mun hópur sérfræðinga, sem var stofnaður í fyrra, meta smithættu vegna fuglaflensu í vetur áður en farfuglatímabilið hefst. Hann mun leggja til aðgerðir til ráðuneytisins, eftir þörfum, eins og hefur verið gert undanfarið.

„Ekki hefur verið ákveðið hvort sýni verða tekin úr heilbrigðum villtum fuglum, en líkt og á síðasta ári munum við biðja almenning að senda okkur tilkynningu um dauða fugla og rannsaka þá ef þurfa þykir.“

Bakgarðahænur í mestri hættu

Brigitte segir að lítið sé um að alifuglar á Íslandi gangi úti og því minni hætta á smiti en fyrir alifugla víða erlendis sem hafa aðgang að útisvæði.

„Mesta hættan á smiti hér tengist bakgarðahænum sem ganga frjálsar utandyra eða ganga í litlum og illa vörðum opnum rýmum og lélegum smitvörnum.

Ef smithætta eykst og viðbúnaðarstig vegna fuglaflensu hækkar gæti því reynst nauðsynlegt að loka þær inni, að minnsta kosti tímabundið.“

Lítil smithætta hér að landi

Brigitte segir að heilt yfir sé smithætta lítil fyrir alifugla í atvinnuskyni á Íslandi vegna fuglaflensu. „Hér eru sárafá kjúklingabú þar sem fuglarnir komast út og ef nauðsyn krefur er hægt að koma í veg fyrir útigöngu alifugla með litlum fyrirvara ef með þarf.“ */VH*

Yara selenbættur áburður:

Til að bæta heilbrigði

Jarðvegur er víða selensnauður. Notkun á Yara selenbættum áburði er hagstæðasta leiðin til þess að auka selenmagn í gróffóðri. Með selengjöf í gegnum hey eða beit fær búfé selenið í lífrænum samböndum sem nýtist betur en ólífrænt selen úr steinefnablöndum eða lyfjum. Heyefnaniðurstöður hjá bændum sem hafa borið á selenbættan Yara áburð staðfesta með óyggjandi hætti góða selenstöðu gróffóðursins.

Hver er selenstaðan í þínu heyi?



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is

FRÉTTIR



Það er mikið af holum í veginum á Biskupstungnabrautinni og hún mjög illa farin á mörgum köflum eins og þessi mynd sýnir glöggt. Starfsmenn Vegagerðarinnar reyna að gera sitt besta til að bæta malbiki í holurnar sem myndast en það dugar skammt. Mynd / Grétar Einarsson

Biskupstungnabrautin meira og minna ónýt vegna mikils álags

„Biskupstungnabrautin er fjársvelt og allt viðhald sem sett er í hana er í algjöru lágmarki. Það er alltaf verið að setja einhverja plástra hér og þar og þeir duga engan veginn. Við erum búin að benda á þetta í mörg ár en lítil viðbrögð fengið," segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar.

„Við ályktuðum á síðasta ári að það þyrfti jafnvel að lækka hámarkshraðann á vegum í sveitarfélaginu, ástandið væri þannig að hættulegt væri að beina allri þessari hröðu umferð á ákveðna staði."

Gríðarleg umferð er um veginn alla daga ársins, mest ferðamenn sem eru að fara á Gullfoss og Geysi.

„Ég hef miklar áhyggjur af vorinu þegar frost fer að fara úr jörðu, þá er ég hræddur um að ástandið verði skelfilegt og að þá verði beinlínis varhugavert að fara um ákveðna vegi, m.a Biskupstungnabrautina. Það hafa orðið slys sem beinlínis má rekja til ástands vega á svæðinu, hversu lengi á að bíða? Það þurfti t.d. tvö banaslys við Borg í Grímsnesi áður en hringtorgið kom, það verður að bregðast við áður en slysin verða," bætir Helgi við. /MHH

Matvælastofnun:

Íslenskt lambakjöt skráð sem verndað afurðaheiti

Markaðsráð kindakjöts sótti um vernd fyrir afurðaheitið Íslenskt lambakjöt/Icelandic lamb í nóvember á síðasta ári og hefur Matvælastofnun samþykkt slíka skráningu.

Sótt var um á grundvelli laga frá 2014 um vernd afurðaheita sem geta vísað til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu – og er í tilviki Markaðsráðs kindakjöts sótt um vernd sem vísar til uppruna afurðanna.

Tilgangur laganna er að vernda afurðaheiti til að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Íslensku lögin taka mið af reglugerð Evrópusambandsins um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli.

Sóst verður eftir sambærilegri vernd afurðaheitisins í Evrópusambandinu ásamt viðeigandi vottunarmerki.

Andmælum hafnað

Einar Thorlacius, lögfræðingur hjá Matvælastofnun, segir að ein andmæli hafi borist vegna umsóknarinnar, frá Ferskum kjötvörum. Matvælastofnun hafnaði þeim andmælum en hægt er að kæra þá ákvörðun til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins þegar skráningin hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, sem að sögn Einars verður á allra næstu dögum.

Vernd afurðaheita með vísun til uppruna

Í fjórðu grein laga um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, kemur eftirfarandi fram um skilyrði verndar sem vísar til uppruna.

„Heimilt er að veita afurðaheiti, sem vísar til uppruna, vernd á grundvelli skráningar samkvæmt lögum þessum ef öll eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

A, ef afurðin er upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi,

B, ef rekja má gæði eða eiginleika afurðar, verulega eða að öllu leyti, til staðhátta, að meðtöldum náttúrulegum og mannlegum þáttum.

C, ef framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla afurðar fer fram á hinu skilgreinda landsvæði. /smh

Fjárfestar sjá tækifæri í miklum vexti kannabisræktunar í heiminum:

„Eðlilegt að skoða möguleikana á ræktun kannabis til útflutnings"

Gríðarlegur vöxtur er í framleiðslu á kannabis í heiminum í dag, bæði í lækningaskyni og til einkanota. Fyrirtæki í Kanada eru leiðandi í framleiðslunni í Norður-Ameríku. Íslenskur fjárfestir segir óeðlilegt ef menn skoði ekki möguleikann á þessari ræktun hér á landi til útflutnings.

Árni Þór Árnason, fjárfestir og fyrrverandi framkvæmdastjóri Austurbakka hf., þekkir vel til viðskipta, bæði innflutnings og fjárfestinga. Austurbakki, sem var stærsta heildverslun landsins, fór á markað árið 2000 og Árni seldi sinn hlut í fyrirtækinu árið 2005. Hann er einn af stofnendum Agris sem reyndi fyrir sér með leyfisframleiðslu á skyri erlendis með ágætum árangri. Eftir að Árni seldi sinn hlut í Agris hefur hann fengist við annars konar nýsköpun og fjárfestingar bæði hér heima og erlendis.



Árni Þór Árnason. Mynd/ VH

Ævintýralegur vöxtur

„Vöxturinn í greininni er ævintýralegur í dag og tekjumöguleikarnir miklir en þeir eiga örugglega eftir að dragast sama eftir því sem framleiðslan eykst.

Það sem þarf til að rækta kannabis er vatn og rafmagn. Við höfum nóg af hvoru tveggja og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við getum ræktað kannabis til útflutnings í stórum stíl hér á landi.

Landbúnaður á Íslandi í dag á í erfiðleikum og ræktun á kannabis er að mínu mati góð leið til að efla hann," segir Árni.

Úr bitcoin í kannabis

Meðal þess sem Árni hefur verið að fjárfesta í er kannabisframleiðslufyrirtæki í Kanada. „Heimurinn er alltaf að breytast og sem fjárfestir reyni ég að fylgjast með því sem er að gerast. Í gegnum Austurbakka hf. flutti ég inn meðal annars lækningavörur, lyf, vín og iðnaðarvörur og í fyrra prófaði ég aðeins bitcoin en hætti því fljótlega og setti ágóðann af því í að fjárfesta í kannabisframleiðendum í Kanada."

Árni segir að fjárfestingin hafi reynst vel og fjór- eða fimmfaldast á einu ári í þremur stærstu fyrirtækjunum. Fyrirtækin heita Canopy Growth, Aurora og Aphria og eru öll á markaði.

Í sjálfu sér hef ég engan áhuga á kannabis og hef ekki prófað það en ég les fjárfestingafréttir og fæ upplýsingar um áhugaverðar fjárfestingar. Hvað kannabis varða sá ég að þar var eitthvað áhugavert í gangi. Í dag hafa um 60% Bandaríkjamanna í 28 ríkjum aðgang að löglegu kannabis, ýmist til lækninga eða einkaneyslu.

Kolóradó-ríki er komið lengst í lögleiðingu kannabis í Bandaríkjunum og fyrsta árið, 2014, sem kannabis var leyfilegt þar til einkanota fékk ríkið um eina milljón dollara í skatttekjur af sölu þess. Í mínum huga og flestra annarra er það borðleggjandi að hið opinbera hagnist af sölunni frekar en einhver glæpastarfsemi."

Stórfelld framleiðsluaukning

„Í dag framleiða þrjú stærstu kannabisræktunarfyrirtækin í Kanada um 40 tonn á ári og eru með áform um að auka framleiðsluna stórlega á næstu árum. Eitt af þessum kanadísku fyrirtækjum var að setja upp skrifstofu í Danmörku með Norðurlanda-umboð og þar er verið að reisa stórt gróðurhús í Óðinsvé til að rækta kannabis í lækningaskyni. Þýski og spænski markaðurinn hafa líka opnast.

Eitt af stóru vínfyrirtækjunum í heiminum, Constellation Brands, sem á meðal annars Corona-bjór, fjárfesti fyrir skömmu í stærsta kannabisfyrirtækinu í Kanada, Canopy Growth. Mér skilst að þeir séu einnig að velta fyrir sér að setja á markað einhvers konar kannabisbjór."

Árni segir að í sjálfu sér sé ekki flókið fyrir fólk sem hefur áhuga á fjárfestingum að sjá að í dag borgar sig að fjárfesta í kannabisframleiðslu, hvað svo sem fólki kann að finnast um kannabis sem slíkt. Það er hægt að fjárfesta í vopnaframleiðslufyrirtækjum, vínfyrirtækjum, sígarettufyrirtækjum, spilavítum, svo eitthvað af svokölluðum „sin stocks" sé nefnt.

„Sjúklingar, til dæmis með alvarlegt krabbamein, segja að kannabisolía og töflur reynist þeim mun betur til að lina þjáningar þeirra en þau ópíumlyf sem eru lögleg og ávísað er af læknum. Í Bretlandi er meira að segja ávísað heróíni til að lina þjáningar en þar er kannabis ólöglegt og svo maður tali nú ekki um ópíumóðavæðinguna sem gengur yfir í Bandaríkjunum."

Ræktað til útflutnings

„Vöxturinn í kannabisframleiðslu í heiminum í dag er nánast á byrjunarstigi. Fyrirtæki í Kanada, sem er að framleiða tæp níu tonn í dag eins og Aurora, hefur uppi áform um að bæta við aðstöðu til að rækta 100 þúsund tonn á ári. Ástralir eru til dæmis í startholunum í að hefja framleiðslu.

Ég hef aðeins grennslast fyrir um gæða kannabis sem ræktað er ólöglega á Íslandi hjá lögreglunni og mér er sagt að framleiðslan sé mjög góð.

Við í nýsköpunargeiranum höfum stundum haft í flimtingum að kannabisræktun á Íslandi sé nýsköpun sem hefur heppnast vel en sé á sama tíma ólögleg og gerð upptæk."

Gríðarlegt eftirlit og miklar tekjur

„Ræktun af þessu tagi fylgir gríðarlegt eftirlit. Bæði hvað varðar gæði framleiðslunnar og að ekkert glatist við framleiðsluna sem ekki á að fara úr húsi. Í Kanada er fleiri hundruð fyrirtækjum á ári neitað um leyfi til að framleiða kannabis þar sem þau standast ekki gæða- eða öryggiskröfur.

Satt best að segja þykir mér óeðlilegt ef menn skoði ekki möguleikann á þessari ræktun hér á landi og selt það sem Pure Icelandic," segir Árni og hlær.

„Á sama tíma og greiddur er skattur af hagnaðinum við framleiðsluna er um gjaldeyrisöflun að ræða. Tekjurnar af framleiðslunni gætu verið gríðarlegar ef vel tekst til og ekki veitir af að auka tekjur ríkissjóðs hér á landi og til dæmis bæta skólakerfið og aðstöðu eldra fólks." /VH

Samtök ungra bænda segja ráðherra hafna víðu samráði

Samtök ungra bænda (SUB) gagnrýna harðlega þá ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristjáns Þórs Júlíussonar, að leysa upp samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga. Þess í stað verður skipaður nýr samráðshópur þar sem fækkað er um nærri helming í hópnum.

Í ályktun sem stjórn SUB samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2018 segir m.a. að með þessu sé víðtæku samráði hafnað og þess í stað horfið til fortíðar þar sem fáir komi að borðinu. Hvorki er hafður með fulltrúi úr umhverfisráðuneytinu, sem á þó marga snertifleti með landbúnaðinum, né heldur frá ungum bændum sem lengst þurfa að búa eftir þeirri stefnu sem mörkuð er núna.

Samtök ungra bænda skora á ráðherra að endurskoða þessa ákvörðun og halda stærð hópsins óbreyttri svo hann geti staðið undir nafni sem samráðshópur.

Ályktun stjórnar Samtaka ungra bænda sem samþykkt var á fundi 18. janúar 2018:

„Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, hefur með ákvörðun sinni um að skipa upp á nýtt í endurskoðunarnefnd búvörusamninga hafnað því að víðtækt samráð skuli viðhaft við endurskoðunina. Þess í stað á nú að fækka um helming í nefndinni og hverfa aftur til fortíðar þar sem fáir koma að borðinu. Ráðherra hverfur því frá þeirri stefnu að ná skuli víðtækri sátt og skilning margra aðila um búvörusamninga. Hvorki er hafður með fulltrúi úr umhverfisráðuneytinu, sem á þó marga snertifleti með landbúnaðinum, né heldur frá ungum bændum sem lengst þurfa að búa eftir þeirri stefnu sem mörkuð er núna.

Samtök ungra bænda mótmæla þessari stefnubreytingu ráðherra og harma að ekkert samráð skuli hafa verið haft við samtökin áður en ákvörðun var tekin um upplausn hópsins. Skorað er á ráðherra að endurskoða þessa ákvörðun og halda stærð hópsins óbreyttri svo hann geti staðið undir nafni sem samráðshópur." /VH

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu





24,3 fm

GRUNNHÚS
Verð m/vsk
2.490.000 kr.
Ef um 3 hús eða fleiri er að ræða gerum við sértilboð.

Jöklahúsin er vel hægt að útfæra í ýmsum útfærslum og þau bjóða upp á fjölmarga möguleika í samsetningu og stærð.





Öll Jöklahúsin eru stækkanleg

Jöklahúsin hafa fengið afar góðar viðtökur hjá ferðaþjónustu-aðilum á Íslandi og má finna þau um allt land í ýmsum útfærslum.

Vorpantanir 2018 í fullum gangi!

Ef þú vilt fá hús afhent í vor þá er núna góður tími til að panta.

- Opið fyrir pantanir í næstu sendingu fram til 1. febrúar.

Afhending 15. apríl

NÝTT

JÖKLAR - BÍLSKÚR



STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

NJARÐARNES 4

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

252
br 60 x h 50 frá sökkli



sökkull 80x35x10
Svartur - 185 þúsund með grafskrift

SÉRTILBOÐ
janúar og febrúar
FRÍ SENDING UM ALLT LAND

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
Svartur - 240 þúsund með grafskrift

252
br 60 x h 50 frá sökkli



Sökkull 80x35x10
Grár - 159 þúsund með grafskrift

Nýuppfærð heimasíða - minnismerki.is - mikið úrval og góð verð

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTIR

Skiptar skoðanir um vindmyllugarð í Dalabyggð

– Hugmynd Stormorku gerir ráð fyrir 30–40 vindmyllum upp á 3 til 5 megawött sem framleiði samtals allt að 130 megavött

Sjóðstýringarfyrirtækið GAMMA hefur verið í sambandi við sveitarstjórnina í Dalabyggð vegna áhuga á að koma að rafmagnsframleiðslu með vindorku í byggðarlaginu. Á bak við þessi áform stendur m.a. fyrirtækið Stormorka. Þegar er búið að setja í gang vinnu við breytingar á skipulagi Dalabyggðar og var málið rætt á íbúafundi í Dalabúð í gær, miðvikudaginn 24. janúar.

Mjög skiptar skoðanir eru um uppbyggingu á vindmyllum í héraðinu. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins eru m.a. eigendur jarða á svæðinu ekki allir sáttir við að verið sé að breyta ósnortinni náttúru í raforkuframleiðslusvæði með verulegri sjónmengun af gríðarmiklum vindmylluskógi. Þá hefur verið gagnrýnt að gengið hafi verið framhjá fulltrúum í umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins við undirbúning að breyttu aðalskipulagi.

Fyrsta skrefið er að auglýsa lýsingu á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, sagði í samtali við Bændablaðið að sveitarstjórn hafi samþykkt að hefja þessa umræðu og þar sé málið statt í dag.


„Til að að hefja umræðuna var ákveðið að að skoða breytingarferli á aðalskipulagi. Fyrsta skrefið er að auglýsa lýsingu á fyrirhuguðum breytingum eða áform um að fara í þessar breytingar og þessa stundina er verið að taka við umsögnum og athugasemdum um lýsinguna á breytingunum. Í því ferli er ætlunin að gefa hagsmunaaðilum færi á að koma að umsögnum og athugasemdum í upphafi máls áður en búið er að leggja í of mikla vinnu.

Síðan er næsta skref hjá umhverfis- og skipulagsnefnd og sveitarstjórn að yfirfara umsagnirnar og taka ákvörðun um hvort málið sé hæft í að halda áfram eða hvort við verðum að staldra við og afla frekari gagna eða hvort lengra verði ekki haldið.“

Sveinn segir að viðbrögð íbúa sveitarfélagsins við áformunum séu eins og við megi búast. „Margir sjá í þessu tækifæri fyrir sveitarfélag sem hefur átt við atvinnuleysi og fólksfækkun að stríða en aðrir leggjast gegn áformunum.“

Stormorka keypti land undir vindmyllugarð

Þrjú félög munu hafa áhuga á að reisa vindmyllur í Dalabyggð. Þar er félagið Stormorka komið lengst og áformar félagið að reisa 30 til 40 vindmyllur. Það fyrirtæki er í eigu bræðranna Magnúsar og Sigurðar Jóhannessona. Hefur fyrirtækið fest kaup á 1.700 hektara jörð á Hróðnýjarstöðum þar sem áformað er að reisa 30 til 40 vindmyllur. Munu þær hver um sig verða með 3 til 5 megawatta (MW) framleiðslugetu í uppsettu afli og eiga þær samtals að geta framleitt 130 MW af raforku. Verða þessar vindmyllur talsvert stærri en tvær vindmyllur Landsvirkjunar ofan við Búrfell sem eru hvor um sig með 0,9 MW uppsett afl og eru 77 metra háar miðað við spaða í efstu stöðu.



Sveinn Pálsson segir að samkvæmt þeim gögnum sem hann hafi geti hæð turna hverrar vindmyllu í Dalabyggð verið allt að 120 metrar og 180 metrar með spaðablöðum í efstu stöðu, en að hæðin verði endanlega ákveðin eftir vindmælingum.

Í haust undirrituðu fulltrúar fyrirtækisins og sveitarfélagsins vilja- og samstarfsyfirlýsingu vegna áformanna. Búið er að auglýsa skipulags- og matlýsingu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem gert er ráð fyrir vindorkugarði.

Samkvæmt frétt RÚV hafa bræðurnir verið að ræða við mögulega kaupendur á raforkunni en ekkert mun þó vera frágengið í þeim efnum.

/HKr. /VH

Framleiðsla á kindakjöti jókst töluvert á síðasta ári og innanlandssalan jókst einnig:

Birgðir af kindakjöti um áramótin voru þúsund tonnum minni en árið á undan

– Hafa ekki verið minni kindakjötsbirgðir í landinu í 6 ár og útflutningur hefur heldur aldrei verið meiri

Mikil umræða var á síðastliðnu hausti um umframbirgðir á kindakjöti í landinu. Samkvæmt tölum Matvælastofnunar hefur þó orðið gjörbreyting á stöðunni og birgðir um árslok hafa ekki verið minni síðan 2011. Skýrist það bæði af aukinni innanlandssölu, en þó aðallega af stórauknum útflutningi.



Framleiðsla á kindakjöti jókst í heildina um 244 tonn árið 2017 miðað við árið á undan, samkvæmt tölum Matvælastofnunar. Þetta er 2,4% aukning. Mestu munar um að þriðjungi meira var slátrað af ám og veturgömlu síðasta haust en árið 2016. Framleiðsla á lambakjöti dróst hins vegar saman um 77 tonn, eða 0,8%.

Birgðir þær minnstu síðan 2011

Birgðir kindakjöts um áramót hafa ekki verið minni síðan í árslok 2011. Voru birgðirnar nú 14,8% minni en áramótin 2016. Fóru þær úr því að vera 6.754 tonn 31. desember 2016 í að vera 5.751 tonn 31. desember 2017. Þarna munar 1.003 tonnum sem birgðirnar voru minni en árið á undan.

Framleiðsla á kindakjöti jókst í heildina um 244 tonn árið 2017 miðað við árið á undan samkvæmt tölum Matvælastofnunar. Þetta er 2,4% aukning.

Mestu munar um að þriðjungi meira var slátrað af ám og veturgömlu síðasta haust en árið 2016. Framleiðsla á lambakjöti dróst hins vegar saman um 77 tonn, eða 0,8%.

Um 13% minni dilkakjötsbirgðir

Sé eingöngu horft á dilkakjötið voru birgðirnar um síðustu áramót 5.292 tonn en áramótin á undan voru þær 6.077 tonn. Þarna munar 785 tonnum sem þýðir að dilkakjötsbirgðirnar voru 12,9% minni.

Áframhaldandi söluaukning innanlands

Eftir samdrátt í sölu á kindakjöti innanlands jókst salan um 4,3% 2016 og um 3,5% árið 2017. Samanlagt þýðir þetta að sala ársins 2017 var um 514 tonnum meiri en árið 2015. Sé eingöngu horft á dilkakjötið jókst salan um 4,3% árið 2016 og um 2,1% árið 2017. Það þýðir að sala ársins 2017 á dilkakjöti var 333 tonnum meiri en hún var árið 2015.

Útflutningur hefur aldrei verið meiri

Útflutningur á kindakjöti jókst verulega árið 2017 miðað við árið á undan og hefur aldrei verið jafn mikill. Salan var 4.122 tonn, sem er 47,4% söluaukning miðað við árið 2016. Þá var útflutningur á kindakjöti 2.796 tonn. Aukningin er 1.326 tonn. Munar þar mestu um ný verkefni í Japan og víðar með aðkomu Icelandic lamb og sérstakt átaksverkefni í samvinnu sláturleyfishafa og Markaðsráðs kindakjöts. Mestur hafði útflutningur á kindakjöti áður verið 3.571 tonn árið árið 2010.

Ferðamenn vilja íslenskt lambakjöt

Í nýlegri könnun sem Gallup gerði fyrir markaðsstofuna Icelandic lamb kom í ljós að 54% erlendra ferðamanna borða íslenskt lambakjöt á meðan þeir heimsækja landið. 40% borða lamb eingöngu á veitingastöðum, 4% eingöngu það sem keypt er í búð en 10% hvorutveggja.

Markaðsstofan rekur öfluga verðlaunaherferð gagnvart erlendum ferðamönnum á netinu og á í samvinnu við um 150 aðila í veitingarekstri, smásölu, framleiðslu og hönnun. Í könnun Gallup var einnig spurt hvort ferðamennirnir þekki merki Icelandic lamb sem hóf formlega starfsemi í ársbyrjun 2017. Í ljós kom að 27% þekkja merkið og af þeim hópi hafa 73% mjög eða nokkuð jákvæða mynd af því. Um fjórðungur er hlutlaus en neikvætt viðhorf mældist ekki. */HKr./SH*





Nýr X-Class.
Fyrstur nýrrar gerðar.

X-Class er nýjasti bíllinn úr smiðju Mercedes-Benz. Þessi einstaki pallbíll brúar bilið milli atvinnutækis og fólksbíls. Hann er byggður á sterkri grind, getur borið yfir 1.000 kg áreynslulaust eða dregið vagn með þyngd að 3,5 tonnum. X-Class er traustur, lipur, áreiðanlegur og hentar fólki sem er mikið á ferðinni. Góður félagi í dagsins önn.

Komdu og reynsluaktu. Við tökum vel á móti þér.

Mercedes-Benz

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

FRÉTTIR

Skyrið varð gull í höndum Norðmanna


Erla Hjördís Gunnarsdóttir
ehg@bondi.is





Bent Myrdahl, framkvæmdastjóri Q-mjólkursamlagsins, sem er með framleiðslusamning við Mjólkursamsöluna á skyri segir að innreið fyrirtækisins á norska jógúrtmarkaðinn sé búin að vera ævintýri líkust.





Nú eru 16 vöruflokkar í skyri hjá Q-mjólkursamlaginu og á hverju ári eru kynntar nýjar tegundir og/eða umbúðir til leiks.

Saga íslenska skyrsins er ævintýri líkust í Noregi en frá fyrsta degi eftir að það kom á markað hefur það notið mikilla vinsælda hjá norsku þjóðinni. Bent Myrdahl, framkvæmdastjóri Q-mjólkursamlagsins, sem gerðu framleiðslusamning við Mjólkursamsöluna fyrir um tíu árum, segir að með aðstoð neytenda og nýnæmi í framleiðslunni hafi þeir náð undraverðum árangri á skömmum tíma með skyrið sem hefur nú 14% hlutdeild á jógúrtmarkaðnum í Noregi.

„Við byrjuðum að framleiða og selja skyr í september árið 2009. Q-mjólkursamlagið hafði frá árinu 2000 reynt að ná góðum árangri á jógúrtmarkaðnum sem var mjög erfitt því við komum einungis með nýja jarðarberjajógúrt á markað sem var sambærileg og samkeppnisaðilinn var með. Árið 2009 ákváðum við að fara í mjög stóra neytendakönnun þar sem neytendur sögðu okkur að Q þyrfti að vera eitthvert annað val í vörum en hjá samkeppnisaðilanum Tine. Við urðum því að finna upp á einhverju nýju sem í fælist nýsköpun og heilsusamlega vöru ef við ætluðum að ná árangri á jógúrtmarkaðnum.“

Uppfullir af gulluppfinningunni

Á þessum tímapunkti var stóra spurningin hjá forsvarsmönnum Q-mjólkursamlagsins hvernig hægt væri að byggja upp fyrirtækið, sem seldi vörur í tiltölulega litlu magni, var með margar tegundir og viðskiptavini en lítið ráðstöfunarfé og litla markaðshlutdeild.

„Við veltum því fyrir okkur hvort það gætu mögulega verið aðrir sem væru í svipaðri stöðu og við sem við gætum sótt innblástur til. Þá stakk samstarfsmaður minn, Arne Bernt Dahle, upp á Mjólkursamsölunni á Íslandi, sem var í raun í mun erfiðari stöðu en við: þeir framleiddu allar heimsins mjólkurvörur, voru með fleiri framleiðslustaði og aðeins rúmlega 300 þúsund manns til að selja vörur sínar til,“ segir Bent og bætir við:

„Úr varð að ég fór með Arne til Íslands árið 2007 til að kynna okkur starfsemi Mjólkursamsölunnar. Þar fundum við gull, nefnilega skyr. Við féllum fyrir vörunni og höfðum áhuga á að fara í samstarf við MS þar sem við gætum hafið framleiðslu, sölu og markaðssetningu á skyri í Noregi. Þegar við komum til baka vorum við uppfullir af gullfundinum en okkur var mætt með miklum efa því okkur hafði ekki tekist nógu vel til með fyrri nýjungar á jógúrtmarkaðnum. En árið 2008 fengum við nýjan markaðsstjóra, Lise Godfrey, og þá fóru hjólin að snúast. Við Arne vorum alveg komnir á að markaðssetja vöruna sem Torarins víkingajógúrt en Lise talaði okkur til í því. Nýnæmið hjá okkur urðu hins vegar umbúðirnar því þegar við kynntum skyrið hér í Noregi var það í sérstökum dósum sem líktist lukt sem skein á móti neytendum í hillum verslana. Við vorum fyrst í heiminum til að koma með þessa tegund af dósum á markað en síðar meir hafa samkeppnisaðilar einnig tekið þær upp.“

Selja skyr fyrir um fjóra milljarða árlega

Það var ekki að sökum að spyrja þegar skyrið hóf innrás sína inn í Noreg því varan sló samstundis í gegn svo starfsmenn Q höfðu vart undan að framleiða ofan í Norðmennina.

„Við skröpuðum saman um 100 milljónum íslenskra króna í markaðsherferð í byrjun og úr varð algjört ævintýri. Fyrstu vikurnar varð að fjórfalda framleiðsluna og pökkunarróbótarnir tveir sem við höfðum þá yfir að ráða voru of hægir svo við þurftum að ráða inn fólk til að sinna því hlutverki og anna eftirspurninni. Fyrirtækið þurfti á tímabili að fresta því að setja sjónvarpsauglýsingu með skyrinu í loftið af ótta við að geta ekki sinnt markaðnum nægilega vel. Í dag er skyr merkjavara sem 9 af 10 neytendum þekkja í Noregi,“ útskýrir Bent en ársvelta á skyrsölu fyrirtækisins er nú hátt í þrír milljarðar íslenskra króna.

Því má með sanni segja að fyrirtækið hafi farið á flug frá fyrsta degi með þetta nýsköpunarævintýri.

Þekkingarútflutningur á skyri frá Íslandi

Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Mjólkursamsölunni, lætur mjög vel af samstarfinu við forsvarsmenn Q-mjólkursamlagsins í Noregi.

„Þetta hefur verið farsælt og gott samstarf frá fyrsta degi og Bent Myrdahl hefur verið flottur sendiherra fyrir skyrið inn á norska markaðinn. Það kemur líka ekki á óvart að fyrirtækið er margverðlaunað í Noregi fyrir til dæmis vöruþróun og markaðsherferðir sem tengjast skyrinu. Mjólkursamsalan hefur flutt út skyr eins og til Bandaríkjanna, Bretlands og Sviss en vegna þess hve flest öll lönd í Evrópu eru lokuð út af háum tollum var farið fyrir um tíu árum í auknum mæli að koma á framleiðslusamningum eins og við Q en einnig við Thise-mjólkursamlagið í Danmörku þar sem stunduð er lífræn framleiðsla. Þetta hefur gengið vel, það er, að flytja út okkar þekkingu og MS fær prýðilegar tekjur út á það ásamt því að við búum til gjaldeyristekjur í leiðinni. Við vildum gjarnan flytja út meira en við getum af skyrinu en ein leiðin fyrir okkur er að fara í þennan þekkingarútflutning og núna erum við til dæmis að gera fleiri framleiðslusamninga við aðila í Rússlandi, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu sem dæmi.“

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR
Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.
Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.



HILLUR
fyrir kæli- & frystiklefa.
Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

„Samvinnan við Mjólkursamsöluna hefur gengið mjög vel, við skiptumst á framleiðsluhugmyndum og uppskriftum og reynum að hittast tvisvar sinnum á ári til að fara yfir stöðuna. Þegar við förum í heimsókn til Íslands reynum við alltaf að fara á framleiðslustöð og að heimsækja einn kúabónda. Í dag framleiðum við um 2.800 tonn af skyri á ári og erum með um 14% af jógúrtmarkaðnum hér í landi ásamt því að velta hátt í fjórum milljörðum íslenskra króna á ári af skyrsölunni.“

Skyrkúla og Frozen á markað

Í dag er Q með 16 vörunúmer í skyrinu og segir Bent viðbrögð neytenda skipta þá miklu máli þegar kemur að vöruþróun.

„Við erum svo heppin með það að skyrneytendur hér gera kröfur og þeir eru uppfinningasamir. Þeir



vilja fá nýjar vörur og fjölbreytni og við reynum eins og við getum að verða við þeim óskum sem koma frá þeim. Það sem kemur næst á markað frá okkur er til dæmis skyrkúlan og Skyr Frozen. Á þessu ferðalagi með skyrið höfum við líka lent í því að koma með vörur á markað sem gengu alls ekki og gott dæmi er kaffiskyrdrykkur sem við urðum að skipta út á einni viku með því að setja mangóbragð í staðinn í sölu,“ útskýrir Bent og segir jafnframt:

„Við höfum frá upphafi verið dugleg að halda fundi bæði á netinu og í fundarsal með okkar neytendum til að fá og sjá viðbrögð þeirra við skyrvörunum. Það er okkur mikið kappsmál að hlusta á neytendurna og ein af okkar vinsælustu vörum, míní skyrið, kom einmitt út frá því að einn neytandi hafði samband við okkur og sagði frá fimm ára dóttur sinni sem varð óglatt af magninu í skyrdósunum. Hún spurði um leið hvort til stæði að setja minni pakkningar á markað, helst sem myndu passa í nestisbox. Út frá þessu prófuðum við að setja skyr í „skvísu“-umbúðir fyrir minnsta fólkið, sem sló í gegn frá fyrsta degi. Þannig að það eru svona sögur sem við viljum endilega deila og sýnir okkur hvað nýsköpun í bland við jákvætt hugarfar þar sem neytendur eru allan tímann með skiptir miklu máli í vöruþróun og að ná árangri með það.“ */ehg*

Flóahreppur:

Skoðar kaup á heitu vatni

Sveitarstjórn Flóahrepps er nú að skoða þann möguleika að kaupa heitt vatn af Hitaveitu Áshildarmýrar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Vatnið yrði notað til upphitunar á húsnæði Flóaskóla og í Þjórsárveri. Sveitarstjórn hefur falið tæknisviði Uppsveita að meta vatnsþörf bygginga í eigu sveitarfélagsins til þess að hægt sé að kanna mögulega afhendingu vatns frá veitunni í þessi hús. */MHH*





STEKKUR

Samkvæmisleikir fyrir þorrablótið

Við hjá Bændablaðinu höfum eins og flestir gaman af því að létta okkur upp og reynum eftir megni að halda þeim þjóðlega sið að blóta þorrann, borða íslenskar landbúnaðarafurðir, drekka mysu og dansa hringdans.

Margir kannast við það vandræðalega ástand sem getur skapast í fyrstu við slík tækifæri áður en mysan fer að virka. Fátt er betur til þess fallið að hrista saman gesti og létta andrúmsloft í þorrablótið en skemmtilegir samkvæmis- eða helgileikir.

Þekkir þú hljóðið?

Leikurinn gerir miklar kröfur til heyrnarinnar og er erfiðari en virðist í fyrstu. Stjórnandinn fer inn í herbergi og skilur dyrnar eftir opnar, þar framkallar hann ýmiss konar konar hljóð sem aðrir viðstaddir reyna að þekkja. Áheyrendur skrá niðurstöður sínar á blað og sá sem þekkir flest hljóðin sigrar.

Möguleikarnir eru gífurlegir því það veldur oft miklum vandræðum að þekkja hljóð ef menn sjá ekki það sem framkallar hljóðið. Til dæmis má hrista eldspýtustokk, rífa bréf, hræra í bolla fullum af vatni eða bíta í epli. Skemmtilegast er þó að finna upp á hljóðum sjálfur sem tengjast daglegum athöfnum manna án þess að þeim sé veitt sérstök athygli.

Sölumannsleikur

Þetta er leikur án orða og byggist á látbragði. Einhver viðstaddur, til dæmis fermingarbarnið, tekur að sér að vera fyrsti sölumaðurinn. Hann eða hún fer út úr stofunni eða salnum þar sem gestunum hefur verið safnað saman og kemur aftur inn með ferðatösku. Sölumaðurinn fer síðan að tína upp úr töskunni allt sem honum dettur í hug að selja. Taskan er vitanlega tóm en sölumaðurinn reynir að sýna það sem hann tínir upp með látbragði. Það geta hugsanlega verið ýmiss konar handverkfæri, hamar, sög eða hallamál, sölumaðurinn getur einnig reynt að selja fermingargestum undirföt eða baðfatnað með viðeigandi látbragði. Sá sem áttar sig fyrstur á því hvað er verið að selja vinnur leikinn og verður næsti sölumaður.

Fræg pör

Leikurinn felst í því að finna eins mörg pör og hægt er, tvær persónur sem í hugum allra eru samtengdar. Þetta geta verið karl og kona eða tveir einstaklingar af sama kyni. Sá sem finnur flest pör innan ákveðins tíma vinnur leikinn. Sem dæmi um fræg pör má nefna Tomma og Jenna, Gög og Gokke og Adam og Evu.

Blásið í blöðrur

Þátttakendum er skipt í tvö eða fleiri lið. Allir fá blöðru í hendurnar, síðan stillir sá fyrsti sér upp á móti einhverjum úr öðru liði. Þegar merki er gefið eiga þeir að byrja að blása í sína blöðru og halda því áfram þar til hún springur. Þá tekur sá næsti við og þannig er haldið áfram þar til eitthvert liðanna er búið að sprengja allar blöðrurnar og vinna leikinn.

Flöskustútur eða bingó

Leikir af þessu tagi eru vinsælir víða erlendis og möguleikarnir óþrjótandi. Það má spila á spil, fara í Twister eða leika flöskustút eða bingó. Það er engin ástæða til að vera of formlegur og láta fólki leiðast. Njótum lífsins og leikum okkur hvenær sem tækifæri gefst.

/VH

HLUNNINDI & VEIÐI

Hákarlinn fyrr og nú



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com

Nú á dögum tengja Íslendingar hákarl helst við þorrablót. Í hugum margra er hákarl fyrst og fremst hvítu teningarnir sem menn skola niður með brennivíni af mismikilli ánægju í góðum félagsskap. Færri vita að hákarlinn var einn verðmætasti nytjafiskur Íslendinga á 19. öldinni og undirstaða þilskipaútgerðar í landinu.

Beinar hákarlaveiðar við Ísland heyra næstum sögunni til. Aðeins örfáir smábátar leggja hákarlalóðir. Meirihluti hákarlaaflans sem berst á land slæðist óvart í veiðarfæri togskipa. Á síðustu fjórum árum hefur landaður afli á ári verið á bilinu 17–27 tonn, samkvæmt skrá Fiskistofu.

Jón Svansson, sem rekur fyrirtækið Íslandshákarl á Vopnafirði, gerir út tvo smábáta til hákarlaveiða. Hann sagði í samtali við höfund þessa pistils að veiðarnar á síðasta ári hefðu gengið mjög vel. Alls hefðu þeir fengið 22 hákarla á tímabilinu frá apríl og fram í byrjun júní. Mest hefðu fengist fimm hákarlar á 18 króka en línurnar eru helst ekki látnar liggja lengur en í þrjár nætur í senn.

Hákarlinn og ammóníakið

Eftir að hákarlinn hefur verið skorinn þarf að kasa hann sem kallað er. Ólíkt mörgum öðrum hryggdýrum hafa hákarlarnir ekkert þvagkerfi. Skömmu eftir að hákarl er drepinn tekur þvagefnið að brotna niður og eitt af myndefnum þess er ammóníak. Það flæðir um allt hold dýrsins og styrkur þess getur verið svo mikill að sá sem neytir þess getur fengið eitrun og jafnvel dáið, að því er fram kemur á Vísindavefnum. Dæmi eru um að ísbirnir hafi étið hræ af grænlandshákarli og orðið skammlífir eftir átið.

Erlendis eru hákarlar blóðgaðir strax eftir að þeir eru drepnir og síðan kældir. Við blóðgunina næst þvagefnaríkt blóðið úr dýrinu og þá er hægt að neyta kjötsins án þess að finna keim af ammóníaki. Á Íslandi hefur kæsing verið notuð frá alda öðli til þess að losna við eituráhrif ammóníaks. Lengst af fólst hún í því að láta hákarlinn gerjast í 1–3 mánuði í moldar- eða malargryfju og síðan var hann þurrkaður. Nú til dags eru gjarnan notaðar trégrindur í fiskikössum með afrennsli og fargi við þessa verkun.

Vonarpeningur

Eftir að kæsingunni lýkur er hákarlinn hengdur upp í hjalla til þurrkunar. Þá getur brugðið til beggja vona um hvernig til tekst. Þar er veðurfarið ekki hvað síst örlagavaldurinn. Jón sagði að tíðin



Hákarli landað. Mynd / Af vef Íslandshákarls



Hákarl þurrkaður. Mynd / Íslandshákarl.

haustið 2016 hefði verið sérstaklega góð til hákarlaverkunar en haustið 2017 hefðu veðurfarslegar aðstæður aftur á móti verið afar óhagstæðar, blautt og rakt loft vikum saman. Ofan í það komu svo frosthörkur sem leiddu til þess að verkunin stöðvaðist. Þá gerist ekkert fyrr en hákarlinn þiðnar á ný. „Veiðarnar eru eitt og verkunin annað. Þetta er vonarpeningur. Það er ekkert í hendi fyrr en verkuninni lýkur," sagði Jón. Hann sagði að veiðarnar gætu gefið ágætlega af sér ef allt gengi upp, en svo gætu menn þurft að borga með þessu þegar verr gengi.

Hættulaus skepna

Hákarlinn sem veiddur er hérlendis er af tegundinni grænlandshákarl. Hann getur orðið 6–7 metra langur, en algengasta lengdin er á bilinu 2–5 metrar. Einhverjir kynnu að halda að þetta gætu verið árásargjarnar og hættulegar skepnur litlum bátum sem stunda þessar veiðar, minnugir kvikmyndarinnar frægu Jaws og frásagna í heimsfréttunum af sundfólki sem orðið hefði hákörlum að bráð. Jón segir að þvert á móti sé hákarlinn hér við land hægur í hreyfingum og hugsi um það eitt að sleppa ef hann festist á krók. Hann bregðist við með því að velta sér en við það flæki hann línunni gjarnan utan um sig og þar með séu dagar hans taldir. Bátum á hákarlaveiðum hér við land stafi því engin hætta af bráð sinni.

Reyndar virðist vera gert alltof mikið úr árásargirni hákarla í heiminum ef marka má erlenda vefsíðu sem upplýsir að árið 2015 hafi slíkar árásir á fólk verið 98 talsins í veröldinni allri, þar af hafi sex þeirra leitt til dauða. Í því sambandi er bent á að yfir 100 milljón hákarlar séu drepnir á ári, vægt reiknað, aðallega vegna ugganna. Af því megi ráða hvor sé hættulegri hinum, hákarlinn eða mannskepnan. Af tæplega 500 hákarlategundum í heiminum stafi manninum aðeins hætta af örfáum tegundum og þá aðeins við sérstakar aðstæður.

Hákarlaveiðar fyrr á öldum

Nýting hákarls til matar á sér langa sögu á Íslandi. Þegar á 14. öld voru þær orðnar allmiklar og fóru svo vaxandi. Farið var í svokallaðar hákarlalegur á opnum bátum og tók hver veiðiferð frá 2–4 dögum og allt upp í eina til tvær vikur ef afli var tregur eða veður óhagstætt. Þóttu þessar sjóferðir æði slarksamar. Í bókinni Sjósókn og sjávarfang eftir Jón Þ. Þór segir að á 17. og 18. öld hafi Vestfirðingar og Norðlendingar verið mestir hákarlaveiðimenn hér á landi. Veiðarnar náðu svo hámarki á 19. öldinni þegar þilskip komu til sögunnar auk áraskipanna. Upphaflega var þilskipunum trúlega ætlað að veiða þorsk og hákarl jöfnum höndum en þegar kom fram yfir 1830 voru hákarlaveiðarnar orðnar burðarás þilskipaútgerðarinnar. Olli þar mestu að verð á lýsi hækkaði hlutfallslega gagnvart fiskverði.

Lifrin úr hákarlinum var brædd í landi og lýsið flutt út og notað sem ljósmeti til að lýsa upp borgir Evrópu. Lýsisverðið hækkaði ár frá ári vegna aukinnar eftirspurnar. Hákarlaveiðarnar gáfu mikinn og skjótfengan gróða og sköpuðu fyrsta umtalsverða uppgangsskeiðið í sögu íslensks sjávarútvegs á síðari öldum, segir Jón Þ. Þór í bók sinni. Þegar best lét gátu eigendur þilskipanna greitt kaupverð skipanna eftir eina vertíð. Margir tugir þilskipa stunduðu þessar veiðar.

Blómaskeiðinu lýkur

En engin gósentíð varir að eilífu. Upp úr 1860 var blómaskeið hákarlaveiðanna senn á enda þegar farið var að nota steinolíu í stað hákarlalýsis sem ljósmeti. Hákarlaveiðar á þilskipum héldu að vísu áfram allt til 1925 en eftir 1870 drógust þær saman ár frá ári.

Ekki liggja fyrir tölur um hversu mikill hákarlaaflinn var hér við land hér áður fyrr eða hversu miklum verðmætum hann skilaði, en þegar lýsisútflutningurinn var sem mestur nam hann 13.000 tunnum á ári. Það er lifur úr æði mörgum hákörlum. „Hákarlinn er sennilega vanmetnasti fiskur Íslandssögunnar," sagði Jón Þ. Þór í viðtali við Morgunblaðið fyrir allmörgum árum. Það eru orð að sönnu.

Kuldakast í Norður-Ameríku í janúarbyrjun:

Hákarlar frusu og krókódílar í ís

Kuldinn sem gengið hefur yfir Bandaríki Norður-Ameríku olli gríðarlegri snjókomu og frosthörku víða í Norðurríkjunum. Kuldinn við Cape Cod í Massachusetts-ríki var svo mikill að hákarlar hreinlega frusu í hel og skoluðu upp á ströndina.

Að minnsta kosti þrem dauðum nánast beinfreðnum hákörlum skolaði á land við stendur Cape Cod í Massachusetts-ríki í kuldakastinu sem gekk yfir austurströnd Bandaríkjanna fyrir skömmu. Talið er að hákarlarnir hafi fengi kuldasjokk þegar tálknin í þeim frusu þegar sjórinn í kringum þá kólnaði skyndilega og í framhaldi af því hafi þeim skolað á land þar sem þeir drápust og gegnfrusu endanlega.

Kuldinn í Norður Karólínu-ríki varð til þess að það sást til krókódíla sem rekið höfðu trýnið upp í gegnum göt á frosnu yfirborði vatna sem þeir lifa í. */VH*



Frosinn hákarl við strönd Cape Cod.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akureyri | Akranes | Egilsstaðir | Ísafjörður | Reykjanesbær | Selfoss | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

YLEININGAR
FYRIR ÞAK OG VEGGI

ALLAR GERÐIR YLEININGA FÁST HJÁ **HÝSI**
ÞAK OG VEGGEININGAR MEÐ **STEINULL** EÐA **PIR KJARNA**
STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



VIÐ FINNUM LAUSNINA MEÐ ÞÉR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6, 113 Reykjavík
Sími 534 6050 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

HÝSI

Bændablaðið *kemur næst út 8. febrúar*

Útvegum olíuverk og spíssa í flestar gerðir véla



Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



Búgarðalóðir til sölu.

Er með til sölu 7 heilsárslóðir í Stóru-Borgar landi rétt vestan við Borg. Lóðirnar eru frá 3.-6.2 hektarar á stærð og allar hafa þær heitt og kalt vatn við lóðarmörk.

Nýting lóða getur verið mjög fjölbreytt, íbúðarhús, hesthús, léttur iðnaður, veitinga og gistihúsarekstur og fleira er leyft í skipulagi.

Upplýsingar hjá Pálmari í síma : 892-0124 eða pks@emax.is

Bændablaðið - Smáauglýsingar: 563 0300

HLJÓÐDEYFAR - BYSSUSKÁPAR



NIELSEN SONIC

SONIC
Hljódeyfar í úrvali
fyrir flest caliber



Kr: 49.900

Fyrir 10-12 byssur
H 152 cm
B 52,5 cm
D 31 cm



Kr: 39.900

Fyrir 5-7 byssur
H 152 cm
B 40 cm
D 30 cm

Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturrost.is

Varmadælur
Hagkvæmur kostur til upphitunar

Kælitækni



- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi sendi svo hægt sé að stjórna dælunni úr GSM síma

Midea
It's your Idea



Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is



HROSS & HESTAMENNSKA

Hagagæði er samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Félags hrossabænda:

Markmiðið er að nýta land án þess að rýra gæði þess

Á liðnu ári stofnuðu Landgræðsla ríkisins og Félag hrossabænda til landnýtingarverkefnis, sem nefnist „Hagagæði“. Landgræðslan sér um framkvæmd verkefnisins. Verkefnisstjóri er Bjarni Maronsson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðurlandi vestra.

Frá og með árinu 2000 til ársloka 2016 var við lýði Gæðastýring í hrossarækt. Einn þáttur gæðastýringarinnar var sjálfbær landnýting á hrossabúum og sá Landgræðslan um úttektir á beitarlandi þeirra hrossabænda er þess óskuðu. Þau bú sem stóðust sett viðmið hlutu viðurkenningu.

Líkt og í gæðastýringunni snýst þátttaka í „Hagagæðum“ um að nýta land án þess að rýra gæði þess og fá það staðfest árlega með úttekt og viðurkenningu á því að land þátttakenda standist sett viðmið. Í verkefnislýsingu „Hagagæða“ er tilgangur verkefnisins skilgreindur á eftirfarandi hátt: Að tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands, að auka ábyrgð landnotenda sem vörslumanna lands, að auka umhverfisvitund landeigenda og landnotenda og að tryggja velferð hrossa.

Bjarni segir þessi atriði snúa öll að ábyrgð, landlæsi og umhverfisvitund landnotenda og eru grunnur að bættri beitarstjórnun. Þá er einnig minnt á að velferð hrossa og beitarlands fer ætíð saman.

„Landnýtingarþáttur gæðastýringar var fyrst og fremst sniðinn að landnotkun þeirra sem stunduðu hrossarækt og uppeldi hrossa. Hagagæði er víðtækara verkefni en landnýtingarþátturinn og auk hrossaræktenda geta tekið þátt aðilar sem halda hross í atvinnuskyni, s.s. hestaleigur og þeir sem halda hross til brúkunar í tómstundum. Einnig sveitarfélög og hestamannafélög, sem eiga og/eða hafa umsjón með hrossabeitarhólfum til almenningsnota,“ segir Bjarni.



Einkennismerki Hagagæða.


Bjarni Maronsson, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar á Norðurlandi vestra, og Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda. Mynd / ÁÞ

Öllum hrossabændum gefinn kostur á þátttöku

Öllum hrossabændum, sem voru með í landnýtingarþættinum árið 2016 var kynnt þetta nýja verkefni og þeim gefinn kostur á þátttöku í Hagagæðum, enda stæðist beitarland þeirra sett ástandsviðmið. Af 40 búum, sem voru með í landnýtingarþættinum óskuðu 38 eftir þátttöku í Hagagæðum og stóðust þau öll landúttektir. Þá bættust við sex ný bú. Allt eru þetta bú sem stunda hrossarækt og/eða hrossakjötsframleiðslu. Enn hafa einstaklingar eða fyrirtæki með annars konar hestastarfsemi ekki sóst eftir þátttöku í verkefninu.

En hvað er til ráða ef beitarland þeirra er æskja þátttöku í Hagagæðum stenst ekki sett ástandsviðmið? Bjarni segir að Landgræðslan geti boðið viðkomandi upp á aðstoð við gerð þriggja ára úrbótaáætlunar, sem hefur það að markmiði að í lok tímans uppfylli beitarlandið sett viðmið um landnýtingu. Úrbætur taka mið af ástandi og eðli landsins og geta annaðhvort eða bæði falist í uppgræðslu lands og bættri beitarstýringu. Ástandsviðmið Hagagæða eru það rúm að ef beitarland jarðar stenst ekki úttekt er næsta víst að beitarstýring er ekki í lagi á viðkomandi stað.

Bjarni segir að áhugi sé fyrir Hagagæðum.

„Við höfum fengið fyrirspurnir frá áhugasömum landnotendum sem vonandi leiðir til þátttöku. Í öðru lagi er greinilegt að þátttakendur huga betur að beitarstýringu en áður. Í þriðja lagi má nefna að starfsfólki Landgræðslunnar er nauðsynlegt að fara sem víðast um sveitir og fylgjast með landnýtingu, þjálfast í landlæsi og mynda tengsl við þá sem nýta landið. Ætlunin er að meta reynsluna af þessu fyrsta starfsári og þróa verkefnið áfram 2018.“

Bjarni segir að oft sé spurt hvaða gagn viðkomandi hafi af því að vera með í Hagagæðum.

Hagagæði geta sparað hey

„Því er til að svara að það er fyrst og fremst undir viðkomandi komið hvort og þá hvernig hann geti hagnýtt sér þátttökuna. Leiði Hagagæði til betri beitarstýringar og búmennsku er næsta víst að spara má hey á viðkomandi búi.


Ef fullorðin, væn hross hafa aðgang að grösugum haga að hausti og vetri þurfa þau sáralitla heygjöf, enda sé bæði gott skjól og vatn til staðar. Hey kostar peninga og hagur bóndans að bruðla ekki með það. Sífellt fleira hestafólki er umhugað um að aðbúnaður hrossa sé sem bestur bæði á húsi og í haga. Ætla má að hrossakaupendur, ekki síst erlendir, taki æ meira mið af þeim aðstæðum sem hross alast upp við þegar þeir ákveða kaup á hrossum hérlendis. Því gæti sá bóndi, sem hlotið hefur þá viðurkenningu sem í Hagagæðum felst, haft aukna sölumöguleika fyrir sín hross. Einnig má nefna að hannað hefur verið sérstakt einkennismerki (logo) fyrir Hagagæði, sem þátttakendur geta notað starfsemi sinni til framdráttar, t.d. á heimasíðum sínum.“ /ÁÞ

HAGAGÆÐI

Árið 2017 stóðust eftirtalin hrossabú úttektir vegna landnýtingar

	Nafn jarðar	Bóndi	Sýsla
1.	Sauðanes	Ágúst M. Ágústsson/Steinunn Halldórsdóttir	Norður-Þingeyjarsýsla
2.	Bakki, Svarfaðardal	Þór Ingvason	Eyjafjarðarsýsla
3.	Bringa	Bringa ehf. Sverrir Reynir/Guðbjörg Jóna	Eyjafjarðarsýsla
4.	Hólsgerði	Brynjar Skúlason/Sigríður Bjarnadóttir	Eyjafjarðarsýsla
5.	Jarðbrú	Þorsteinn Hólm Stefánsson/Þröstur Karlsson	Eyjafjarðarsýsla
6.	Litla-Brekka	Vignir Sigurðsson	Eyjafjarðarsýsla
7.	Ásgeirsbrekka	Jóhann Ingi Haraldsson	Skagafjarðarsýsla
8.	Enni	Haraldur Þ. Jóhannsson/Eindís Kristjánsdóttir	Skagafjarðarsýsla
9.	Flugumýri II	Flugumýri ehf. Anna Sigurðardóttir	Skagafjarðarsýsla
10.	Hafsteinsstaðir	Skapti Steinbjörnsson/Hildur Claessen	Skagafjarðarsýsla
11.	Hólar í Hjaltadal	Hólaskóli	Skagafjarðarsýsla
12.	Hverhólar	Freysteinn Traustason/Birna S. Hafsteinsdóttir	Skagafjarðarsýsla
13.	Íbishóll	Íbishóll ehf, Magnús Bragi/Elisabeth Jansen.	Skagafjarðarsýsla
14.	Kálfsstaðir	Ólafur Sigurgeirsson/Sigríður Björnsdóttir	Skagafjarðarsýsla
15.	Nautabú	Karen Steindórsdóttir/Eyjólfur Þórarinsson	Skagafjarðarsýsla
16.	Tunguháls II	Þórey Helgadóttir	Skagafjarðarsýsla
17.	Víðidalur/Kirkjuhóll	Pétur Stefánsson	Skagafjarðarsýsla
18.	Ytra-Skörðugil	Ingimar Ingimarsson	Skagafjarðarsýsla
19.	Ytra-Vallholt	Vallholt ehf. Björn og Harpa	Skagafjarðarsýsla
20.	Geitaskarð	Íslensk hrossarækt	Austur-Húnavatnssýsla
21.	Hof í Vatnsdal	Jón Gíslason/Eline Schrijver	Austur-Húnavatnssýsla
22.	Hólabak	Björn Magnússon	Austur-Húnavatnssýsla
23.	Steinnes	Magnús Jósefsson	Austur-Húnavatnssýsla
24.	Auðunnarstaðir I	Júlíus G. Antonsson	Vestur-Húnavatnssýsla
25.	Stóra-Ásgeirsá	Elías Guðmundsson/Magnús Á. Elíasson	Vestur-Húnavatnssýsla
26.	Ytri-Þóreyjarnúpur	Þórey ehf./ Gerður Hauksdóttir	Vestur-Húnavatnssýsla
27.	Þóreyjarnúpur	Þóreyjarnúpshestar ehf./Halldór G.Guðnason	Vestur-Húnavatnssýsla
28.	Hjarðarholt	Þorvaldur T. Jónsson/Hrefna B. Jónsdóttir	Mýra-og Borgarfjarðarsýsla
29.	Lundar II	Sigbjörn Björnsson	Mýra-og Borgarfjarðarsýsla
30.	Oddsstaðir I	Sigurður O. Ragnarsson/Guðbjörg Ólafsdóttir	Mýra- og Borgarfjarðarsýsla
31.	Ölvaldsstaðir IV	Guðrún Fjeldsted	Mýra-og Borgarfjarðarsýsla
32.	Hömluholt	Gísli Guðmundsson	Snæfellsnessýsla
33.	Auðsholtshjáleiga/Grænhóll	Gunnar Arnarson	Árnessýsla
34.	Hólar í Árborg	Ímastaðir ehf./Einar Hallsson	Árnessýsla
35.	Hraun I	Hrafnkell Karlsson	Árnessýsla
36.	Hvoll I	Ólafur H. Einarsson	Árnessýsla
37.	Litlaland	Sveinn Steinarsson	Árnessýsla
38.	Árbæjarhjáleiga	Kristinn Guðnason/Marjolijn Tiepen	Rangárvallasýsla
39.	Ásborg	Eydís Þ. Indriðadóttir Rangárvallasýsla	Rangárvallasýsla
41.	Hemla	Vignir Siggeirsson/Lovísa Ragnarsdóttir	Rangárvallasýsla
42.	Kirkjubær	Kirkjubæjarbúið/Ágúst Sigurðsson	Rangárvallasýsla
43.	Oddhóll	Sigurbjörn Bárðarson	Rangárvallasýsla
44.	Vakursstaðir	Valdimar og Hjörtur Bergstað	Rangárvallasýsla

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir




- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Hefur þú fengið eintak?

Verðlista yfir helstu heyvinnutæki frá KUBOTA árið 2018 hefur nú verið dreift á öll lögbýli landsins.

Hafir þú ekki fengið eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KUBOTA verðlistann 2018 um hæl.

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555 | Vefsíða: www.thor.is

expert kæling

- ✓ *Umboðsaðili Røka mjólkurtanka á Íslandi*
- ✓ *Kælikerfi*
- ✓ *Frystikerfi*
- ✓ *Almennar raflagnir*
- ✓ *Þjónusta & uppsetningar*

VIÐ ÞJÓNUSTUM KÆLIKERFI Á ÖLLU LANDINU!

Expert kæling ehf. | Sími: 660 2977 | Netfang: elmar@expert.is
Draghálsi 22, 110 Reykjavík | Freyjunesi 10, 603 Akureyri | Gagnheiði 3, 800 Selfossi

Staðfesting um breytingu á verðskrá

Samkvæmt staðfestingu *Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins* frá 11. janúar 2018 er ***Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML)*** heimilt að innheimta að hámarki 7.500 kr. auk vsk. fyrir vinnu við sérfræðistörf sem falla undir búnaðarlög, sbr. 15.gr. rammasamnings dags. 19. febrúar 2016 og 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga.

Heimildin tekur gildi þann 1. febrúar 2018.

Verðskrána má nálgast á **www.rml.is**

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



Bændablaðið
Kemur næst út
8. febrúar
Smáauglýsingar
56-30-300

Nútíma **músa**varnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

FRÉTTASKÝRING

Rúmir 73 milljarðar innheimtir í opinber gjöld af bifreiðaeigendum 2018 en 21 milljarður fer í vegakerfið:

Um 258 milljarðar af 5 ára skatttekjum af ökutækjum ekki nýttir til vegamála

– Kostnaður vegna umferðarslysa fer líklega yfir 73 milljarða á þessu ári ef miðað er við alþjóðlega tölfræði

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Landsmenn hrópa á endurbætur á vegakerfinu en ríkið eykur stöðugt skattlagningu á bíleigendur sem notuð er í annað. Samt er talað um að ekki séu til peningar til uppbyggingar og viðhalds vega sem eru þó einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem hægt er að ráðast í. Á meðan stóreykst nýting og slit á vegakerfinu, slysum fjölgar, eigna- og manntjón eykst samfara auknum kostnaði heilbrigðis- og öryggiskerfi landsins.

Eitt fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var að leggja fram fjárlagafrumvarp. Þrátt fyrir loforð allra þessara flokka um að skattaálögur yrðu ekki auknar á almenning í landinu, þá var samt ákveðið að hækka skatta á eldsneyti og umferð um nær 5,6 milljarða króna, eða um 4,6%. Sú upphæð verður ekki sótt neitt annað en í vasa bíleigenda í hópi almennings. Þrátt fyrir verulega auknar skattaálögur á bifreiðaeigendur þá er samt ekki verið að nota nema um 29% þeirra tekna í vegakerfið.

Yfir 330 milljarðar í skatttekjur af ökutækjum á 5 árum

Félag íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, hefur látið Bændablaðinu í té sundurliðaðar tölur um tekjur ríkissjóðs af umferðinni á árunum 2014 til 2018. Að mati FÍB eru sumir tekjuliðirnir í þessu þó trúlega vanmetnir.

Þarna kemur fram að á þessum fimm árum verða heildartekjur ríkissjóðs af ökutækjum um eða yfir 330 milljarðar króna að árinu 2018 meðtöldu [330,879 milljarðar]. Þetta eru um 2,79% af landsframleiðslu. Í því sambandi er vert að hafa í huga að rauntekjurnar af umferðinni hafa oftast verið hærri en fjárlög hvers árs segja til um og stundum hefur munað þar nokkrum milljörðum króna.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir 4,6% hækkun tekna af ökutækjum á þessu ári miðað við fjárlög 2017 og að tekjurnar verði þá 73.044 milljónir króna 2018. Þar af er kolefnisgjald 3.540 milljónir. Þetta er töluvert hærri upphæð en öll vaxtagjöld ríkisins á síðasta ári. Ef einungis eru teknar beinar tekjur er upphæðin 52.544 milljónir króna.

Víða finnast matarholurnar

Ef horft er á bakgrunninn í auknum tekjum ríkissjóðs af notkun ökutækja sem hlutfalla milli fjárlaga 2017 og 2018 upp á 9,2%, þá ber hæst hækkun tekna af eldsneyti upp á 10,9%. Þar af hækkar kolefnisgjald um 52,9%. Olíugjald hækkar um 12,9%, þungaskattur/km gjald, hækkar um 11,1%. Vörugjald af bensíni hækkar almennt um 2%, bifreiðagjald um 4,2%, sérstakt vörugjald hækkar um 1,9%. Aðrar tekjur af bifreiðanotkun m.a. af númeraplötum, umferðaröryggisgjald, ökuskírteini, skráningargjöld ökutækja og vanrækslugjöld vegna óskráðra bifreiða hækkar samtals um 1%.


Á móti kemur að áætluð hlutfallsleg lækkun verður á tekjum vegna bifreiðakaupa, þ.e. vörugjalda upp á -6,5% og virðisaukaskatts upp á -7%. Væntanlega eru menn þá að gera ráð fyrir að heldur dragi úr sölu nýrra ökutækja á nýbyrjuðu ári miðað við metsöluárið 2017.



Hann er nær endalaus listinn yfir vegarkafla sem brýn þörf er á að lagfæra. Þessi mynd er af veginum um Álftafjörð á Snæfellsnesi. Mynd / HKr.

Ferðamenn eftir komustöðum:

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Keflavíkurflugvöllur	459.252	540.824	646.921	781.016	969.181	1.261.938	1.767.726
Seyðisfjörður	15.499	12.505	12.780	16.637	18.115	18.540	19.795
Aðrir flugvellir	10.265	12.282	13.072	9.696	10.048	8.661	4.680
Samtals	485.016	565.611	672.773	807.349	997.344	1.289.139	1.792.201



Þróunin í aukningu ferðamanna á Íslandi. Þetta hefur m.a. stóraukið álagið á vegakerfi landsins sem og á heilbrigðiskerfið.

Oft verið að berja á þeim sem eiga undir högg að sækja

Hafa ber í huga að bifreiðaeigendur eru ekkert annað en þverskurður samfélagsins. Þótt sumum stjórnmálamönnum þyki þægilegast að beita kolefnissköttum til að styðja við fallega hugmyndafræði varðandi baráttu við loftslagsbreytingar, þá virðist lítil hugsun vera á hverjir verði fyrir þeirri gjaldtöku. Bíleigendur eru nefnilega ekki allir í hópi stóreignamanna. Þarna er t.d. mikill fjöldi námsmanna, fjölskyldufólks, aldraðra og öryrkja. Margt af þessu fólki getur alls ekki án einkabíls verið.



Hvalnesskriður á þjóðveginum milli Hornafjarðar og Djúpavogs. Þarna rétt fyrir norðan eru svo Þvottárskriður. Þessir kaflar eru oft á tíðum stórvarasamir.

Gert gys að þeim sem síst skyldi

Þegar stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu benda fólki á að fara bara í strætó eða að hjóla til að minnka kolefnisútstreymi, þá er raunverulega verið að gera gys að stórum þjóðfélagshópum sem eiga þegar undir högg að sækja. Auknar álögur á eldsneyti mun einungis gera þessu fólki lífið mun erfiðara, svo ekki sé talað um áhrifin sem þetta hefur á vísitölu til hækkunar útlánsvaxta vegna íbúðakaupa. Þá munu hækkanir vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga fara að skila sér fljótlega út í vöruverð og í hringekju neysluvísitölunnar.

Auk þess virðist lítt eða ekki verið að hugsa til fólks sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Víða um land eru engir strætisvagnar og sennilega er sama hvað fólk í sveitum býður lengi í ímynduðum strætisvagnaskýlum, vagninn mun aldrei koma. Ekki liggja þangað heldur malbikaðir hjólreiðastígar ef þörf verður á að bregða sér af bæ til að heimsækja sérfræðilækni í höfuðborginni, kannski í 800 km fjarlægð. Ef um barn er að ræða verður það síðan varla sett á bögglaberann.


Ef menn meina eitthvað með tali sínu um að minnka kolefnisspor þjóðarinnar, þá ættu stjórnvöld auðvitað að íhuga þegar í stað að leggja kolefnisgjöld á innfluttar matvörur sem auðveldlega mætti framleiða hér heima. Þar er líklega verið að puðra 41 þúsund tonnum af koldíoxíði út í loftið á ári umfram það sem nauðsynlegt er. Slík skattlagning er þó trúlega ekki vænleg til vinsælda.

Dapurleg ráðstöfun tekna af umferðinni

Þegar skoðað er hvaða hag umferðin og vegakerfið hefur haft af þessari skattlagningu er dæmið vægast sagt dapurlegt. Hvert sem litið er, sjáum við vegakerfið í miklum ólestri og víða stórhættulegt eins og ítrekuð slys bera með sér. Þá hefur Vegagerðin ítrekað bent á þá staðreynd að ef viðhaldi vega er ekki sinnt reglulega, þá brotnar burðarlag veganna niður svo margfalt dýrara verður þá að endurgera það sem aflaga fer. Hefur vegagerðin m.a. bent á að verulega mikið vanti upp á að staðið hafi verið við framlög til vegamála samkvæmt síðustu samgönguáætlun 2015 til 2018 sem samþykkt var á Alþingi Íslendinga.



Fyrirhuguð uppbygging Landspítalans við Hringbraut, en vel að merkja bara 1. áfangi. Byggja hefði mátt tvö slík bákn fyrir peningana sem ekki voru notaðir í vegagerð. Vaxandi álag er á starfsfólk spítalans vegna aukins fjölda ferðamanna sem þangað þurfa að leita. Staðsetning slíkrar neyðarþjónustu í botnlanga vegakerfis og í flöskuhálsi mestu umferðarsúpu landsins hlýtur að vekja spurningar um hvort ekki sé rétt að hugsa málið upp á nýtt.



Áratugum saman eru Vestfirðingar búnir að bíða eftir að ráðamenn taki af skarið varðandi val á veglínu um Gufudalssveit. Þar hefur hver ráðherrann af öðrum horfið af vettvangi og skort kjark til að klára málið með eignarnámi eða á annan hátt. Enn bíða Vestfirðingar eftir ákvörðun og að ráðist verði þar í framkvæmdir.



Af Dynjandisheiði. Þótt nú sé verið að vinna við langþráð Dýrafjarðargöng á vestanverðum kjálkanum, þá er sú dýra framkvæmd til lítils ef ekki verður líka tekin ákvörðun fljótlega um að hefjast handa við endurbætur á tengingu þaðan og yfir Dynjandisheiði. Þangað til sú vegtenging er komin verður engin arðsemi af gerð Dýrafjarðarganga. Mynd / HKr.



Þetta á að heita þjóðvegur. Þessi mynd var tekin í Bárðardal fyrir norðan og vonandi er búið að laga þennan kafla. Slíka vegi er samt enn að finna víða um land, ekki síst á Vestfjörðum. Mynd / MÞÞ

Um 258 milljarðar króna af umferðarskatti ekki nýttur til vegamála

Á árinu 2014 var samkvæmt reikningum ríkisins veitt 14.272 milljónum til viðhalds vega og nýframkvæmda. Árið 2015 var upphæðin 16.322 milljónir króna. Árið 2017 voru það 21.358 milljónir króna og gert er ráð fyrir 21.167 milljónum króna til vegamála á árinu 2018. Samtals gerir þetta á fimm árum 73.119, sem er nánast sama tala og áætlaðar tekjur ríkissjóðs af ökutækjum á þessu eina ári 2018.

Fimm ára tekjur ríkissjóðs af ökutækjum verða frá 2014 og að meðtöldu árinu 2018 væntanlega um 331 milljarð kóna. Mismunurinn á tekjum ríkissjóðs af ökutækjum og því sem notað er til að viðhalda og byggja upp innviði umferðarkerfisins á fimm ára tímabili er því 257.760 milljónir króna. Með öðrum orðum þá eru tæpir 258 milljarðar króna sem innheimtir eru af eigendum ökutækja ekki notaðir til viðhalds og uppbyggingar innviða í samgöngukerfinu, heldur í ***EITTHVAÐ ANNAÐ***.

Hefði mátt koma í veg fyrir mikið tjón vegna umferðarslysa

Ef meira fjármagn hefði verið notað til vegamála hefði trúlega mátt koma í veg fyrir fjölda banaslysa og annarra alvarlegra slysa. Þá hefði líklega mátt komast hjá umtalsverðum hluta af þeim gríðarlegu útgjöldum sem eru slysunum samfara fyrir heilbrigðiskerfið og samfélagið allt.

Hefði dugað til að byggja tvo spítala og kaupa þyrlur að auki

Fyrir þessa upphæð sem ekki var notuð til að byggja upp og halda við innviðum vegakerfisins hefði líka mátt byggja tvo spítala af fullkomnustu gerð og kaupa nokkrar nýjar þyrlur fyrir Landhelgisgæsluna sem dreifa hefði mátt í alla landshluta − en það var ekki heldur gert.

Nú er talað um að það kosti um 70 milljarða að byggja háskólasjúkrahúsið við Hringbraut [sem er miðað við upphaflegar forsendur þó aðeins hluti endanlegs kostnaðar]. Ein ný Super Puma björgunarþyrla frá Airbus kostar líklega um 2 til 2,8 milljarða króna (15–27 milljónir dollara, allt eftir búnaði). Eurocopter EC225 Super Puma kostar um 18 milljónir dollara sem farþegavél. Einnig mætti kaupa fleiri tegundir eins og rússneskar þyrlur en Rússar eru einna öflugustu þyrluframleiðendur í heimi. Má þar t.d. nefna Kazan Mi-17 II sem kostar um 18 milljónir dollara og Kamov Ka-27 sem kostar 14,5 milljónir dollara. Nú eða hina bandarísku Sikorsky HH-3F Pelican, sem kostar um 19 milljónir dollara.

Þjóðhagslegur sparnaður af bættum vegamannvirkjum

Ef tekjur ríkissjóðs af ökutækjum eru skoðaðar í öðru samhengi, þá hefur þráfaldlega verið bent á augljósan hag ríkisins af því að halda uppi góðu vegakerfi og leggja í það umtalsvert meiri fjármuni en nú er gert. Beinn þjóðhagslegur hagur ríkisins yrði gríðarlegur ef horft er á tölur um kostnað vegna slysa sem draga mætti verulega úr með endurbótum á vegakerfinu. Auk þess er auðvelt að sýna fram á að bætt vegakerfi dragi úr eldsneytiseyðslu, minnki mengun og dragi stórlega úr tjóni af skemmdum og sliti á ökutækjum. Þjóðhagslegur sparnaður yrði án efa verulegur og langtíma ávinningur mikill.

„Eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar“

Vilhjálmur Árnason alþingismaður ritaði nýlega áhugaverða grein í tímaritið Þjóðmál þar sem hann ræðir um samgöngumál sem eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar. Þar segir hann m.a.:

„Umferðarslys eru tíunda algengasta dánarorsök í heiminum, en 1,3 milljónir manna láta lífið árlega í umferðarslysum.“

Bendir hann á að Alþjóða-heilbrigðismálastofnunin, WHO hafi m.a. beint athyglinni að alvarleika þessa máls og hafist handa við herferð um umferðaröryggi undir nafninu „Decade of Action“, eða áratugur aðgerða.

Segir Vilhjálmur að margar tilraunir hafi verið gerðar til að meta kostnaðinn af umferðarslysum, bæði á Íslandi og erlendis. Samkvæmt slysaskráningu Samgöngustofu slasist alvarlega eða láti lífið í umferðinni hér á landi að meðaltali 200 manns á ári og um 1.400 slasist minni háttar.

„Þetta eru slys sem skilja eftir sig mikinn harmleik í samfélaginu og skilja oft á tíðum ungt og efnilegt fólk eftir örkumla eða verða til þess að það kveður heiminn langt fyrir aldur fram.“

Vilhjálmur vísar einnig til fyrirspurnar á Alþingi til heilbrigðisráðherra þann 18. desember 2015. Þar var spurt um kostnað heilbrigðiskerfisins vegna umferðarslysa hérlendis.



Frönsk/evrópsk Eurocopter EC225 Super Puma.



Rússnesk Kazan Mi-17 II.



Rússnesk Kamov Ka-27.



Bandarísk Sikorsky HH-3F Pelican. Allt eru þetta þyrlur sem m.a. hefði verið mögulegt að kaupa fyrir fjármuni sem innheimtir eru af bifreiðaeigendum en hafa ekki verið notaðir í vegagerð.



Vilhjálmur Árnason.



Götótt slitlag veldur miklum þjóðhagslegum skaða vegna tjóns á bílum og slysa á fólki.

Kostnaður af hverju banaslysi mörg hundruð milljónir króna

Í svari heilbrigðisráðherra kom fram að umferðarslys væru ein af sex algengustu orsökum innlagna á sjúkrahús. Þær væru um 8% af komu og innlögnum á Landspítalann. Þá kæmu 100 einstaklingar, eða um 10% af heildarfjölda sjúklinga, til meðferðar á Reykjalundi vegna umferðarslysa.

Í svarinu er einnig vísað til skýrslu eftir Harald Sigþórsson og Vilhjálm Hilmarsson frá því í maí 2014. Þar kemur fram að kostnaður sem hlýst af hverju banaslysi á verðlagi ársins 2013 er metinn 659,6 milljónir króna. Af hverju alvarlegu slysi var kostnaðurinn þar metinn á 86,4 milljónir króna. Heildarkostnaðurinn af umferðarslysum á árinu 2013 var metinn 48.486 milljónir króna. Segir Vilhjálmur í grein sinni að þetta komi heim og saman við útreikninga sem ýmsir hafi notað hér á landi og í öðrum löndum við mat á kostnaði af umferðarslysum. Þar sé miðað við að kostnaðurinn geti verið um 2 til 2,5% af landsframleiðslu á ári.

Vilhjálmur bendir á að rétt sé að árétta að ekki verði allur sá kostnaður sem skapast vegna umferðarslysa metinn til fjár, eins og ástvinamissir og samfélagslegur skaði. Í kringum hvern einstakling sem slasast í umferðinni geti staðið fjöldi fólks sem slysið hefur líka áhrif á.

Niðurbrot vegakerfisins eykst mjög hratt vegna örrar fjölgunar ferðamanna

Hafa ber í huga að þetta eru tölur frá árinu 2013 þegar heildarfjöldi ferðamanna sem komu til landsins voru rúmlegar 807 þúsund. Síðan hefur ferðamönnum fjölgað verulega og nær allir fara þeir út í umferðina. Það þarf engan sérfræðing til að sjá að þetta hefur stóraukið slit vegakerfisins. Því hefði nú kannski verið skynsamlegt af stjórnvöldum að láta sérfræðinga í burðarþoli og sliti vega meta álagsaukninguna og hvað þörf sé á miklum fjármunum árlega til að koma í veg fyrir slíkt niðurbrot.

Frá árinu 2013 má gera ráð fyrir að vegna gríðarlega aukins álags á þjóðvegum landsins þá leiði það til aukningar á alvarlegum umferðarslysum. Það höfum við reyndar verið illilega minnt á í fréttum að undanförnu af ítrekuðum stórslysum. Þar hefur Landspítalinn okkar margsinnis farið yfir öll skynsamleg þolmörk og hefur það bitnað á öðrum sjúklingum. Þar hljóta menn líka að fara að horfa á það alvarlegum augum að vera með slíkan neyðarspítala staðsettan í botnlanga og í flöskuhálsi mestu umferðarsúpu landsins. Vonandi auðnast fólki að fara að ræða það af vitrænni skynsemi en ekki út frá einhverjum þröngum flokkspólitískum rétttrúnaðarkreddum. Án efa neyðast menn til að hugsa dæmið upp á nýtt ef ekki á illa að fara. Þar hlýtur að koma til álita að skipta starfseminni upp og hafa í það minnsta hluta af sérhæfðri neyðarþjónustu í öðrum nýjum spítala sem yrði með mun betra aðgengi og liggi betur við helstu samgönguæðum.

Ríflega fjórföldun ferðamanna á átta árum

Á árinu 2010 var heildarfjöldi ferðamanna sem hingað kom tæplega 498 þúsund og 566 þúsund árið 2011. Árið 2012 voru ferðamennirnir tæplega 673 þúsund, rúmlega 807 þúsund árið 2013, rúmlega 997 þúsund árið 2014. Þeir voru orðnir tæplega 1,3 milljónir árið 2015 og tæplega 1,8 milljónir árið 2016. Þá komu nærri 2,2 milljónir ferðamenn til Íslands á árinu 2017 samkvæmt tölum Ferðamálastofu.

Kostnaður vegna umferðarslysa fer líklega yfir 73 milljarða í ár

Ef áætluð landsframleiðsla á árinu 2017 er 2.617 milljarðar króna, þá er 2,5% áætlaður kostnaður vegna umferðarslysa samtals rúmir 73 milljarðar króna. Það er nánast sama upphæð og gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 2018 að innheimta af eigendum ökutækja. Það er nærri 3,5 sinnum meira en verja á til viðhalds og nýbygginga í vegakerfinu á árinu 2018. Það er því mikið til vinnandi að ná þessum kostnaði niður með verulegum umbótum á vegakerfinu. Allt annað hlýtur að teljast algjörlega óásættanlegt og í raun stóralvarlegur hlutur og glapræði í öllum skilningi.

UTAN ÚR HEIMI



Leirherinn Qin Shihuang Di, fyrrverandi keisara, í Xian er eitt þeirra undra í Kína sem skoðað verður í ferðinni.

Kínaklúbbur Unnar:

Kínaferð Unnar á ári hundsins

Unnur Guðjónsdóttir, sem stendur fyrir Kínaklúbbi Unnar, hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra ferða til Kína undanfarin ár. Að þessu sinni býður Kínaklúbburinn upp á 19 daga fróðleiks- og skemmtiferð til Kína á ári hundsins. Þetta verður 39. hópferðin sem hún skipuleggur og leiðir um Kína.

Unnur segðir að ferðin verði farin dagana 25. maí til 12. júní næstkomandi. „Þrátt fyrir að dagskrá ferðarinnar sé digur er ferðin ekki erfið. Fólk á öllum aldri og einnig börn hafa bæði gagn og gaman af þessari ferð. Kína breytist óðfluga, svo ef fólk vill sjá eitthvað af gamla Kína þá er um að gera að bíða ekki með að fara þangað."

Í ferðinni verða borgirnar Shanghai, Suzhou, Tongli, Guilin, Yangshuo, Xian og Beijing heimsóttar. Farið verður í skemmtisiglingu á Li-fljótinu og gengið á Kínamúrinn. Að sögn Unnar er heildarverð á mann 660 þúsund krónur og er þá allt innifalið, það er að segja full dagskrá samkvæmt ferðaskrá, gisting í tvíbýli á 4 til 5 stjörnu hótelum, fullt fæði með máltíðardrykkjum, skattar og gjöld, staðarleiðsögumenn og fararstjórn Unnar. Hún segir að 100 þúsund krónur bætist við hótelkostnaðinn kjósi fólk að vera í einbýli. */VH*



Í kjúklingabúi sem er verið að reisa í Kína verða aldir 100 milljón fuglar á ári til kjötframleiðslu.

Risakjúklingabú í Kína:

100 milljónir fugla til kjötframleiðslu

Verið er að reisa kjúklingabú í Kína sem hýsa mun 100 milljón hænsnfugla til kjötframleiðslu. Gert er ráð fyrir að ársframleiðslan verði um 200.000 tonn á ári og verður slátrun og fullvinnsla afurða í tengslum við búið.

Framkvæmdir við búið eru þegar hafnar og er það staðsett skammt utan við borgina Hengshui í Hebei í Norður-Kína. Í yfirlýsingu frá borgaryfirvöldum í Hengshui segir að búið verði mikil lyftistöng bæði fyrir borgina og svæðið í heild þar sem mörg störf skapist í og í kringum kjúklingabúið.

Búið er reist í samvinnu við stjórnvöld í Kína og sagt vera hluti af áætlun stjórnvalda til að draga úr fátækt í Kína og tryggja fæðuöryggi.

Markaður fyrir kjúklingakjöt í Kína er mikill og eykst ár frá ári. Fyrirtækið sem stendur að baki byggingu búsins heitir Charoen Pokphand Food. Það er með höfuðstöðvar í Taílandi og er þetta annað stóra kjúklingabúið sem það reisir í Kína. Auk kjúklingaframleiðslu og vinnslu hefur Charoen Pokphand ítök í smásöluverslun, bankastarfsemi og lyfjaframleiðslu í Kína og víðar í Asíu.

Önnur stórtæk kjúklingaframleiðslufyrirtæki í Kína eru Guangdong Wens Foodstuff Co og Tongwei Group. */VH*





Ástralskur eldfálki.

Fljúgandi brennuvargar:

Fuglar kveikja elda

Rannsóknir á atferli fugla í Ástralíu staðfesta að ákveðnar tegundir ránfugla eru ábyrgar fyrir útbreiðslu sinubruna og að fuglarnir eigi það einnig til að kveikja eldana sjálfir.

Safnað hefur verið fjölda frásagna frá sjónarvottum sem segjast annaðhvort hafa séð ránfugla, til dæmis fálka, lækka flugið og grípa með sér glóandi grein og sleppa henni yfir svæði þar sem enginn eldur logar. Sinubrunar af völdum eldinga eru algengir í Ástralíu og af frásögnunum að dæma hafa fuglarnir lært að notfæra sér eldinn til að lokka fram bráð úr felustað sínum þar sem fuglarnir sitja fyrir henni.

Innfæddir Ástralíubúar hafa lengi sagt að fuglarnir, sem þeir kalla eldfálka, eigi það til að kveikja elda með þessum hætti. Fram að þessu hefur verið litið svo á að frásagnir þeirra séu hluti af þjóðtrú en eigi ekki við rök að styðjast.

Að söng ástralsks slökkviliðsmanns kann atferli fuglanna að skýra af hverju sinu- og kjarreldar virðast stundum kvikna og breiðast út af sjálfu sér í nágrenni og stundum töluverðari fjarlægð, allt að kílómetra, frá öðrum eldum. */VH*

Hljóðsokkar á stóla

Dempar hljóð um allt að 18dB.
Minnkar slit á gólfi.
Má þvo í þvottavél.
Mjög létt að setja á og taka af.
Bráðnauðsynlegt í skóla, mötuneyti og allstaðar þar sem að fjölmenni kemur saman.





Verð 862 kr. stykkið
(Þrír litir)

Leitið tilboða í stærri kaup
www.stalidjan.is

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Stáliðjan ehf - Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

LÍMTRÉ
STERKT - HLÝLEGT - HAGKVÆMT

ALLAR GERÐIR BURÐARVIRKJA ÚR **LÍMTRÉ** FÁST HJÁ **HÝSI**
STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



VIÐ FINNUM LAUSNINA MEÐ ÞÉR

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6, 113 Reykjavík
Sími 534 6050 | hysi@hysi.is | **www.hysi.is**

HÝSI

Bændablaðið *er lesið um land allt*
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og á öll lögbýli á Íslandi – ***Smáauglýsingar 56-30-300***
Næsta blað kemur út 8. febrúar

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is



Áburðarverð hefur hækkað um 10 til 14 prósent

Verðskrár áburðarsala liggja nú fyrir og eru aðgengilegar á vefjum þeirra. Meðalverðhækkanir eru í kringum 10 til 11 prósent frá því í fyrra og vega hækkanir á heimsmarkaði þyngst.

Lífland býður upp á 16 tegundir

Jóhannes Baldvin Jónsson, deildarstjóri ráðgjafar og vöruþróunar hjá Líflandi, segir að vorið 2016 hafi áburður lækkað nokkuð frá fyrra ári og í fyrra urðu einnig allsnarpar lækkanir, eða 20–25 prósent frá fyrra ári. „Nú erum við að sjá 10–11 prósent meðalhækkun milli ára og vegur þar erlend hækkun mest þó svo að gengið sé líka að spila með.

Lífland býður í ár upp á 16 vörutegundir og er áhersla lögð á að bjóða aukið úrval af selenbættum vörum þetta árið. Til viðbótar höfum við bætt við okkur tvígildum DAP áburði með háu fosfórhlutfalli auk kornaðs kalks.“

Nýr kostur hjá Skeljungi

Lúðvík Bergmann, sölustjóri áburðar hjá Skeljungi, segir að fyrirtækið markaðssetji Sprettinn nú þrettánda árið í röð. „Undanfarin ár höfum við verið að kynna nýjan kost fyrir bændur, Sprettur+OEN, sem getur lækkað áburðarreikninginn svo um munar. Bændur hafa tekið þessari nýjung fagnandi og salan aukist um 100 prósent á þessum tegundum milli ára.

Verðskrá Spretts hækkaði um 11 prósent að meðaltali frá 2017 og kemur það til vegna erlendra hækkana að mestu, en einnig vegna veikara gengis krónunnar.“

Áburðarsala fer vel af stað

Að sögn Einars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Búvís, varð verðhækkun milli áranna 2017 og 2018, eftir verðlækkanir undanfarinna tveggja ára þar á undan. „Hækkunin er misjöfn eftir tegundum en nemur að meðaltali 9,68 prósentum.

Orsaka þessara hækkana má finna í hækkun á heimsmarkaðsverði. Mest er hækkunin á köfnunarefni. Hagstæðara gengi dollars nú miðað við sama tíma í fyrra dregur hins vegar úr hækkuninni. Búvís býður upp á nánast sama úrval á áburði og í fyrra og hefur áburðarsala farið mjög vel af stað það sem af er árinu.“

Tvær nýjar tegundir hjá SS

Elías Hartmann Hreinsson, deildarstjóri búvörudeildar hjá Sláturfélagi Suðurlands, segir áburðarverð á Yara-áburði hafa hækkað um 14 prósent á milli áranna 2017 og 2018. „Munar þar mestu um hækkun á köfnunarefni sem hækkaði um 18 prósent ásamt umtalsverðri hækkun á fosfór og kalí á milli ára sem og veiking gengis íslensku krónunnar.

Sláturfélag Suðurlands kemur með tvær nýjar áburðartegundir með seleni á markaðinn þetta árið; tvígildan áburð (NP 25 - 2 se) og þrígildan áburð (NPK 23-3-8 se).

Við niðurstöður heyefnagreininga kemur í ljós að selen í Yara-áburði skilar sér að fullu í gróffóðrið.“

Verðþróun snúist við

Sigurður Þór Sigurðsson segir að á undanförnum tveimur árum hafi verð á áburði lækkað á alþjóðlegum mörkuðum í erlendri mynt og á sama tíma hefði gengi krónunnar styrkst. „Fyrir þessa áburðarvertíð snerist þessi þróun við. Innkaupsverð áburðar hækkaði í erlendri mynt, verð á skipaflutningum hækkaði og gengi krónunnar veiktist miðað við sama tímabil fyrir ári síðan. Veiking krónunnar hefur raunar haldið áfram síðan verðskrá Fóðurblöndunnar var birt.

Verðskrá Fóðurblöndunnar hækkaði um 14 prósent frá fyrra ári eftir að hafa lækkað samtals um rétt tæplega 40 prósent samtals á síðustu tveimur árum þar á undan.

Vöruskráin okkar er lítið breytt enda byggja okkar áburðarformúlur á áralangri reynslu íslenskra bænda. Undanfarin ár hefur verið bætt við fleiri tegundum sem innihalda selen.“

/smh



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Vegagerðin hafa ákveðið að auka vetrarþjónustu og hálkuvarnir á ákveðnum köflum á þjóðvegakerfinu í því skyni að bæta umferðaröryggi.

Kostnaður við aukna vetrarþjónustu nemur um 100 milljónum króna

– Brýn þörf orðin á að endurskoða reglur um snjómokstur

Kostnaður við aukna vetrarþjónustu Vegagerðarinnar nemur um 100 milljónum króna. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Vegagerðin hafa ákveðið að auka vetrarþjónustu og hálkuvarnir á ákveðnum köflum á þjóðvegakerfinu í því skyni að bæta umferðaröryggi.

Ráðherra og vegamálastjóri hafa að undanförnu kannað með hvaða hætti og hvar helst þarf að bæta þjónustuna og Vegagerðin hefur áætlað kostnað við þessa auknu þjónustu, en hækkað þjónustustig vegna aukinnar vetrarþjónustu, m.a. með fleiri mokstursdögum er talinn kosta um 100 milljónir króna. Breytingarnar munu verða framkvæmdar eins hratt og unnt er með þeim tækjum og búnaði sem er til staðar.

Fram kemur í máli Sigurðar Inga Jóhannssonar samgönguráðherra á vef Vegagerðarinnar að brýnt sé að bæta vetrarþjónustu víða um land vegna aukinnar umferðar bæði vegna atvinnusóknar milli byggðarlaga og aukinna umsvifa ferðaþjónustu sem bjóði í síauknum mæli upp á ferðir víða um land árið um kring. „Með þessu eykst öryggi á þjóðvegunum enda nauðsynlegt að koma til móts við aukinn umferðarþunga og tryggja öruggar samgöngur allt árið. Reglur um snjómokstur hafa ekki verið endurskoðaðar í nokkur misseri og þörfin var orðin brýn. Við tryggjum meira fé til þjónustunnar í þágu aukins öryggis en um leið vil ég minna á að við þurfum alltaf að aka eftir aðstæðum og huga að hinum íslenska vetri,“ segir ráðherra.

Aukin viðvera og meiri hálkuvarnir

Á hringveginum verður þjónusta á kaflanum milli Víkur og Jökulsárlóns færð upp um þjónustuflokk. Felst aukin þjónusta bæði í aukinni viðveru og meiri hálkuvörnum. Suðurstrandarvegur er færður upp um flokk og fær 5 daga þjónustu í stað 2 daga áður. Þá verður þjónusta aukin á nokkrum ferðamannavegum á Suðurlandi þar sem umferð hefur aukist mjög, svo sem á Dyrhólavegi og við Skógafoss. Einnig verður þjónusta aukin á nokkrum stöðum í uppsveitum á Suðurlandi, m.a. á Skeiðavegi, Landvegi, Búrfellsvegi og víðar.

Mokstursdögum að Hvanneyri fjölgað

Þjónusta á milli Borgarness og Vegamóta á Snæfellsnesi verður færð upp um þjónustuflokk sem og á milli Borgarness og Hvanneyrar. Mokstursdögum verður fjölgað úr tveimur í fimm og þjónustustig á leiðinni í Húsafell verður einnig uppfært. Þá verður þjónusta á Útnesvegi aukin en umferð um hann er meiri en á veginum yfir Fróðárheiði þar sem þjónusta hefur verið meiri. Á þessum köflum hefur umferð aukist mjög síðustu misseri bæði vegna ferðamanna og eins atvinnusóknar.

Á Vestfjörðum verður þjónusta aukin í nágrenni Bíldudals og í Skutulsfirði og á Norðurlandi á Svarfaðardalsvegi, í Eyjafirði og á nokkrum stöðum á Norðausturlandi.

/MÞÞ

MAST krafðist aflífunar á nautgripum frá Eystri-Grund í mars á síðasta ári eftir að þeir komust í kjötmjöl:

Bætur fyrir gripina verða ekki metnar fyrr en þeim hefur verið fargað

– Engin neyðarslátrun í boði vegna slíkra mála, segir Viktor Pálsson, forstöðumaður samhæfingarsviðs Matvælastofnunar

Nautgripunum frá bænum Eystri-Grund við Stokkseyri sem komust í kjötmjöl sem bannað er að gefa nautgripum, hefur enn ekki verið fargað, þó að úrskurður um það hafi legið fyrir í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu í lok marsmánaðar á síðast á ári. Á þeim tíma hefur bóndinn þurft að standa straum að fóðurkostnaði fyrir gripina án þess að fá metnar bótagreiðslur fyrir þá.

Forsagan er sú að þann 27. mars á síðasta ári lagði Matvælastofnun bann á markaðssetningu afurða frá bænum, slátrun til manneldis og flutning gripanna. Skýringin var sú að um 140 nautgripir á bænum höfðu aðgang að óvörðum og götuðum sekkjum af kjötmjöli sem ætlað var að nota sem áburð. Ekki er heimilt að nota kjötmjöl sem fóður fyrir dýr í matvælaframleiðslu, vegna hættu á kúariðusmiti. Í tilkynningu Matvælastofnunar frá því í mars á síðasta ári kom fram að ummerki á staðnum bentu til að nautgripir hafi verið við sekkina og þeir hafi sleikt og étið kjötmjöl úr þeim.

Útgjöld vegna fóðurkaupa

Í byrjun þessa árs var greint frá því í fréttum Ríkisútvarpsins að nautgripirnir væru enn á lífi og var haft eftir Sævari Ástmundssyni, bónda á Eystri-Grund, að þessar tafir hefðu kostað hann mikil útgjöld vegna kaupa á fóðri. Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar, gaf þær skýringar að skortur á aðstöðu, vangeta sláturhúsa til að taka við nautgripunum og ósk frá bóndanum um að fresta förgun hafi leitt til að drátturinn varð. Vildi bóndinn athuga réttarstöðu sína gagnvart ákvörðun ráðuneytisins og síðan fá staðfestingu á bótum – og þetta tafði málið. Frestun förgunar var hafnað í júní. Annir í sláturhúsum í sláturtíðinni í haust töfðu svo málið enn frekar, því ekki var hægt að taka nautgripina þar inn á meðan.

Að aflokinni sláturtíð, þegar til stóð að fara með gripina í sláturhús, var bóndinn ekki tilbúinn að gera það nema staðfesting á bótum lægi fyrir. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu verður bótafjárhæðin ekki ákveðin fyrr en búið er að farga dýrunum.

Neyðaraflífun átti ekki við

Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, hefur gagnrýnt málsmeðferðina og benti á það í umfjöllun Ríkisútvarpsins að til væru ferlar sem gera ráð fyrir að hægt sé að koma neyðarslátrun við undir þessum kringumstæðum. Dýralæknir geti þannig í krafti embætti síns komið slíkum gripum í gegnum sláturhús og þeim fargað svo fljótt sem auðið er. Hann hefur líka gagnrýnt að ekki sé vilji til að reikna út bætur fyrir Sævar bónda, þar sem fyrir liggur hver aldur og fjöldi gripanna sé.



Viktor Stefán Pálsson, forstöðumaður Samhæfingarsviðs Matvælastofnunar, segir að í tíð eldri reglugerðar um slátrun hafi neyðarslátrun átt við þegar dýr voru aflífuð utan sláturhúss, samkvæmt ákvörðun dýralæknis, vegna slyss eða af öðrum ástæðum.

„Í núgildandi reglugerð er talað um neyðaraflífun og er þá átt við aflífun dýra sem eru með áverka eða sjúkdóm sem hefur í för með sér mikinn sársauka eða þjáningu. Í tilviki nautgripanna á Eystri-Grund var þessu ekki fyrir að fara og engin neyð sem knúði á um að krefja sláturleyfishafa til að breyta sláturplönum og riðla þannig sláturtíðinni með því að taka daga frá til að slátra fjölda nautgripa frá Eystri-Grund,“ segir Viktor.

Engar bætur ákvarðaðar fyrr en búið er að farga

Elísabet Anna Jónsdóttir, lögfræðingur í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, segir í svari við fyrirspurn frá Bændablaðinu að um kostnað og bætur vegna slíkra aðgerða sé fjallað í 6. kafla laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

„Til að komast að niðurstöðu um bótafjárhæð í málum sem þessum þurfa að liggja fyrir upplýsingar um meðal annars fjölda og aldur gripa, sem liggja ekki fyrir samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur því ekki undir höndum nein haldbær gögn til að styðjast við til að meta bætur vegna málsins,“ segir Elísabet. Hún bætir við að ráðuneytið hafi samið við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um að taka að sér að aðstoða við mat á bótum vegna málsins. Spurð um það hvort ekki sé hægt að nálgast upplýsingar um aldur og fjölda gripa hjá héraðsdýralækni til að mynda, segir hún að ráðuneytið muni að svo stöddu ekki veita ítarlegri upplýsingar um efnistök málsins sem það hefur til meðferðar. Vísar hún til fyrra svars hvað varðar fyrirliggjandi gögn og þá lagaheimild sem ákvörðun byggir á.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er nú stefnt á að búið verði að farga gripunum í febrúar.

/smh



HÁGÆÐA DANSKAR
ÞVOTTAHÚSINNRÉTTINGAR, FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR


VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM


ÚRVAL INNRÉTTINGA


GOTT SKIPULAG


VÖNDUÐ GÆÐAVARA

OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 09 til 15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum

Led húsnúmer
Falleg húsnúmer • sérsmíðum númer á öll hús
• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer
• Sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp og við setjum það á facebooksíðuna okkar

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



ÍSLENSK HÖNNUN FYRIR FERÐAÞJÓNUSTUNA
Rúmföt, lök, sængur, koddar, handklæði, svuntur, dúkar og púðar. Fáðu tilboð hjá okkur.
sala@lindesign.is, sími 533 2220

Lin DESIGN
SMÁRATORGI | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS



NÁÐU TAKI VIÐ KREFJANDI AÐSTÆÐUR
MEÐ BESTGRIP NÖGLUNUM

BestGrip Power Stud

BestGrip naglarnir ná kraftmiklu gripi við akstur á ís og í snjó. Gríðarsterkir ískrúfanlegir naglar sem skrúfa má í hvers kyns dekk, til dæmis dráttarvéladekk. Sérhannaður fleygskurður tryggir öruggt sæti í dekki. Margar gerðir fáanlegar, fyrir mismunandi aðstæður. Erum einnig með skónaglasett.

ÍTÖLSK GÆÐAFRAMLEIÐSLA

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5280 / klettur.is

Vísinda- og rannsóknasjóður Suðurlands:

Sigrún og Sigríður fengu hvor sínar 750.000 krónurnar í styrki

Þann 11. janúar síðastliðinn voru veittir styrkir til náms úr Vísinda- og rannsóknasjóði Suðurlands. Styrkþegar að þessu sinni voru tveir og fengu hvor um sig 750.000 krónur.

Annars vegar var það Sigríður Jónsdóttir til að vinna að MA-verkefni sínu „Beittar uppgræðslur á hálendi Íslands, reynsla bænda, aðferðir og árangur“. Markmið verkefnis er að afla þekkingar meðal bænda, sem hafa unnið að uppgræðslu á hálendinu, til að geta nýtt og miðlað þekkingu þeirra á skilvirkari hátt en nú er gert. Hins vegar fékk Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir styrk til að vinna að MA-verkefni sínu „Málefni Breiðamerkursands og evrópski landslagssáttmálinn“. Markmið verkefnis er að kanna hvaða áhrif evrópski landslagssáttmálinn gæti haft á málefni Breiðamerkursands. Styrkurinn var afhentur af forseta Íslands, herra Guðna Th. Jóhannessyni, á hátíðarfundi Fræðslunetsins sem haldinn var í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Suðurlands. Sigrún Inga er í námi við Háskóla Íslands og Sigríður við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Sigrún Inga (t.h.) og Sigríður, ásamt Sveini Aðalsteinssyni, formanni dómnefndar, og hr. Guðna Th.Jóhannessyni, forseta Íslands.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.



Sigurður með viðurkenninguna og blómvönd, ásamt Gunnari Þorgeirssyni, formanni stjórnar SASS, og hr. Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.

Sigurður hlaut menntaverðlaun Suðurlands

Við sama tækifæri og styrkirnir voru afhentir úr Vísinda- og rannsóknasjóði Suðurlands veittu Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) menntaverðlaun samtakanna fyrir árið 2017.

Þrjár tilnefningar bárust. Stjórn SASS var sammála um að verðlaunin færu til Sigurðar Sigursveinssonar, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands og fyrrverandi skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Sigurður tók auðmjúkur við verðlaununum um leið og hann þakkaði fyrir sig og það góða starfsfólk sem hefur unnið með honum í gegnum árin.

/MHH



Endurmenntun LbhÍ

Meðferð varnarefna
Haldið í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið og Landssamtök meindýraeyða
Ætlað þeim sem sækjast eftir að fá notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörur vegna notkunar í landbúnaði, garðyrkju og við eyðingu meindýra.
Hefst 26. febrúar hjá LbhÍ í Reykjavík

Rúningsnámskeið
Allt sem snýr að vélrúningi á sauðfé. Einnig er farið yfir helstu atriði við meðferð, flokkun og frágang á ull.
Hefst 9. mars hjá LbhÍ á Hesti í Borgarfirði

Hænsnahald í sveit og bæjum!
Allt sem snýr að ræktun hænsfugla, allt frá undirbúningi til uppeldis.
Haldið 10. mars á Kirkjubæjarklaustri

Sútun á lambgærum
Verklegt námskeið þar sem fjallað verður um ferli sútunar á lambgærum og handverkið í kringum sútunarferlið.
Hefst 16. mars hjá LbhÍ á Hvanneyri

Húsgagnagerð úr skógarefni I
Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur
Á námskeiðinu læra nemendur að setja saman koll og bekk úr því sem til fellur við grisjun skóga.
Hefst 16. mars á Snæfoksstöðum í Grímsnesi

Ræktum okkar eigin ber
Hverjar eru þarfir mismunandi tegunda með tilliti til jarðvegs, áburðar, klippingar og annarrar umhirðu?
Haldið 17. mars hjá LbhÍ á Reykjum

Trjá- og runnaklippingar
Verkleg kennsla í bland við bóklega þar sem farið verður yfir það hvernig meta eigi ástand trjáa og runna þegar kemur að klippingu.
Haldið 17. mars hjá LbhÍ á Reykjum

Húsgagnagerð úr skógarefni II
Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur
Húsgagnagerð tekin skrefinu lengra, nemendur fara mun dýpra í ferlið frá hönnun til vöru.
Hefst 13. apríl á Snæfoksstöðum í Grímsnesi

www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000



Snuðra með hornin sín þrjú eftir að það fjórða brotnaði þegar hún var 8 vetra.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Vorsabær II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Þríhyrnd Snuðra og glómóvindóttur hestur

Á bænum Vorsabæ II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hjá Stefaníu Sigurðardóttur og Birni Jónssyni eru margar sérstakar og skemmtilegar skepnur. Þau eru t.d. með geitur, hesta, kindur, kött, hund og þar er líka ferðaþjónusta.

Töluvert er af ferhyrndu fé á bænum, m.a. kindin Snuðra, mórauð á 10. vetri. Hún missti fjórða hornið sitt þegar hún var 8 vetra. Hún er undan mórauðum tvíhyrndum hrút sem hét Bambínó og móðir hennar var svört, ferhyrnd og hét Furða.

Í Vorsabæ er líka fallegur hestur með mjög sérstakan lit. Hesturinn heitir Hagur og er á 6. vetri. Hann er glómóvindóttur og fékk litinn frá móður sinni sem er með sama lit. Faðir hans heitir Hreyfill frá Vorsabæ 2 sem er einn af hæst dæmdu klárhestum í heiminum.



Hagur, sem er glómóvindóttur, er hér með Sigurbjörgu Báru Björnsdóttur sem býr í Vorsabæ og stundar nám við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Móðir Hags heitir Tíska frá Vorsabæ 2. „Við eigum ekki fleiri hesta með þessum lit en hún Tíska hefur gefið litfögur afkvæmi, m.a. vindótt og moldótt,“ segir Stefanía. */MHH*



HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðs-menn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
464 9955

www.byggd.is

SKIPAGATA 16 ◇ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17 ◇ SÍMI: 464 9955 ◇ FAX: 464 9901



Loðdýrabú á Sauðárkróki

Húsnæði til reksturs minkabús að Gránumóum fyrir ofan Sauðárkrók, við hlið fóðurstöðvar, er til sölu.
Samtals er stærð fasteigna um 6.700 fm. og framleiðslugeta er um 15.000 skinn á ári.
Búið var rekið frá 1971 til 2016. Auðvelt er að taka aftur dýr í húsin eða nota eignirnar til annars konar rekstrar.

Nánari upplýsingar má nálgast á skrifstofu Fasteignasölunnar Byggð.

Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

WALTERSCHEID



HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR OG KÚPLINGAR

VANDAÐIR KROSSAR

BENZI & DI TERLIZZI srl

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI Á ÞÍNUM BÆ?
GOTT ÚRVAL AF ÖRYGGISHLÍFUM - HAGSTÆTT VERÐ



VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

RAFSTÖÐVAR





KIPOR RAFSTÖÐVAR
- 1-6 KVA
- Mjög hljóðlátar (54-75 dB)
- Fyrir bændur og iðnaðarmenn
- Í húsbílinn, sumarbústaðinn o.fl.

LJÓSBOGINN.IS

✔ Bíldshöfði 14, 110 Reykjavík
✔ Sími: 553 1244
✔ ljosboginn@ljosboginn.is
✔ www.ljosboginn.is

Aukin þjónusta fyrir viðskiptavini RML

Frá og með 1. febrúar geta viðskiptavinir *RML* nálgast sína reikninga og yfirlit á heimasíðu *RML*.

Reikningarnir eru undir flipanum **Mínar síður** efst til hægri á síðunni.

Við stefnum að því að í nánustu framtíð verði öll okkar viðskipti pappírslaus og er þetta liður í þeirri vegferð.

Þeir sem vilja pappírslaus viðskipti er bent á að senda beiðni á **bokhald@rml.is** eða fara inn á mínar síður og senda beiðnina þaðan.

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is

VÍKURVAGNAR EHF.

HESTAKERRUR - GRIPAVAGNAR



HESTAKERRA
HB 610 - FYRIR 5-6 HESTA
VERÐ
2.190.000 með vsk.

GRIPAFLUTNINGAKERRA
TA 510 - FYRIR 4-5 HESTA
VERÐ - 1.570.000 með vsk.
TA 510 – FYRIR 4-5 HESTA MEÐ MILLIGÓLFI
VERÐ – 1.850.000 með vsk.
TA 5 – FYRIR 2-3 HESTA
VERÐ – 1.200.000 með vsk



VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is





Hjáleigan, litla fallega kaffihúsið við hlið Minjasafnsins, vill eignast vin/vinkonu, sem kann að baka og elskar að taka á móti gestum. Fyrirspurnir og umsóknir berist til Bjargar, bustarfell@simnet.is

Umfangsmikil jarðrækt er á Sandhóli í Meðallandi:

Íslenskir hafrar á leið í verslanir

– og kemur í kjölfar heimaframleiddu, kaldpressuðu og hnausþykku repjuolíunnar

Á bænum Sandhóli í Meðallandi í Skaftárhreppi er stunduð umfangsmikil jarðrækt samhliða kúabúskap. Um nokkurra ára skeið hafa bændurnir þar, í samstarfi við nágranna sína, verið að prófa sig áfram með ræktun á nokkrum ræktunartegundum sem ætlaðar eru til manneldis; meðal annars repju og höfrum. Íslenskir hafrar frá Sandhóli eru einmitt á leið í Bónusverslanir á næstu vikum.

Fyrir skemmstu var sagt frá því í fjölmiðlum að heimaframleidd repjuolía frá Sandhóli væri á leið í Bónus og mun hún vera væntanleg í fleiri verslanir innan skamms.

Meðallandið hentar vel til ræktunar.

„Við höfum almennt áhuga á aukinni ræktun og hjá okkur í Meðallandinu henta aðstæður vel til ræktunar," segir Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli. „Við erum töluvert sunnar en Reykjavík á landakortinu og allt land er slétt og laust við grjót. Hér er hægt að gera stóra slétta akra sem henta vel fyrir nútímatæki.

Samhliða ræktun erum við að byggja upp nokkuð stórt kúabú á íslenskan mælikvarða, þar sem eingöngu eru ræktaðir nautgripir með kjötframleiðslu í huga. Þetta tvennt fer vel saman því túnrækt er nauðsynleg í skiptirækt hjá okkur og afurðir sem falla til við úrvinnslu á vörum úr ræktuninni, nýtist í fóður og undirburð."



Repjuakur á Sandhóli í blóma. Mynd / Sandhóll



Örn Karlsson í repjuolíuvinnslunni. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Hafrarnir frá Sandhóli eru á leið í verslanir á næstu vikum.

Samvinna bænda

Ábúendur á Efri-Ey 1 og Grund eru í samstarfi við Sandhólsbændur og segir Örn að allar jarðirnar séu nýttar við ræktun og beit, þótt byggingar og vinnslan séu á Sandhóli.

„Við höfum líka ræktað bygg og vetrarrúg sem fer í bruggverksmiðju. Við þurrkum, hreinsum og stærðarflokkum byggið og rúginn, látum það stærsta frá okkur en nýtum annað til fóðrunar á nautgripum. Hálmurinn er að mestu nýttur undir nautgripina okkar, en nágrannar okkar kaupa einnig af okkur hálm," segir Örn.

Hratið nýtist sem próteingjafi í nautaeldinu

Örn segir að „repjuolían" þeirra sé í raun olía úr nepju – sem er káltegund náskyld repjunni, en enginn útlitsmunur er á þeim. Olía úr þessum jurtum sé jafnan seld sem repjuolía. „Við höfum náð góðum tökum á þessari ræktun eftir að við fórum að notast eingöngu við vornepju," segir Örn, en henni er sáð að vori og hún svo skorin upp um haustið. „Öll yrki af vornepju sem við höfum komist í hafa hentað okkur þótt nú um stundir sé erfitt að fá nokkuð annað en Cordelia-yrkið. Vetrarafbrigðin henta ekki vel í okkar sveit enda geta veturnir verið ansi umhleypingasamir. Haustveður hafa lítil áhrif á þessar jurtir, utan þess að við lentum einu sinni í tjóni út af hagli sem buldi á okkur einn haustdag – áður en búið var að koma öllu í hús. Fræið af nepjunni er kaldpressað og við náum um 35 prósent af þyngd fræsins í formi olíu; þannig að þegar við pressum eitt tonn af fræi fást 350 kíló af olíu. Afgangurinn er repjuhrat sem við nýtum sem próteingjafa í nautaeldinu og losnum þannig við að kaupa fiskimjöl. Hálminn nýtum við einnig undir nautgripi. Olían sem kemur úr pressunni er síuð og þá er hún tilbúin til neyslu," segir Örn.

Kaldpressuð olían er með hnetukeim og hollum fitusýrum

En þegar þú ert kominn með nýja vöru í hendurnar tekur markaðssetningin við og það getur verið vandkvæðum bundið, að sögn Arnar, að fá neytendur til að breyta út af vananum. „Það hefur tekið á að koma repjuolíunni í sölu. Kaldpressuð repjuolía er allt önnur vara en sú innflutta unna repjuolía sem hingað til hefur fengist á Íslandi. Kaldpressuð olía er hnausþykk, með áberandi hnetukeim og stútfull af Omega-3 fitusýrum – sem þykja það hollasta í dag. Til að byrja með fengum við dreifingaraðila til að hjálpa okkur við að koma olíunni í verslanir og á veitingastaði. Það gekk mjög hægt og var því samstarfi eiginlega sjálfhætt því hvorugur aðili var að hafa mikið upp úr þessu. Eftir að við fórum að djöflast í þessu sjálf hefur áhugi aukist og nú fæst kaldpressuð repjuolía frá Sandhóli í fjölmörgum verslunum.

Við höfum líka verið að selja olíu til sápugerðar og í að útbúa smyrsl. Meira að segja línusjómenn eru farnir að sækjast eftir olíunni. Þeir geta ekki notað jarðefnaolíur til að smyrja línur sínar og króka. Þá hafa hrossabú verið að nota olíuna fyrir hestana sína til að fá gljáa á feldinn. Sala á svona vöru er endalaust verkefni. Við höfum áhuga á að fá túrista til að kaupa vöruna og svo er veitingageirinn eftir."

Hafrar að vissu leyti auðveldari í ræktun en byggið

„Við höfum náð að rækta hafra til fulls þroska í mörg ár og notum yrkið Cilla. Þótt vaxtartími hafra sé lengri en á byggi þá hefur veður minni áhrif. Eins og kornbændur vita þá geta djúpar haustlægðir skemmt bygg mikið, en þær hafa lítil áhrif á hafra. Við erum mjög ánægð með að rækta bæði hafra og bygg. Byggið er tilbúið á undan og síðan taka hafrarnir við. Þegar korn er unnið til manneldis þarf að þurrka það allt. Þurrkun er mikill flöskuháls, alla vega hjá okkur. Við notum súgþurrkun til að halda korninu köldu á meðan þurrkarinn er að klára sinn skammt.

Ef það byrjar að hitna í korni, er það slegið af til manneldis. Í fyrra prófuðum við að dreifa höfrum til manneldis; bæði haframjöli og tröllahöfrum. Viðtökurnar voru þannig að við ákváðum að gefa í og eigum nú hafra til að dreifa í verslanir. Það er verið að hanna umbúðir núna og styttist í að fyrsta sending komi í Bónus," segir Örn.

Bragðmeiri hægvaxta hafrar

Matís var fengið til að efnagreina hafrana úr Meðallandinu og mælast þeir mjög svipaðir og danskir hafrar. „Útiræktað korn og grænmeti vex hægt í svölu íslensku sumri. Það gerir það að verkum að afurðirnar verða bragðmeiri en þær snöggsprottnu. Að maður tali nú ekki um að hér erum við ekki að úða eitri á akrana okkar til að verjast skordýrum.



Kaldpressuð repjuolía frá Sandhóli.

Við höfum einnig verið að fikta við ræktun á ýmsum tegundum með misjöfnum árangri og höfum mikinn áhuga á að rækta kúmen, en gengið illa að fá gott fræ. Við prófuðum finnst yrki sem spíraði ekki hjá okkur, en eigum nokkur yrki af sænsku fræi sem við erum að prófa. Svo fór vösk sveit út í Viðey síðastliðið haust og tíndi fræ. Verður prófað að rækta það í sumar á tveimur stöðum, hér á Sandhóli og í Bjálmholti," segir Örn.

Hálmfjós í byggingu

Á Sandhóli er sem fyrr segir fjós í byggingu; 300 gripa fjós sem verður notað undir eldisgripi. Örn segir að fjóstegundin hafi verið ákveðin að vel yfirlögðu ráði. „Við ferðuðumst víða til að skoða fjós, innanlands og erlendis, og ákváðum loks að byggja fjós þar sem gripirnir liggja á hálmi. Við sáum að þannig líður skepnunum langbest. Þeir liggja stundum á allri hliðinni með allar lappir út eins og maður sér hesta gera. Það er ekki algengt að reisa hálmhús á Íslandi, enda vantar flesta hálm. Við sjáum fyrir okkur mikla byltingu í nautakjötsframleiðslu þegar við getum farið að rækta úr Aberdeen Angus-gripunum sem verða ræktaðir á einangrunarbúinu á Stóru Ármótum. Því miður tekur ræktunarstarf bara svo langan tíma."

Bændur færast nær neytendum

Örn telur framtíð landbúnaðar á Íslandi bjarta. „Það eiga sér stað ákveðnar breytingar sem ekki allir taka eftir. Margir bændur eru að koma sér nær neytandanum. Meira verður gert í því að tengja býlin við afurðirnar. Verslanir og veitingastaðir verða með upprunamerktar vörur, jafnvel undir vörumerkjum. Svo þarf kjötflokkunin að skila sér til neytandans.

Eitt er það þó við aðstæður landbúnaðarins sem þarf að stórbæta en það eru rannsóknir á háskólastigi. Það voru ákveðin vonbrigði að Landbúnaðarháskóli Íslands tengdist ekki Háskóla Íslands betur eins og til stóð með stórauknu framlagi til rannsókna. Við getum nefnilega ekki tekið erlendar rannsóknarniðurstöður og heimfært beint upp á Ísland. Við vitum það að tegundir og yrki henta misvel til stranda og sveita, norðan og sunnan. Hægt er að nefna ýmis dæmi um þetta. Til að gera nautakjötsframleiðslu arðbærari þarf að auka vor og haustbeit. Hvaða gras- og káltegundir henta í það? Það væri æskilegt að geta fundið tegundir sem eru orðnar grænar í mars-apríl og svo aðrar sem standa til jóla. Þetta er hægt en það þarf mikla tilraunastarfsemi til að það takist." /smh

Ungviði íslensku húsdýranna á frímerki



Íslandspóstur heldur áfram útgáfu sinni á frímerkjum með myndum að ungviðum íslenskra húsdýra á þessu ári. 26. apríl næstkomandi verða gefin út tvö ný merki. Annað með mynd af kálfi en hitt af lambi, alls verða merkin átta.

Í Frímerkjafréttum segir að Hlynur Ólafsson hanni merkin og að Bára K. Kristinsdóttir hafi tekið myndirnar af dýrunum. Stærð frímerkjanna er 30x30 millimetrar og eru þau 50 gramma merki fyrir innanlandspóst.

Í fræðslutexta um dýrin sem fylgir merkjunum í Frímerkjafréttum segir. „Kýr ganga með kálfa í rúma níu mánuði. Yfirleitt eiga kýrnar einn kálf í einu en þær geta átt tvo þótt það sé fremur sjaldgæft. Fyrsta mjólkin sem kemur úr kúnum eftir burð nefnist broddur og fær kálfurinn þennan drykk sem er nauðsynlegur ónæmiskerfinu. Kálfar fá yfirleitt ekki að sjúga mæður sínar því þá tapa bændur miklu hluta mjólkurinnar og lögun spenanna breytist þannig að nánast ógjörningur er að koma mjaltavélum á þá. Íslenskum húsdýrum og ungviði þeirra eru gerð góð skil í Húsadýragarðinum í Reykjavík sem stefnir að því að vera til fyrirmyndar í dýravernd.



Sauðburður þykir mörgu sveitafólki vera skemmtilegasti tími ársins. Þá er veturinn á enda, daginn farið að lengja, fuglasöngur í lofti og gróður í miklum vexti. Sauðburður hefst yfirleitt fyrrihluta maí, en ærnar ganga með lömbin í um 140 daga. Íslenska sauðféð er fjörugt en viðráðanlegt og spretthörð lömbin eru eftirlæti barnanna. Hegðun íslenska fjárins er oft líkt við villifé en það aðlagast fljótt aðstæðum og hænist að smölum. Mikil vinna fylgir sauðburði. Vaka þarf yfir kindunum allan sólarhringinn meðan sauðburður stendur yfir.“ */VH*



Velta eykst í vsk.-skyldri starfsemi

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands hefur velta í virðisaukaskattskyldri starfsemi, fyrir utan lyfjaframleiðslu, starfsemi ferðaskrifstofa og farþegaflutninga á vegum aukist mikið.

Veltan var 716 milljarðar króna í september og október 2017 sem er 8,1% hækkun miðað við sama tímabil árið 2016. Veltan jókst um 2,4% á tímabilinu nóvember 2016 til október 2017 miðað við síðustu tólf mánuði þar á undan. Starfsemi tengd farþegaflutningum og ferðaskrifstofum var ekki virðisaukaskattskyld fyrr en í ársbyrjun 2016 og er nauðsynlegt að taka tillit til þess þegar velta frá og með 2016 er borin saman við fyrri ár. */VH*

Rangárþing eystra:

Kaupir Stórhólfsvöll

Sveitarstjórn Rangárþings ytra vinnur nú að því að kaupa jörðina Stórólfsvöll rétt við Hvolsvöll til að tryggja sér byggingarland til framtíðar.

Jörðin er um 300 hektarar og mun kosta sveitarfélagið 121.286.000 kr. Héraðsnefnd Rangæinga hefur samþykkt kauptilboðið með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna en reiknað er fastlega með að þau munu öll samþykkja kaupin. */MHH*

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar | Rastaðir gólfbitar | Velferðargólf - gúmmi og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

Benedikt Hjaltason · Akureyri · Sími 894 6946 · Netfang: fjosbitar@simnet.is









Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og utanhússklæðningar sem hæfa þínu húsi

Af hverju krosslímt tré?
- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Saltmengun í ferskvatni í Bandaríkjunum veldur vísindamönnum áhyggjum

– Hálkueyðingu á vegum er meðal annars kennt um versnandi stöðu grunnvatns, einkum í norðurhluta landsins



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is


Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að notkun á salti til að hálkuverja götur og gangstíga er farið að valda alvarlegri saltmengun í ferskvatnsám, stöðuvötnum og grunnvatnslindum, ásamt áburði og fleiri efnum.

Í grein sem birt var á vefsíðu National Science Foundation (NFS) 8. janúar síðastliðinn er vitnað í langtíma umhverfisrannsókn á vegum sjóðsins, eða LTER. Þar er sagt að ár og vötn í norðurhluta Bandaríkjanna verði stöðugt saltari, einkum vegna mikillar notkunar á salti til hálkuvarnar og áburði og öðrum saltbundnum efnum sem renni út í vatnsfarvegi. Á sama tíma séu ferskvatnsbirgðir að verða stöðug basískari og alkalíríkari.

Þekkt dæmi um alvarleg áhrif af saltmengun í vatni

Salt og alkalíríkt ferskvatn getur orsakað mikinn vanda við öflun neysluvatns, lagnakerfi í borgum og náttúrulegt umhverfi. Er þar bent á frægt dæmi um ástandið í borginni Flint í Michigan. Þar olli mengað vatn tæringu á vatnsleiðslum sem síðan leiddi til blýmengunar á drykkjarvatni sem er stórskaðlegt mönnum.

Í rannsókn NFS er mælt sýrustig og alkalístig vatns víða um Bandaríkin. Byggt er á mæligögnum af 232 stöðum í Bandaríkjunum sem spanna yfir 50 ára tímabil. Rannsóknin sýnir að sambland salts og alkalí í vatni veldur meira tjóni en saltið eitt eitt og sér gæti nokkurn tíma gert. Nefna vísindamennirnir þetta ástand vatnsins „Freshwater Salinization Syndrome“.



Svörtu doppurnar sýna mælingastaði vísindamanna. Eftir því sem liturinn er rauðari, því meira er saltinnihaldið í vatninu.
Mynd / NFS-Ryan Utz/Chatham University



Salthaugur nærri rannsóknarmiðstöð NSF í Baltimore.
Mynd / NFS-Sujay Kaushal

Salt- og alkalíinnihald vatns hefur aukist umtalsvert

Niðurstöður vísindamannanna sýna að í 37% tilvika hefur vatnasviðið sem rannsakað var orðið saltara á þessu 50 ára tímabili. Þá hefur vatn líka orðið alkalíríkara í 90% tilvika, en það er afleiðing af flóknu ferli vegna aukningar á salti í vatni.



Salt á vegum veldur tæringu á niðurfallsristum og lagnakerfi.
Mynd / NFS-Sujay Kaushal



Salt á vegi í Bandaríkjunum. Það getur síðan skolast með regnvatni í ár og læki þar sem það er svo nýtt sem drykkjarvatn fyrir bæi og borgir.
Mynd / NFS-Joseph Galella/University of Maryland

Veldur þetta vísindamönnum áhyggjum og telja þeir að taka þurfi þessari saltmengun alvarlega ef takast eigi að vernda vatnslindir til notkunar í framtíðinni.

Í ljós kom að sýrustig tók að vaxa í ám í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Það var áratugum fyrir tilkomu reglugerða sem áttu að koma í veg fyrir súrt regn. Athyglisvert er að í rannsóknunum kom í ljós að saltinnihald í ferskvatni jókst líka í vatni nærri suðausturströnd Bandaríkjanna þar sem ekki er þörf á að nota salt til að hálkuverja vegi. Olli þessi vitneskja miklum heilabrotum meðal vísindamannanna. Komust þeir að því að í vatnslitlu eyðimörkunum í suðvesturríkjunum, þar sem jarðvegur hafði verið mjög saltríkur, hafði saltið verið að minnka í vatninu með tímanum. Var ástæðan rakin til þess að markvissar aðgerðir yfirvalda til að minnka saltinnihald í vatni hafi haft þar veruleg áhrif. Hluti af því var sérstök áætlun til að hemja saltmagn í vatni sem sett var í gang í sjö vesturríkjum Bandaríkjanna árið 1973.

Fjöldi háskóla kom að verkefninu

Rannsóknirnar voru unnar af vísindamönnum frá fjölmörgum háskólum, þ.e.; University of Maryland (UMD), Cary Institute of Ecosystem Studies, University of Connecticut (UConn), University of Virginia og Chatham University.

Teknar voru til skoðunar margar af stærstu ám Bandaríkjanna eins og Missisippi, Hudson, Neuse auk Chattahoochee ánna og áa í Kanada. Úr mörgum af þessum ám og fljótum er tekið drykkjarvatn fyrir borgir sem þar eru nærri. Staðan á þéttbýlustu stöðunum á austurströndinni var einnig skoðuð.

Vísindamenn beindu einkum sjónum sínum að venjulegu salti (sodium chloride) sem auk þess að vera mikið notað í matargerð er nýtt í verulegu magni til að eyða hálku á vegum. Sumar af mest þekktu jákvæðu jónunum sem finnast í saltinu, eins og sodíum, calsíum, magnisíum og pottösku (potassium eða kalium), geta haft skaðvænleg áhrif á ferskvatn, einkum ef þær eru í miklu magni. Sambland þessara efna með hreinu salti geta valdið mun meiri eitrunaráhrifum en salt eitt og sér gerir í umhverfinu. Slík upplausn getur t.d. leyst aðrar eindir úr jarðvegi og bergi sem auka enn á vandann.

Vísindamennirnir benda á að það er alls ekki sama hvernig salti er beitt til að eyða hálku. Ýmsar leiðir hafa verið skoðaðar til að draga úr notkun á salti við hálkueyðingu á vegum. Bent hefur verið á að saltlausn, sem er blanda af salti og vatni, geti verið mun áhrifaríkari við að eyða ísingu en þurrt salt. Einnig geti verið áhrifaríkara að dreifa salti á vegi áður en búast megi við frosti eða snjókomu.

Salt getur bæði brætt snjó og aukið í honum frostið

Rétt hlutfall af salti skiptir líka miklu máli upp á virknina. Sem dæmi er vel þekkt að hægt er að auka frost í snjó með því að blanda í hann salti í litlu hlutfalli. Ef hlutfallið er aukið verulega veldur saltið hins vegar bráðnun. Dæmi um þetta má m.a. sjá í Reykjavík á vorin þegar vetrarsnjóinn hefur að mestu leyst upp. Þá sitja oft eftir snjóruðningar sem orðið hafa að hörðum klakastumpi, einmitt vegna saltinnihaldsins af götum borgarinnar. Þessa eiginleika saltsins nýta menn sér m.a. stundum til að herða skíðabrekkur í Ölpunum og víðar svo þær grafist síður.

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

STYRKIR 2017

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

Umsóknarfrestur um lán og styrki úr *Fiskræktarsjóði*, sem koma til greiðslu árið 2018, er til og með 28. febrúar 2018. Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr *Fiskræktarsjóði* má nálgast á ***http://www.fiskistofa.is*** undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann *Fiskistofu*, í síma 569 7900.

Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns *Fiskræktarsjóðs* á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskræktarsjóður
B.t. Páls Árna
Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

Málþing Erfðanefndar landbúnaðarins:

Erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna

Erfðanefnd landbúnaðarins efnir til málþings um erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna fimmtudaginn 1. febrúar 2018, kl. 13:00 – 16:30.

Aðalfyrirlesari verður Dr. Kevin Glover (Hafrannsóknastofnunin í Noregi; Háskólinn í Bergen) sem er einn af leiðandi vísindamönnum Noregs á sviði erfðablöndunar eldislax og náttúrulegs lax og vöktunar á erfðafræðilegum áhrifum laxeldis. Mun hann fjalla um stöðu þekkingar á erfðablöndun, umfangi og áhrifum. Dr. Fletcher Warren-Myers (Háskólinn í Melbourne, Ástralíu) mun fjalla um rannsóknir sínar á notkun stöðugra samsæta til merkingar á eldislöxum svo rekja megi strokulaxa úr eldi til framleiðenda. Leó Alexander Guðmundsson (Hafrannsóknastofnun) mun fjalla um rannsókn á erfðablöndun á Vestfjörðum og Dr. Ragnar Jóhannsson (Hafrannsóknastofnun) um áhættumat á erfðablöndun og vöktun áhrifa eldis á náttúrulega laxastofna. Fyrirlestrar erlendu gestanna verða á ensku. Málþingið fer fram í Fróða, fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík.

Fundarstjór verður Emma Eyþórsdóttir formaður erfðanefndar landbúnaðarins

Dagskrá

13:00 Setning
Emma Eyþórsdóttir formaður erfðanefndar landbúnaðarins.

13:05 Genetic interaction between farmed and wild salmon: what do we know, and what don't we know? (Erfðafræðileg áhrif eldislaxa á villta laxa: hvað vitum við og hvað vitum við ekki?). Dr. Kevin Glover prófessor í erfðafræði við Sea Lice rannsóknarstofnun Háskólans í Bergen og rannsóknarstjóri við Hafrannsóknastofnunina í Noregi.

13:55 Using stable isotope marking to enable tracing of salmon escapees back to point of origin (Notkun stöðugra samsæta til merkinga svo greina megi uppruna strokulaxa). Dr. Fletcher Warren-Myers sérfræðingur við Háskólann í Melbourne, Ástralíu.

14:40 Kaffihlé í Tjarnarsal

15:05 Erfðablöndun eldislax og náttúrulegs lax á Vestfjörðum. Leó Alexander Guðmundsson líffræðingur hjá Hafrannsóknarstofnun

15:35 Vöktun á áhrifum laxeldis á villta stofna. Dr. Ragnar Jóhannsson sviðstjóri hjá Hafrannsóknarstofnun.

16:00 Pallborðsumræður.

16:30 Málþingi lýkur.

Málþingið er öllum opin meðan húsrúm leyfir.









Pichon haughrærur eru galvaniseraðar. Sérstaklega sterkar og vandaðar haughrærur með mjög öflugum skrúfum.

ÖFLUGAR HAUGHRÆRUR

Vorum að taka inn nýja sendingu af PICHON haughrærum. Tvær gerðir til á lager B-MIX 50 og B-MIX 45.





VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Bændablaðið
Kemur næst út
8. febrúar

STRÚKTÚR
Yleiningar - Límtré - Stálgrindarhús



Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Mosfellsbæ | sími: 588 6640 |

LESENDABÁS

Skýrsluhald í hrossarækt

– Fáein orð um heildarmyndina

Í síðustu tveimur tölublöðum Bændablaðsins hafa birst greinar eftir Jón Baldur Lorange undir heitinu Ferðalag með Feng. Ekki er nema gott eitt um skrif þessi að segja en þó þykir mér ögn á skorta að hlutirnir séu settir í fullnægjandi samhengi við heildarmyndina. Ég bregð því niður penna.

Árið 2016 var mikið afmælisár í sögu íslenskrar hrossaræktar. Þá var m.a. 30 ára afmæli opinbers kynbótamats og 25 ára afmæli Fengs, þ.e. heildstæðs skýrsluhaldskerfis í hrossarækt. Stóð Sögusetur íslenska hestsins ásamt með RML, Fagráði í hrossarækt o.fl. að ráðstefnu, laugardaginn 3. desember 2016, af þessu tilefni. Sjá nánar á heimasíðunni www.sogusetur.is undir stikunni Gagnbanki. Þar er m.a. að finna erindi mitt; Saga íslenskrar hrossaræktar og notkunar hestsins í 100 ár. Ég bendi áhugasömum lesendum á það, því hér er ekki hægt að stikla á nema stóru.

Undirstöðuatriði í skipulegri hrossarækt

Auðkenning, skráning og skýrsluhald er undirstöðuatriði í skipulegri hrossarækt. Ættbók Búnaðarfélags Íslands á upphaf sitt árið 1923. Ættbókarfærsla, þ.e. hlaupandi raðnúmer sem hross fengu, næðu þau tilskildum lágmarksárangri, var áfangi í hrossaræktinni fyrir hvern og einn ræktanda. Ættbókarskráningin var á þessum tíma hvoru tveggja í senn; skráning og kynbótastarf sem gekk út á að velja úr; efla gæðingastofninn en bægja frá bikkjustofninum, svo notað sé í fornt mál. Það er því ekki alls kostar rétt hjá Jóni í greininni frá 14. des. sl. að halda því fram „að ekkert samræmt ættbókarkerfi var til fyrir íslenska hestinn“ fyrir tíma Fengs. Því að frá 1923 var haldið um ættbókina, að vísu bara á pappír hvað heildarfærslu varðar til ársins 1987 en eftir það í gagnavörslukerfi í PC-umhverfi. Allur aragrúi svk. 0-hrossa, þ.e. hrossa sem ekki náðu í ættbók á árunum 1923 til 1986 þegar gamla númerakerfið var við lýði, dró þó mjög úr gildi þess, vegna þess mikla upplýsingamagns sem fór forgörðum. Af þeirri ástæðu var tekið upp kerfi fæðingarnúmera sem er einkvæm kennitala fyrir öll hross, árið 1987 og farið út í altæka grunnskráningu íslenska hrossastofnsins árið 1989. En sumum féll þá illa er bikkjustóðið blandaðist í einum gagnabanka við „æðri hross“ og öll fengu eins númer. Þetta kostaði mikla umræðu, eins og Jón Baldur drap réttilega á í fyrrgetinni grein.

Undirstaðan undir fæðingarnúmerakerfið

Í greininni eftir Jón sem birtist 11. janúar sl. er hins vegar missagt eða má alténd skilja sem svo, að ég hafi fyrst hafið störf hjá Búnaðarfélagi Íslands árið 1989 en þar hóf ég störf þremur mikilvægum árum fyrr, eða sumarið 1986, og hafði áður unnið þar sem ráðgjafi sumarið 1985. Þá vann ég skýrslu sem var undirstaðan undir fæðingarnúmerakerfið og altæku grunnskráninguna. Ég var ráðinn til starfa samtímis og stjórn BÍ ályktaði um að reikna og gefa út opinbert kynbótamat (BLUP) og stórefla um leið skýrsluhald og útgáfustarf.

Ársritið Hrossaræktin kom út 1986 til 1999, alls 15 árgangar, ég var ritstjórinn nema hvað Þorkell Bjarnason ritstýrði 1. árg. sem út kom í byrjun árs 1986 og Ágúst Sigurðsson þeim síðasta. Þegar best lét var ársritið þrjú bindi og yfir 500 bls. Ritin Kynbótadómar og sýningar sem er heildarrit á þremur tungumálum um samræmdan dómskala sem var í vinnslu frá 1988/89 og tekin upp 1990 og ritið Um kynbætur hrossa, bæði í ritstjórn minni, komu út 1992. Hrossaræktin var unnin, hvað allar dómaupplýsingar varðar, á grunni samræmdra gagnaskráa í PC-umhverfi frá og með árinu 1987. En Halldór Árnason, tölvuráðunautur BÍ, sem var eindregið á því að PC-tölvurnar en ekki AS400 myndu deila og drottna í framtíðinni, var hægri hönd mín, hvoru tveggja við útgáfu ættbókarhluta Hrossaræktarritsins og við útreikning kynbótamatsins sem BÍ tók við frá Þorvaldi Árnasyni árið 1988.

Fengur verður til

Fengur varð svo til, á grunni þeirra altæku aðgerða sem hér hefur verið frá greint og þeirrar raðar af heppni sem Ólafur Hafsteinn Einarsson markaði upphafið að, þegar hann hringdi í mig og sagði mér frá þremur efnispiltum í Tölvuháskóla VÍ sem vantaði gott lokaverkefni. En á þessum tíma var Halldór Árnason að hverfa á braut frá BÍ. Einn þessara efnispilta var Jón Baldur Lorange. Fljótlega eftir að þeir luku áfanganum vildi svo heppilega til að þáverandi forstöðumaður tölvudeildar BÍ hreppti draumastarf sitt, langt utan við landbúnaðarkerfið og hætti. Jón Baldur var þá ráðinn. Ég læt lesendum eftir að ímynda sér hve fast ég beitti mér í téðum málum, en það var ekki lítið. Hitt var svo að við sómamanninn Jónas Jónsson var að eiga, blessuð sé minning hans, en hann lét sér alla tíð afar annt um mig persónulega og hag hrossaræktarinnar hjá BÍ.

Fengur var svo leiddur úr hlaði Bændahallarinnar árið 1991. Þrennt var lagt til grundvallar gagnabanka Fengs.

Fyrsta: Upplýsingar um ættbókarfærð hross sem öll fengu nýtt númer – fæðingarnúmer.

Annað: Gagnabanki sem Þorvaldur Árnason vann frá því fyrir 1980 og fram til 1987, náði hann aftur til 1961. Hann var samlesinn við ættbókargrunninn og númeraður upp.

Þriðja: Altæka grunnskráningin. Hrossaræktin hafði verið síðust af stað búgreinanna í tölvuvæðingu skýrsluhaldsins en kom nú fram með, vil ég segja besta kerfið, sem byggðist frá upphafi á PC-umhverfi en ekki AS400 og á notendavænu viðmóti.

Í stöðugri þróun

Í mínum huga kom aldrei neitt annað til greina. Fengs-kerfið var svo þróað stöðugt eftir því sem tækninni fleygði fram, Íslandsfengur 1996 og svo World-Fengur sem verður svo að vera í stöðugri framþróun. Grein þessari er hvergi ætlað að draga úr gildi Feng-kerfisins og þeirra góðu verka sem þar hafa verið unnin, annaðhvort væri það nú eins og mér er málið skylt og met störf Jóns Baldurs. Hitt er að öll mál ber að skoða í heildarsamhengi, ekki síst í grein eins og hrossaræktinni þar sem menn dagsins í dag standa jafnan á öxlum þeirra er á undan gengu. Rétt eins og gæðingar dagsins í dag eru afsprengi gæðahrossa fyrri tíðar.

Kristinn Hugason.

UTAN ÚR HEIMI



Valio greiðir ábyrgum kúabændum meira

Valio, finnski mjólkurvinnslurisinn, byrjaði 1. janúar síðstliðinn að greiða einu evrusenti meira á hvern mjólkurlítra til þeirra kúabænda sem hafa undirgengist ábyrga mjólkurframleiðslu – samkvæmt skilgreiningu Valio.

Vefmiðillinn Dairyreporter.com hefur eftir forsvarsmönnum Valio að bónusinn sé greiddur þeim sem hafa ákveðið að fylgja reglum fyrirtækisins sem miða að því að auka velferð dýranna. Um áttatíu prósent þeirra kúabúa sem selja Valio mjólkina sína starfa nú þegar samkvæmt velferðarreglunum og er markmiðið að öll 5.800 búin verði farin að tileinka sér þær árið 2020.

Valio leggur til starfsfólk sem hjálpar bændum við að laga sig að reglunum. Telja forsvarsmenn fyrirtækisins að til að tryggja að mjólkurvörur verði áfram álitlegur kostur fyrir neytendur sé ábyrg og siðræn framleiðsla nauðsynleg.

Reglulegar heimsóknir dýralækna

Til að tryggja dýravelferð verða bændurnir að fylgja samræmdri heilsuverndaráætlun fyrir nautgripina. Dýralæknir kemur einu sinni á ári í heimsókn og metur heilsufar allra gripanna og velferð. Í reglunum er gert ráð fyrir að engir básar séu í nýjum fjósum og aðgengi sé að útisvæði. Um 55 prósent kúabúa, sem eru í viðskiptum við Valio, búa nú við slíkar aðstæður. Valio gerir einnig kröfur um að hvorki soja né erfðabreytt fóður sé notað í fóðrinu. Valio fylgir þannig fordæmi danska mjólkurvinnslurisans Arla sem byrjaði á árinu 2016 að greiða bónusa til kúabænda sem notuðu ekki erfðabreytt fóður.

Hefur vefmiðillinn eftir Vesa Kaunisto, stjórnarformanni Valio, að finnskar kýr væru þær heilbrigðustu í Evrópusambandinu. Segir hann notkun sýklalyfja mjög litla í Finnlandi samanborið við önnur Evrópusambandslönd. Sagði hann að dýravelferð væri ekki eingöngu mikilvæg í siðrænu tilliti heldur einnig efnahagslega. */smh*



Neysluskattur á kjöt gæti að mati sumra verið leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfismál:

Kjötskattur gegn loftslagsbreytingum

Hugmyndir eru um að nauðsynlegt gæti reynst að taka upp kjötskatt til að draga úr kjötneyslu í heiminum og um leið draga úr áhrifum kjötframleiðslu til hlýnunar andrúmsloftsins.

Aukin kjötneysla og framleiðsla á kjöti, sérstaklega nautakjöti, er sögð standa fyrir um 15% af öllum gróðurhúsalofttegundum sem losað er út í andrúmsloftið. Auk þess sem mikil neysla á kjöti og aukin notkun sýklalyfja við kjötframleiðslu er alvarleg ógn við heilsu manna.

Raddir eru upp um að nauðsynlegt geti reynst að leggja á allt að 40% neysluskatt á kjöt til að draga úr neyslu þess. Umræður um skattlagninguna hafa þegar átt sér stað meðal stjórnvalda í Þýskalandi, Danmörk og Svíþjóð og stjórnvöld í Kína stefna að því að draga úr kjötneyslu í landinu um 45%.

Meðmælendur skattsins segja aftur á móti að á sama tíma og skatturinn muni draga úr neyslu á kjöti og þar af leiðandi framleiðslu muni hann stuðla að betri lýðheilsu. Draga muni úr offitu, sykursýki, hjartaáföllum og krabbameini og ekki síst úr notkun sýklalyfja og hættunni á að sýklalyfjaónæmar bakteríur valdi dauða milljóna manna í framtíðinni.

Andstæðingar skattlagningarinnar kalla skattinn syndaskatt og segja hann muni einungis leiða til meiri kostnaðar fyrir neytendur og hærri tekna hins opinbera. */VH*

Bálkastaðir 1 í Hrútafirði til sölu



Domus fasteignasala Blönduósi kynnir til sölu skemmtileg jörð í Hrútafirði. Þar er nú sauðfjárbú í rekstri en getur einnig nýst til ferðaþjónustu eða skemmtilegt afdrep fyrir fjölskyldu. ***Bálkastaðir*** eru innarlega í Hrútafirði að austan, gott bæjarstæði, ágætt íbúðarhús, fjárhús fyrir um 500 fjár, hesthús og tvær hlöður. Land talið yfir 600 ha.

Sjá myndir á **www.mbl.is - www.visir.is - www.domus.is - www.fasteignir.is**

Nánari upplýsingar hjá Magnúsi í s. 898 5695 eða mao@centrum.is



Bændablaðið *kemur næst út 8. febrúar*



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með steinullareiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og illtendranleg. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina
Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.


Fjós


Fjarhús


Hesthús

LímtréVirnet

Aðalnúmer: **412 5300** | Söludeild: **412 5350**

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Búnaðarsamtök Vesturlands

Atvinna í boði

Búnaðarsamtök Vesturlands auglýsa eftir starfsmanni til að sjá um klaufsnyrtingu á kúm.

Búnaðarsamtökin leggja til bíl og klaufskurðarbás. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt og vera vanur að umgangast búfé.

Umsóknir sendist til Búnaðarsamtaka Vesturlands,

Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, 311 Borgarnes eða á netfangið atb@bondi.is.

Umsóknarfrestur er til 15.febrúar 2018.

Allar frekari upplýsingar er að fá á skrifstofu Búnaðarsamtaka Vesturlands, sími 437-1215



FRÁBÆR VERÐ

RÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI

EIGUM TIL Á LAGER RÚÐUR Í FLEST ALLAR GERÐIR DRÁTTARVÉLA

John Deere	Ford
Zetor	Fiat
Case IH	New Holland Claas
McCormick	Deutz-Fahr
Steyr	Massey Ferguson

Sérpöntum rúður í allar gerðir dráttarvéla með skömmum fyrirvara

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Gamli traktorinn



Deutz – Fahr, tækniframfarir og velgengni

Þýsk-ítalski dráttarvélaframleiðandinn Deuts – Fahr á rætur sínar að rekja til tveggja þýskra fyrirtækja Deutz og Farh sem bæði voru stofnuð um miðja þarsíðustu öld.



Um miðja nítjándu öld stofnaði Johann Georg Fahr sem um áratuga skeið var eitt af helstu framleiðendum bréfabinda í heiminum. Smám saman færði fyrirtækið sig yfir í framleiðslu á landbúnaðartækjum og árið 1870 framleiddi það meðal annars þreskivélar, pressur og mölunarbúnað. Undir aldamótin 1900 framleiddi Farh einnig sláttu- og rakstrarvélar og árið 1911 setti fyrirtækið á markað fyrstu dráttarvélina.



Stofnendur Deutz hétu Nicolaus August Otto og Eugen Langen. Fyrirtækið, sem í fyrstu hét N.A Otto og Cie, var sett á fót 1864 og var fyrsta vélframleiðslufyrirtæki í heimi. Fyrirtækið framleiddi fyrsta díselmótorinn og á stóran þátt í hönnun fyrsta sprengihreyfilsins auk þess að smíða fyrstu fjögurra strokka bensínvélina. Á fimmtugasta starfsári fyrirtækisins, 1914, voru starfsmenn þess rúmlega fjögur þúsund og árið 1921 var nafni þess breytt í Deutz AG.



Árið 1995 keypti ítalski dráttarvélaframleiðandinn SAME Deutz-Fahr með öllu saman fyrir tæpa átta milljarða íslenskra króna sem var talsvert meiri upphæð í þá daga en hún er í dag. Þrátt fyrir uppkaupin hélt fyrirtækið nafninu og gerir það enn í dag. Auk þess að framleiða Deutz-Fahr framleiðir ítalska fyrirtækið, Same Deutz-Fahr, eins og það heitir í dag, einnig Same, Lamborghini Trattori, Hürlimann, Grégoire og Shu-He dráttarvélar í verksmiðjum sínum í Frakklandi, Króatíu, Tyrklandi, Indlandi og Kína.



Nýjungar og fjöldaframleiðsla

Rekstur beggja fyrirtækja gekk vel og bæði stóðu þau af sér fyrri og seinni heimsstyrjöldina í skjóli þess að framleiða stríðstól. Fahr hélt áfram að framleiða dráttarvélar og ýmiss konar landbúnaðartæki og Deutz hélt áfram að vera leiðandi í nýjungum í dráttarvélaframleiðslu. Árið 1937 hóf fyrirtækið fjöldaframleiðslu á eins strokka smátraktorum með 11 hestafla dísilmótor og 540 snúninga á mínútu aflúrtaki.

Sem dæmi um trú bænda á Deutz þá voru dráttarvélarnar frá þeim mest seldu traktorarnir í Frakklandi frá 1945 til 1960, þrátt fyrir kala Frakka við Þýskaland eftir seinni heimsstyrjöldina. Á þeim seldust ríflega 15.000 Deutz traktorar í Frakklandi.

Sameining í Deutz-Fahr

Árið 1969 hófu Deutz og Fahr samstarf og um áramótin 1968 og 1969 sameinuðust fyrirtækin í eitt undir heitinu Deutz-Fahr. Um svipað leyti hóf fyrirtækið útflutning á dráttarvélum til Bandaríkjanna.

Fullkomnasta dráttarvélaverksmiðja í heimi

Í upphafi árs 2017 tók þýski dráttarvélaframleiðandinn Deutz-Fahr í notkun nýja dráttarvélaverksmiðju í Lauingen í Þýskalandi. Verksmiðja er líklega fullkomnasta dráttarvélaverksmiðja í heimi í dag. Umboðsaðilar SDF í heiminum eru um 150. Þór hf. er umboðsaðili Deutz-Fahr á Íslandi.

/VH

UTAN ÚR HEIMI



Þau eru glæsileg trjáhýsin í Trydal og sérstök upplifun að gista svo hátt uppi, í um sjö metra hæð frá jörðu.

Noregur:

Trjáhýsi verða að glæsilegum bústöðum

Fyrir fimm árum voru hjónin Åse Kristine Mæsel Trydal og Jens Trydal á ferðalagi í Brumunddalnum í Noregi þar sem þau gistu eina nótt með fjölskylduna í sérstöku trjáhýsi sem var í raun bústaður. Allir fjölskyldumeðlimir urðu dolfallnir yfir þessarri upplifun að „gista hátt uppi í tré“ svo þegar ungu hjónin komu heim til Gjerstad í Austur-Agðir fylki byggðu þau sitt eigið trjáhýsi sem er nú orðið að vinsælli ferðaþjónustu hjá þeim.



Allir fjölskyldumeðlimir urðu dolfallnir yfir þessari upplifun að „gista hátt uppi í tré“.

„Á þessum tíma höfðum við nýlega tekið við sveitabæ af foreldrum mínum í Trydal í Gjerstad og við gengum með þá hugmynd í maganum að gera eitthvað nýtt og skemmtilegt sem gæti jafnvel skapað störf. Í dag höfum við byggt þrjú slík tréhús og gestirnir streyma til okkar, þetta er gríðarlega vinsæll gistimöguleiki. Åse er búin að segja upp vinnunni sinni sem kennari til að sjá um rekstur á trjáhýsunum í fullri vinnu allt árið,“ útskýrir Jens.

Trén fara í „læknisskoðun“ fyrir byggingu

Nú eru gestir allt árið í tréhúsunum þremur og gengur reksturinn framar vonum að sögn þeirra hjóna. Húsin eru með sérstakri vetrareinangrun og eru hituð upp á veturna með viðarkyndingu.

„Krákuhöllin, sem er eitt af húsunum, er með vatni og rafmagni á meðan Gaukshreiðrið og Flåklypa eru með sólarsellu og gasi. Annars er það ákveðin áskorun og önnur byggingaraðferð að byggja svona í og við tré. Það eru í raun ekki margir sem kunna það hér í Noregi og við höfum þurft að sækja okkur mikla sérþekkingu fyrir þessi verkefni.



Hjónin Jens Trydal og Åse Kristine Mæsel Trydal á bænum Trydal í Gjerstad í Austur-Agðir fylki í Noregi hafa smíðað þrjú trjáhýsi sem eru glæsilegir bústaðir og hafa þau ekki undan að sinna dvalargestum.



Við höfum fengið góða hjálp hjá þeim aðilum sem reka sambærilega ferðaþjónustu uppi í Brumunddal og við höfum fengið ráðgjafa hér af svæðinu til að skoða burðarþolsreikninga og smíði á húsunum,“ útskýrir Jens og segir jafnframt:

„Skipulags- og umsóknarferlið var mjög krefjandi og tók eiginlega meiri tíma en við höfðum þolinmæði til! Við höfum þó verið svo heppin að allt gekk þetta á endanum og við erum með mjög duglegan og góðan arkitekt og gott smíðafyrirtæki. Trén sem um ræðir við bygginguna þurfa að undirgangast ákveðna „læknisskoðun“ áður en hægt er að hefjast handa til að tryggja að þau þoli sjálf húsin. Síðan er auðvitað ákveðin áskorun að byggja 7 metrum fyrir ofan jörðu.“

Mikil og erfið vinna undanfarin ár

Hjónin eru tilnefnd í ár af Nýsköpunarsjóði Noregs (Innovasjon Norge) sem handhafar að verðlaunum fyrir framúrskarandi þróun fyrirtækja sem tengjast landbúnaði og ferðaþjónustu til sveita.

„Við vorum svo heppin að við fengum þessi verðlaun hér í Austur-Agðir árið 2017 en síðan erum við með í pottinum fyrir landið allt svo það á eftir að koma í ljós hvernig það fer. Það kom okkur virkilega á óvart og var mjög ánægjulegt fyrir okkur að fá þessi verðlaun. Slík verðlaun hafa mikla þýðingu og sýna að okkur hefur tekist til með þessa miklu og erfiðu vinnu sem við höfum verið í undanfarin ár. Þetta hvetur okkur líka áfram með verkefnið okkar, það er ekki spurning,“ segir Jens og bætir við:

„Okkar áætlun var og er að hvíla okkur örlítið á að byggja á þessu ári því síðustu þrjú ár höfum við stöðugt verið með tréhús í byggingu og finnum að við þurfum aðeins að fá pásu frá því í einhvern tíma. Við viljum því nýta tímann núna til að skoða fleiri möguleika með þetta verkefni og fleira sem við erum með á prjónunum en trjáhýsin hafa veitt okkur mikla hvatningu og ekki hvað síst allt það fólk sem hefur komið hér og notið þess að búa í þeim til lengri eða skemmri tíma.“

/ehg



TRYGG
Nøsted Kjetting a.s

FRAMÚRSKARANDI NORSKAR KEÐJUR

Keðjurnar eru til í mörgum gerðum og í öllum mögulegum stærðum á vinnuvélar, vöru- og flutningabifreiðar, dráttarvélar og lyftara

Krossbandakeðjur • Ferkantakeðjur • Þverbandakeðjur
Mottukeðjur • Zik-zak keðjur • Zik-zak keðjur

KEÐJUVIÐGERÐAREFNI OG KEÐJUTANGIR

Hlekkir • Keðjulásar • Krækjur • Krókar



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600





12.500 kr Kuldagallar á tilboði

Hydrowear vetrargalli blár
Hver galli • Loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum
• Efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
• Rennilás að framan og á skálmum. • Stærðir S – 3XL.

Jobman vetrargalli svartur
• Léttur vattfóðraður galli.
• Pólýester með PU-húð að innan sem ver gegn vindi og vatni.
• Rennilásar á skálmum upp að mjöðm auðveldar að fara úr og í.
• Stærðir: S-3XL

Wenaas vetrargalli gulur/svartur
• Léttur og þægilegur
• Vattfóðraður með rennilás. • Stærðir: M - 2XL

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Néthyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

FASTEIGNASALAN BYGGÐ

TRAUST FASTEIGNASALA
Sími: 464 9955



Ytra-Gil

Jörðin Ytra-Gil er til sölu, á jörðinni, sem er í rekstri, er gott 6 herbergja einbýlishús, fjós fyrir 38 kýr auk uppeldis og aðrar byggingar.

Frekari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson löggiltur fasteignasali á skrifstofu.

© DAGSKRÁIN

SÍMI: 464 9955 ■ FAX: 464 9901 ■ SKIPAGATA 16 ■ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17



Bændablaðið
Smáauglýsingar: 563 0300

MULTI ONE®
Oft veltir lítil vél þungu hlassi

Ný sending af MultiOne 6.3 SD fjölnotavélum



Nú bjóðum við MultiOne 6.3 SD vélar á enn betra verði en áður og með fleiri aukahluti innifalda. Um er að ræða frábærar fjölnotavélar með **1200 kg lyftigetu**.

Á MultiOne 6.3 SD situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla. **Vélarnar afhendast með skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip. Verð 2.990.000 kr. (án vsk.).**

Hafðu samband við sölumann í síma 590 5156 eða sendu línu á ho@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



Jarðhnetur, belgir og baunir.

Jarðhnetur eru baunir



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Jarðhnetur leyna grasafræðilegum uppruna sínum vel með því að stinga aldinbelgjunum í sandinn. Það sem almennt er kallað jarðhnetur eru ekki hnetur heldur baunir sem þroskast neðanjarðar.

Áætluð heimsframleiðsla á jarðhnetum er um 45 milljón tonn. Kínverjar framleiða allra þjóða mest af þeim, eða rúmlega 16,5 milljón tonn. Indland er í öðru sæti þegar kemur að framleiðslu jarðhneta í heiminum, með tæp 7,2 milljón tonn. Nígería er í þriðja sæti með rúm 3,6 milljón tonn og Bandaríki Norður-Ameríku í því fjórða með framleiðslu upp á rúmlega 2,4 milljón tonn. Í fimmta til tíunda sæti eru Súdan, Indónesía, Myanmar, sem áður hét Búrma, Senegal, Argentína og Víetnam sem framleiða frá tæpum 1,4 milljónum tonna niður í rúm 400 þúsund tonn.

Stærstu útflytjendur jarðhneta í heiminum eru Kína, Indland, Argentína og Bandaríkin en stærstu innflytjendurnir eru Evrópusambandið sem heild, Mexíkó, Indónesía og Rússland.

Á vef Hagstofu Íslands er innflutningur á jarðhnetum og jarðhnetuafurðir settur undir nokkur tollnúmer. Samkvæmt flokkunum var flutt inn árið 2016 undir heitinu jarðhnetur til ræktunar 16 kíló, 89 kíló eru skráð sem jarðhnetur í hýði og afhýddar jarðhnetur tæp 6,9 tonn. Jarðhnetur, unnar eða varðar skemmdum, sykraðar o.þ.h. rúm 201 tonn og rúm 153 tonn sem hnetusmjör. Hrá jarðhnetuolía, til matvælaframleiðslu tæp 2,3 tonn, önnur hrá jarðhnetuolía 47 kíló, önnur jarðhnetuolía til matvælaframleiðslu 310 kíló og önnur jarðhnetuolía 624 kíló.

Sem alls gera um 360 tonn af jarðhnetum og jarðhnetuafurðum.

Í einum flokknum er jarðhnetum haldið saman með öðrum hnetum og fræjum og því ógerlegt að greina magn þeirra frá öðrum vörum í tollflokknum. Auk þess sem jarðhnetur er að finna í margs konar sælgæti eins og til dæmis Snickers súkkulaði. Innflutningur á jarðhnetum er því talsvert meiri en tölur Hagstofunnar gefa til kynna.



Áætluð heimsframleiðsla á jarðhnetum er um 45 milljón tonn.



Hnetuhluti heitisins jarðhneta er í raun rangnefni þar sem jarðhnetur eru ekki hnetur. Plantan er af ertublómaætt og belgjurtir og grasafræðilega er aldinið baun eða erta og ætti því að kallast jarðbaun eða jarðerta.



Sé fullþroska fræ klofið í sundur sést að innan í því er að finna litla kímplöntu með blöðum. Það er hún sem vex í nýja plöntu sé lifandi jarðhnetu sáð.



Blómin gul með rauðu æðamynstri og tveir til fjórir sentímetrar að breidd og blöðin líkjast smára.

Ættkvíslun Arachis

Um 70 tegundir blómstrandi plantna tilheyra ættkvíslinni Arachis og allar eiga þær uppruna sinn að rekja til Suður-Ameríku. Nokkrar tegundir innan ættkvíslarinnar eru nýttar til manneldis í Suður-Ameríku en enginn á heimsvísu í viðlíka magni og jarðhnetur.

Talið er að jarðhnetur hafi orðið til við víxlfrjóvgun A. duarnensis og A. ipaensis, sem báðar eru villtar tegundir. Að öllu jöfnu mynda þessar tegundir ekki frjó fræ saman en talið er að fyrir tilviljun hafi það gerst að minnsta kosti einu sinni. Plantan sem upp óx af þeirri blöndu kallast A. monticola og eru jarðhnetur A. hypagaea ræktunarafbrigði hennar. Ólíkt náttúrulegum ættingjum sínum eru jarðhnetuplöntur þéttar í sér og runnalaga og mynda stór aldin.

Elstu minjar um fræbelg sem talinn er vera af ræktaðri jarðhnetu er aldursgreindur frá því 5.600 árum fyrir Krists burð og er talinn vera af yrki á fyrstu stigum ræktunar.

Baun en ekki hneta

Hnetuhluti heitisins jarðhneta er í raun rangnefni þar sem jarðhnetur eru ekki hnetur. Plantan er af ertublómaætt og belgjurtir og grasafræðilega er aldinið baun eða erta og ætti því að kallast jarðbaun eða jarðerta. Þrátt fyrir að heitið jarðhneta verði notað hér er plantan skyldari lúpínu og valhnetu.

Jurtkennd, sjálffrjóvgandi og

einær planta sem er milli 30 og 50 sentímetrar að hæð. Laufblöðin gagnstæð, fjöðruð og með fjórum smáblöðum sem eru einn til sjö sentímetrar að lengd og einn til þrír að breidd. Blöð jarðhneta og margra belgjurta loka sér þegar fer að skyggja líkt og plantan fari að sofa. Minna á blöð smára. Blómin gul með rauðu æðamynstri og tveir til fjórir sentímetrar að breidd. Líkt og aðrar belgjurtir lifir jarðhnetan í sambýli við niturmyndandi jarðvegsgerla sem lifa á rótum plöntunnar.

Eftir frjóvgun lengist blómstilkurinn og sveigist niður þar til egglegið snertir jörðina og vex síðan nokkra sentímetra ofan í hana áður en það sveigir til hliðar. Aldinið þróast í mjúkum lóðréttum belg neðanjarðar. Belgurinn þrír til sjö sentímetrar að lengd og einn til einn og hálfur sentímetri í þvermál og inniheldur eitt til sex fræ.

Sé fullþroska fræ klofið í sundur sést að innan í því er að finna litla kímplöntu með blöðum. Það er hún sem vex í nýja plöntu sé lifandi jarðhnetubaun sáð.

Uppruni og saga

Uppruni jarðhneta er í Suður-Ameríku og er talið að ræktun þeirra nái allt að sjö þúsund ár aftur í tímann. Staðbrigði jarðhneta í Norðvestur-Argentínu og suðurhluta Bólivíu eru líkust villtum ættingjum sínum og er því talið að ræktun þeirra hafi hafist á þeim slóðum.

Við komu Evrópumanna til Nýja heimsins voru jarðhnetur hluti af daglegri fæðu innfæddra og seldar á mörkuðum um alla Mið-Ameríku. Jarðhnetur bárust með Portúgölum til Afríku og frá Afríku með verslunarleiðum Spánverja og Portúgala til Indlands og Kína. Plantan barst svo aftur vestur yfir Atlantsála til Suðurríkja Bandaríkjanna Norður-Ameríku með þrælum frá vesturströnd Afríku.

Plantan var fljót að aðlagast aðstæðum í nýjum heimsálfum og aldin hennar fljótlega hluti af daglegri fæðu fólks í nýju heimkynnum plöntunnar. Í dag er ræktun hennar mest í Kína og Afríku.

Ræktun á jarðhnetum í Kína jókst gríðarlega á níunda áratug síðustu aldar sem liður í því að auka tekjur og fjárhagslegt sjálfstæði smábænda í landinu og hefur Kína verið stærsti framleiðandi jarðhneta í heiminum frá 2006.

Óteljandi yrki

Í gegnum aldirnar hafa orðið til mörg þúsund staðbrigði og yrki af jarðhnetum. Í dag er þeim skipt í sex megin afbrigði og tvær undirtegundir, A. h. fastigiata sem vex upprétt og hefur styttri vaxtartíma en A. h. hypogaea sem er jarðlægari.

Talið er að í Kína finnist að minnsta kosti hundrað staðbrigði og ólík yrki af jarðhnetum. Flest yrkin sem ræktuð eru í Suður-Kína eru afkomendur A. h. fastigiata en norðlægari yrki komin af A. h. hypogaea.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er jarðhnetum skipt í nokkra ólíka flokka eftir vaxtarlagi, stærð, lögun, olíuinnhaldi og bragði og talað um spænskar jarðhnetur, jarðlægar, virginía og valensía. Mest er ræktun þeirra í Suðurríkjum Norður-Ameríku, Georgíu og í um það bil 200 kílómetra radíus í kringum borgina Dothan í Alabama.

Þess má geta að Jimmy Carter, 39. forseti Bandaríkjanna, og sá eini í seinni tíð sem ekki leiddi þjóðina í stríð, er af ætt jarðhnetubænda í Georgíuríki.

Nafnaspeki

Sænski grasafræðingurinn og frumexelmaðurinn Carl von Linneus gaf jarðhnetum tegundarheitið hypogaea sem á latínu þýðir neðanjarðar. Á ensku kallast jarðhnetur peanuts eða groundnuts, á kínversku lou hua sheng, arachide á frönsku, erdnuss á þýsku, arachide á ítölsku, nankinmame eða piinatsu á japönsku og cacahuete á spænsku. Íslenska heitið jarðhneta er hingað komið frá Danmörku, eins og svo margt annað gott, því á máli Margrétar Þórhildar drottningar segjum við jordnöt.



Hnetusmjöri tappað á tunnur.



Jimmy Carter, 39. forseti Bandaríkjanna og sá einni í seinni tíð sem ekki leiddi þjóðina í stríð, var af ætt jarðhnetubænda.



Jarðhnetum pakkað í neysluumbúðir.

Jarðhnetur sem fæða

Hérlendis þekkjast jarðhnetur og jarðhnetuafurðir bestar ristaðar eða sem salthnetur og njóta mikilla vinsælda sem slíkar og einnig sem hnetusmjör og jarðhnetuolía sem er vinsæl til steikingar vegna þess hvað hún þolir mikinn hita.

Þurrkaðar jarðhnetur má mala í mjöl og nota til baksturs og sagt vera góð lausn fyrir þá sem kjósa glúteinlausa fæðu.

Þrátt fyrir að jarðhnetur séu grasafræðilega ekki hnetur líkjast þær trjáhnetum, til dæmis valhnetum og möndlum á bragðið. Þær eru sagðar hollar og innihalda margs konar næringarefni og meðal annars níasín, fólat, trefjar, E-vítamín, magnesíum og fosfór. Jarðhnetur innihalda enga transfitu og natrín og geta verið allt að 25% prótein.

Fjöldi fólks er með ofnæmi fyrir hnetum og getur lítið magn af jarðhnetum valdið alvarlegu bráðaofnæmi.

Í latnesku Ameríku er jarðhnetusósa með chili og lauk stundum borin fram með grilluðum naggrís eða kjúklingi. Ristaðar jarðhnetur sem húðaðar eru með hveiti eða salti eru vinsælt snakk í Ísrael. Í Suðaustur-Asíu eru jarðhnetur notaðar í bragðmiklar sósur með eldpipar sem borinn er fram með rauðu kjöti. Indverjar eru hrifnastir af ristuðum jarðhnetum sem snakki sem stundum er kryddað með chilidufti. Íbúar Vestur-Afríku, á Fílabeinsströndinni, Búrkína Fasó, Gana, Nígeríu og Senegal, eru sólgnir í jarðhnetusósu með lauk, gulrótum eða káli sem hellt er út á kjúklinga eða annað kjöt. Einnig er á þessum slóðum búin til jarðhnetusúpa úr sama hráefni. Í Evrópu eru jarðhnetur mikið borðaðar sem snakk og sem bragðefni í sælgæti en í Norður-Ameríku er þeirra mest neytt sem hnetusmjörs.

Laufið sem fellur til við ræktun jarðhneta er notað og þykir gott sem húsdýrafóður, aðallega fyrir nautgripi og hænsni vegna mikils próteininnihalds plöntunnar. Einnig eru jarðhnetubelgir notaðir sem fóður fyrir jórturdýr.

Jarðhnetur í alþýðulækningum

Í heimildum segir að jarðhnetur séu góðar við bólgum í gallblöðru, blóðþynnandi, hreinsi lifrina og lostavekjandi. Víða í Afríku eru þær sagðar eyða vörtum.

Jarðhnetur til iðnaðar

Auk þess að vera nýttar sem fæða og fóður eru jarðhnetur og jarðhnetuafurðir notaðar sem íblöndunarefni til iðnaðar. Í málningu, þynni, smurolíu, sápu og snyrtivörur, í leðurfeiti, skordýraeitur og sprengiefnið nítróglyserín. Fræbelgirnir eru notaðir í plast, þilplötur, slípiefni, sellulósa, eldsneyti og lím.

Harðgerð og þurrkþolin planta

Jarðhnetur þrífast best í sand- og leirkenndum jarðvegi með sýrustig á bilinu 5,9 til 7. Vegna sambýlis við niturbindandi bakteríur eru plönturnar jarðvegsbætandi en þar sem nitrið eða köfnunarefnið sem bakteríurnar framleiða fer að mestu í blaðvöxt nýtur aldinið takmarkaðs gagns af sambýlinu. Jarðhnetur eru mikið notaðar við skiptiræktun og sýnir reynslan að jarðhneturnar njóta einnig góðs af skiptiræktinni. Uppskera þeirra eykst um allt að 50% eftir að annars konar plöntur hafa verið ræktaðar í jarðhnetubeði eða akri í tvö til þrjú ár.

Plantan er þurrkþolin og kýs fremur hlýtt og þurrt loft og getur komist af með 350 millimetra af vatni yfir vaxtartímann.

Ræktunartími A. h. fastigiata eru 90 til 120 dagar en 120 til 150 dagar hjá A. h. hypogaea. Einnig getur tíminn frá sáningu verið misjafn milli yrkja og afbrigða.

Þar sem plantan heldur áfram að blómstra og mynda belgi allt til dauða getur reynst erfitt að ákveða hvenær skal uppskera hana til að fá sem mest. Sé það gert of snemma eru aldinin óþroskuð í belgnum en sé það gert of seint brotna belgirnir af við uppskeru.

Við uppskeru, hvort sem hún er unnin með höndum eða vélvædd, er öll plantan tekin upp með rót til að ná til aldinsins. Eftir upptöku eru belgirnir látnir þorna í nokkra daga og svo annaðhvort tíndir með höndum af plöntunum eða hristir af með vélum. Við áframvinnslu er belgurinn brotinn og fræin tekin innan úr honum og fræin mulin í hnetusmjör eða pressuð í jarðhnetuolíu.

Jarðhnetur í Þjóðólfi

Í tímaritinu Þjóðólfi 1855 er grein sem ber heitið Um jarðhneturnar en við nánari skoðun kemur í ljós að greinin fjallar um möguleika þess að rækta ætifífla, Helinatus tuberosus, hér á landi. Erlendis eru ætifíflar aðallega ræktaðir vegna rótarhnúanna. Höfundurinn G. Ólafsson segir meðal annars í greininni: „Nær miðsumars taka til að spretta út úr aðalrótinni hnúðar eður hnetur, stækka þær smámsaman og verða á haustin á stærð við væn jarðepli. Hneturnar eru rauðar utan, en innan hvítur ávöxtur, líkt og jarðepli.“ Nafngiftin verður að segjast vera skemmtileg tilraun til að gefa erlendum rótaávexti nafn. Nafn sem reyndar var lengi notað um það sem á dönsku er kallað jordskokker en Jerusalem artichoke á ensku.

Í Hagskýrslu um utanríkisverslun frá 1936 er talað um innflutning á tvenns konar jarðhnetum, það er að segja með og án skurnar. Freistandi er að ætla að þar sé átt við jarðhnetur eins og við þekkjum þær í dag þar sem þær eru flokkaðar meðal annars með dýra- og jurtafeiti, pálmahnetum, sojabaunum og baðmullarfræjum.

Útrýmir jarðhnetan ullinni og sauðkindinni?

Í Fálkanum árið 1952 er að finna áhugaverða grein sem ber fyrirsögnina Útrýmir jarðhnetan ullinni og sauðkindinni?

„Er hlutverki sauðkindarinnar sem ullarframleiðanda lokið? Ef trúa má síðustu skýrslum vefnaðarvöruframleiðenda er svo að sjá sem að reyfið af sauðkindinni sé að verða óþarfavaringur. Á síðari árum hefir tekist að framleiða ýmiss konar ullarlíki, sem þykir standa jafnfætis ullinni, ef ekki betra. Nú þekkja allir orðið nylon og þess háttar galdraefni.

Menn framleiða bæði sellu-ull og plast-ull, steinull og glerull án þess að biðja sauðkindina um aðstoð. Og jafnvel Bretar, sem bæði eru taldir mesta ullariðnaðar- og mesta vanafestuþjóð heimsins eru að segja sauðaullinni upp hlýðni og hollustu. Nú eru þeir að gera tilraunir með gervi-ull úr sojabaunum, fiski, eggjum og fiðri.

Síðasta gerviullar nýjungin er úr jarðhnetum - pea nuts. Það er stórfirmað „Imperial Chemical Industries“ sem að þessum tilraunum stendur og á rannsóknarstöð firmans í Skotlandi hefir tekist að gera ágæta ull úr hnetunum. Þær eru keyptar frá Vestur-Afríku, Indlandi, Kína og Suður-Ameríku.

Proteinefnið í hnetunum er notað til að gera ull úr, eftir að öll fita hefir verið soðin úr þeim. Það er með öðrum orðum úrgangurinn sem ullin er unnin úr. Fita hefir lengi verið unnin úr jarðhnetum, en úrganginum fleygt. Nú fer ekkert til ónýtis, því að úrgangurinn sem eftir verður þegar ullin er fengin, er besta kjarnfóður, á borð við síldarmjöl. Jarðhnetuullin er kölluð Ardil, eftir staðnum sem verksmiðjur „Imperial Chemical l'ndustries“ í Skotlandi standa á. Sérfræðingar fullyrða að Ardil sé besta gerviullin sem í boði sé á heimsmarkaðinum. Ardil mölést ekki, því að mölurinn vill það ekki, það hleypur ekki við þvott og þolir vel slit. Efnið er eins sterkt og alullarefni, og fataefni úr samkembu Ardils og ullar eða bómullar er níðsterkt.

Reynslan hefir verið svo góð að nú stendur til að hefja framleiðslu í stórum stíl á Ardil.

Þegar Ardil og ull er kembt saman fæst efni sem reynist prýðilega í kambgarn, ullardúka, prjónles, ullarvoðir, gólfdúka, flóka og hatta. Þetta efni er mjúkt og létt, ekki síður en alullarefni, og það er hægt að lita það hvernig sem maður vill.

Jarðhnetan er hvorki aldin né grænmeti heldur til beggja. Jurtin lítur út eins og stórvaxinn smári, en svipar að því leyti til kartöflunnar að ávöxturinn er undirvöxtur en ekki ofanjarðar.

Í jarðhnetunni er 42% af þyngdinni fita, og það er fyrst og fremst olían sem unnin er úr hnetunni, sem hefir gert hana verðmæta. Olían eða feitin er notuð í smjörlíki, matarfeiti, salatolíu og í stað ólívenolíu. Það af feitinni sem ekki er notað til manneldis er notað í sápu. - En það væri rangt að halda að allt verðmæti væri unnið úr hnetunni, þegar búið er að sjóða úr henni fituna. Amerískur vísindamaður hefir komist að því að úr afganginum sé hægt að vinna um 300 mismunandi efni. Þ. á m. ost, mjólk mjöl, kaffi, blek, lit, einangrunarefni og bæs. Og úr því sem eftir verður má fá kjarnafóður, er inniheldur 45% af próteini. Og nú eigum við að fara að ganga í jarðhnetufötum ofan á allt þetta! Því miður eru sjálfsagt vandkvæði á að rækta jarðhnetuna hér á landi, jafnvel við hverahita.“

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Hugleiðingar um losun og bindingu kolefnis í votlendi

Losun á koltvísýringi við framræslu og endurheimt votlendis hefur mikið verið til umræðu undanfarið og drög að áætlun um endurheimt í stórum stíl verið kynnt. Er hún hugsuð sem liður í mótvægisaðgerðum stjórnvalda gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Gengið er út frá því að hægt sé að draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda við það að fylla upp í skurði en minna fjallað um óvissuþætti. Í þessari grein bendum við á nokkur atriði sem skipta máli og þarf að taka tillit til.



Flateyjardalur. Mikill breytileiki getur verið á samsetningu íslensks mýrlendis. Mynd /HKr.

Þegar votlendi sem ríkt er af lífrænum efnum er þurrkað losnar koltvísýringur (CO_2) en jafnframt minnkar losun á metani (CH_4) sem er önnur gróðurhúsalofttegund. Þriðja gróðurhúsalofttegundin getur myndast við ákveðin skilyrði en það er hláturgas (N_2O) og ræðst m.a. af hita og raka hversu mikið verður til af henni. Þó svo að mest losni af koltvísýringi hefur hver eining hinna lofttegundanna miklu meiri áhrif.

Hiti og raki hafa mikil áhrif á niðurbrotshraða lífræns efnis en aðrir þættir hafa einnig áhrif t.d. sýrustig og næringarefni en umfram allt þarf súrefni að komast í jarðveginn til að niðurbrot aukist. Niðurbrot gengur hraðar fyrir sig með hækkandi hita og hæfilegum raka. Niðurbrot er minna ef sýrustig er lágt. Þá eykst losun með hækkandi magni lífræns efnis í jarðveginum. Á móti kemur að gróður getur bundið mikið kolefni, ekki síst túngrös. Rotnun og losun á CO_2 er að langmestu leyti bundin við efstu lög jarðvegsins.

Losun gróðurhúsalofttegunda úr mýrum

Ísland gerir reglulega grein fyrir losun koltvísýrings út í andrúmsloftið vegna landnýtingar (LULU-CF) í skýrslu til loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Mælingar á losun koltvísýrings úr íslenskum mýrum eru hins vegar takmarkaðar og því hafa erlendir stuðlar verið notaðir til að meta losunina (1. tafla) (1,3,4). Fyrir mýrartún hafa verið notaðir stuðlar sem ætlaðir eru fyrir akurlendi (cropland) (9) en ekki graslendi (grassland). Akurlendi er land sem er unnið reglulega og í eru ræktaðar fyrst og fremst einærar tegundir. Því væri eðlilegra að nota graslendisstuðla fyrir tún hér á landi.

Athygli vekur hversu mikil óvissa er í losunarstuðlum IPCC og sérstaklega hversu mikið stuðlar hafa hækkað fyrir graslendi á framræstu votlendi frá 2006 til 2013 (1. tafla). Það mætti kafa ofan í hvað þar liggur að baki en það sýnir kannski fyrst og fremst að það er erfitt að mæla losunina og aðferðafræðin er enn til skoðunar. Þá eru losunarstuðlar ICPP 2013 þeir sömu fyrir temprað og norðlægt (boreal) loftslag. Velta má fyrir sér hvort losun á koltvísýringi úr íslenskum mýrum sé jafn hröð og í löndum með bæði verulega hlýrri og lengri sumur en við njótum.



Dr. Þorsteinn Guðmundsson.



Dr. Guðni Þorvaldsson.

1 .tafla. **Losun gróðurhúsalofttegunda úr mýrum**

IPCC = Losunarstuðlar. - Árleg losun á kolefni, t/ha) (1,4,5)

	IPCC 2006	IPCC 2013
Lífrænn jarðvegur		
akurlendi (cropland)	5,0 ± 90%	7,9 (6,5 - 9,4)
graslendi (grassland)	1,25 ± 90%	5,7 (2,9 - 8,6)

Mælingar á losun kolefnis úr mýrum á Íslandi

Fáar greinar um losun koltvísýrings úr íslenskum mýrum hafa birst. Helsta heimildin er grein í ráðstefnuriti (6). Þá er greint frá losun koltvísýrings í tveimur MS ritgerðum (3,8). Þessar niðurstöður eru teknar saman í 2. töflu. Í ráðstefnuritinu (6) er greint frá losun í mýrartúnum á Vesturlandi á árunum 2002, 2003 og 2007 og ef tekið er meðaltal mælinganna þá er árleg meðallosun á C 5,59 t/ha. Þetta er meðaltal mælinga frá fjórum stöðum en munur á losun milli staða kemur ekki fram. Þetta er meiri losun en fékkst í MS verkefnunum, jafnvel þó kolefnisinnihald í mýrinni í Mávahlíð hafi verið hátt (8). Í mýrunum á Suðurlandi var framræst og óframræst land borið saman (3). Kolefnisinnihald í framræsta landinu var mun lægra en í því óframræsta, 15,9% samanborið við 23,7%, og þessi munur var síðan notaður til að reikna losunarhraðann. Losunarhraðinn reyndist mun lægri en í mýrunum á Vesturlandi, að meðaltali 1,7 t/ha. Af þessu má sjá að breytileiki í losun er mikill og að mikils munar megi vænta eftir jarðvegi, árum og staðháttum.

2. tafla. **Mælingar á losun kolefnis úr mýrum á Íslandi**

Losun á C = Árleg losun kolefnis úr íslenskum mýrarjarðvegi, í tonnum á hektara t/ha.

C% = Kolefnishlutfall. - C/N = Hlutfall kolefnis og niturs

Staður	Losun á C	C%	C/N	Heimild
Vesturland	5,59 (3,97 - 8,25)	14,2 - 40,0	12,3 - 18,5	6
Mávahlíð	3,8 ± 0,65	31,4	17,3	8
Suðurland	1,7 (0,7 - 3,1)	15,9	15,3	3

Upptaka gróðurs á nitri (N) í tilraunareitum, sem ekki hafa fengið N-áburð, hefur oft verið mæld. Niturmagn uppskeru á þessum reitum gefur vísbendingar um hversu mikið af nitri losnar úr jarðveginum þó að ekki sé um beina mælingu að ræða. Upptaka N hefur oft verið á bilinu 15-130 kg N/ha og er meiri eftir því sem meira er af lífrænu efni í jarðveginum. Út frá mælingum í kornökrum var áætlað að u.þ.b. 1% niturforðans í efstu 30 cm jarðvegsins losnaði á vaxtartímanum (2). Þetta er að sjálfsögðu breytilegt eftir árferði og öðrum aðstæðum en hefur verið notað sem þumalfingursregla við áburðarleiðbeiningar í kornrækt. Ef t.d. 10 tonn af nitri eru í efstu 30 cm jarðvegs gætu 100 kg N/ha losnað árlega samkvæmt þessu. Ef C/N hlutfall jarðvegsins er 15 ættu 1,5 tonn af kolefni að losna um leið. Þetta er gróf nálgun og hvorki er tekið tillit til bindingar sjálfstætt lifandi örvera né sambýlis við smára. Ef 7,9 tonn af kolefni losna, eins og gert er ráð fyrir í IPCC stuðlum fyrir akurlendi, ættu 527 kg N/ha því einnig að losna, en það er gífurlegt magn. Ef losun á kolefni úr mýrum er svona mikil þyrfti því að gera grein fyrir hvað verður um allt nitrið sem óhjákvæmilega losnar í leiðinni.

Lífrænt efni í mýrum er mjög breytilegt

Íslenskar mýrar eru yfirleitt steinefnaríkari en mýrar í nágrannalöndunum, m.a. vegna áfoks, öskufalls, mýrarrauða og vatnsrennslis í hlíðum, og lífrænt efni er að sama skapi minna. Samkvæmt jarðvegskorti http://jardvegsstofa.lbhi.is og http://www.rala.is/ymir/ þekur mójörð (> 20 % C) um 1,2 % af landinu, svartjörð (12-20% C) um 5,5 % af landinu og blautjörð (1-12 % C) um 2,6% af landinu en allar þessar jarðvegsgerðir eru taldar til votlendis.

Miðað við þessar tölur er lítill hluti af íslensku votlendi með meira en 20% kolefni, en nær allar rannsóknir á losun eru af mýrlendi með yfir 20% kolefni (2. tafla). Það má ætla að losun sé minni eftir því sem kolefni er minna eins og áður hefur komið fram.

Hafa ber í huga að mólendi hér á landi getur verið með meira en 20% kolefni og 10-15% C í efstu lögum er nokkuð algengt. Því má geta þess að með suðurströndinni, og víðar um landið, má víða finna sendið framræst land. Það þarf að taka tillit til þessa mikla breytileika í magni lífræns efnis þegar losun er áætluð úr þurrkuðu votlendi.

Framræsla votlendis er ekki alltaf einföld og í úrkomutíð getur framræst land blotnað að yfirborði. Þá er öruggt að losun gengur hægt fyrir sig og víða má finna lítið rotið torf í efstu lögum, jafnvel í túnum (11). Ennfremur eru skurðir víða gamlir og vatnsstaðan há í þeim. Þar er líklegt að losun kolefnis sé mun minni en þar sem vatnsstaðan er lág.

Getur kolefni bundist í framræstu votlendi?

Kolefni getur bundist þar sem jarðvegur með mjög lágt magn lífrænna efna er ræstur fram, t.d. sendinn jarðvegur eða mólendi. Í framræstu tilraunalandi á Skriðuklaustri var allmikil söfnun kolefnis í langtímatilraun þar sem tilbúinn áburður var borinn á (10). Með áburði eykst bæði uppskera og magn lífrænna efna sem eftir verða í jarðvegi ár hvert.

Grös nýta sér N sem losnar til vaxtar, a.m.k. ef losunin er innan þeirra marka að grösin ráði við að taka það upp. Fyrir hvert kg af N sem þau taka upp binda þau hins vegar 30 kg af kolefni þar sem C/N hlutfallið er miklu hærra í grösum en jarðvegi. Þurrefnisuppskera í frjósömu túni getur auðveldlega náð 9 tonnum af þurrefni/ha. Að viðbættum rótum og sprettu eftir slátt getur uppskeran orðið 13 tonn sem samsvarar 5-6 tonnum af kolefni/ha. Þó að þetta kolefni sé ekki nema að hluta langtímabinding og mikið af því fjarlægt af landinu með uppskerunni þá þarf að taka tillit til þess. Þannig fylgir auknum vexti ofanjarðar aukinn rótarvöxtur og í ræktuðu landi verður meira kolefni eftir í jarðveginum en í landi sem ekki er í rækt. Þetta geti leitt til bindingar á kolefni í framræstu landi eins og áður er getið.

Stærð votlendis

Heildarstærð ræktaðs lands hér á landi hefur verið talin um 120.000 ha (1.200 km^2) og að tæpur helmingur þess sé á þurrkuðu votlendi (500-600 km^2).

Í umræðum um endurheimt votlendis hefur því verið haldið fram að búið sé að þurrka um 4.200 km^2 votlendis og samkvæmt tölunum hér að ofan eru þá einungis 10-15% af því nýtt sem ræktunarland. En hversu áreiðanlegar eru þessar tölur?

Heildarlengd skurða hefur verið áætluð 32.000 km. Til að ná 4.200 km^2 þarf hver skurður að þurrka



Heildarlengd framræsluskurða hér á landi hefur verið áætluð 32.000 km.



Horft niður yfir Mikladal og Örlygshöfn við Patreksfjörð. Íslenskar mýrar eru yfirleitt steinefnaríkari en mýrar í nágrannalöndunum og kolefnisinnihald því væntanega ekki eins hátt og oft er haldið fram. Mynd / HKr.



Framræst tún í Botni í Súgandafirði. Að mati greinarhöfunda þarf að huga vandlega að hvar skynsamlegt sé að endurheimta votlendi og hvar landbúnaður hafi forgang. Mynd / HKr.

130 m að meðaltali (65 m í hvora átt). Algengt er að 50 m séu á milli skurða hér á landi. Ef miðað er við að hver skurður þurrki 50 m (25 m í hvora átt) þá gefa 32.000 km af skurðum um 1.600 km^2 af framræstu landi. Stundum er lengra á milli skurða en 50 m og jaðarskurðir þurrka meira sem og stakir skurðir og flatarmálið verður þar með meira sem því nemur. Á móti kemur að nokkuð er um skurði á þurrlendi til að losna við yfirborðsvatn þannig að ekki er allt grafið land votlendi. Töluverð óvissa er því um þessa 4.200 km^2 sem notaðir hafa verið og talan gæti verið nokkuð lægri. Til að fá rétta tölu þarf góð skurða- og jarðvegskort og láta þau vinna saman. Vinna við endurmat á stærð þurrkaðs votlendis mun vera í gangi.

Er endurheimt votlendis eina lausnin?

Ef ætlunin er að koma í veg fyrri losun á CO_2 út í andrúmsloftið þá er hækkun grunnvatnsstöðu að yfirborði besta lausnin en á að sjálfsögðu einungis við þar sem um nettó losun er að ræða. Tæpur helmingur ræktaðs lands er á framræstu landi og töluvert af beitilandi einnig. Því þarf að huga vandlega að hvar skynsamlegt sé að endurheimta votlendi og hvar landbúnaður hafi forgang. Þá hefur ekki verið athugað hvort hækka megi grunnvatnsstöðu og jafnframt stunda ræktun á nytjajurtum. Rannsóknir erlendis hafa sýnt að það er hægt og þannig mætti draga úr eða jafnvel snúa losun við í bindingu á kolefni (7). Íslenskur jarðvegur er þess eðlis að hann bindur mikið kolefni þar sem nokkrir áhrifaþættir fara saman, eðli jarðvegsins, kalt loftslag og mikill raki í jörð. Þar sem mikill raki er í jörð og kolefnishlutfall ekki hátt þyrfti að athuga hvort hækkun grunnvatnsstöðu sé yfirleitt góð lausn eða hvort ræktun og aukin frumframleiðsla geti ekki haldið kolefnisbúskap í horfinu eða jafnvel stuðlað að bindingu CO2 úr andrúmslofti.

Niðurlag

Í þessari grein hefur verið bent á nokkra skekkjuvalda við mat á losun gróðurhúsalofttegunda úr framræstu votlendi. Helstu skekkjuvaldarnir eru óvissa um stærð þurrkaðs votlendis, breytileiki í magni lífræns efnis í votlendi sem taka þarf tillit til og takmarkaðar innlendar mælingar á losun sem gerir það að verkum að erlendir stuðlar eru notaðir.

Það er ljóst að mikil vinna er enn óunnin á þessu sviði og ályktanir og ákvarðanir stjórnvalda þurfa að taka mið af því. Við vitum að takmarkað fé er til ráðstöfunar í þetta verkefni eins og svo mörg önnur og ekki hægt að ætlast til að allt sé gert í einu. Vegna þessa er mikilvægt að fara varlega í ályktunum á meðan stór göt eru í þekkingunni. Við megum heldur ekki gleyma því að þurrkað votlendi er mikilvægt ræktunarland og því takmörk fyrir því hversu mikið af því er hægt að taka úr umferð.

Dr. Þorsteinn Guðmundsson
prófessor í jarðvegsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Dr. Guðni Þorvaldsson,
prófessor í jarðrækt við LbhÍ.

Heimildir

1. *Couwenberg J. 2011. Greenhouse gas emissions from managed peat soils: is the IPCC reporting guidance realistic? Mires and Peat 8, Article 02, 1–10.*
2. *Friðrik Pálmason, Hólmgeir Björnsson og Jónatan Hermannsson, 2003. Nýting niturs í kornökrum. Ráðunautafundur 2003, 173-177.*
3. *Gunnhildur Eva G. Gunnarsdóttir 2017. A novel approach to estimate carbon loss from drained peatlands in Iceland (óútgefin meistararitgerð). Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.*
4. *IPCC 2013. 2013 Supplement to the 2006 IPCC Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories: Wetlands. Methodological Guidance on Lands with Wet and Drained Soils, and Constructed Wetlands for Wastewater Treatment.*
5. *Jón Guðmundsson 2016. Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði. Skýrsla til Umhverfisráðuneytisins. https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Greining-a-losun-grodurhusa-vegna-landbunadar_161012JG_okt.pdf*
6. *Jón Guðmundsson og Hlynur Óskarsson 2014. Carbon dioxide emission from drained organic soils in West-Iceland. Í: Guðmundur Halldórsson, Francesca Bampa, Arna Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni D Sigurðsson, Luca Montanarella og Andrés Arnalds (ritstjórar) Soil Carbon Sequestration for climate, food security and ecosystem services. International conference Reykjavík, Iceland, 27–29 May 2013. EU JRC Policy report JRC88412, 155–159. doi: 10.2788/17815.*
7. *Karki Sandhya, Lars Elsgaard, Tanka P Kandel og Poul Erik Lærke 2015. Full GHG balance of a drained fen peatland cropped to spring barley and reed canary grass using comparative assessment of CO2 fluxes. Environmental Monitoring and Assessment 187(62), 1–13.*
8. *Rannveig Ólafsdóttir 2015. Carbon budget of a drained peatland in Western Iceland and initial effects of rewetting (óútgefin meistararitgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands.*
9. *Umhverfisstofnun 2010. Emissions of greenhouse gases in Iceland from 1990 to 2008. National Inventory Report 2010.*
10. *Þorsteinn Guðmundsson, Hólmgeir Björnsson og Guðni Þorvaldsson 2004. Organic carbon accumulation and pH changes in an Andic Gleysol under a long-term fertiliser experiment in Iceland. Catena 56, 213–224.*
11. *Þorsteinn Guðmundsson, Sunna Áskelsdóttir og Gudni Thorvaldsson 2014. Potential Soil Carbon Sequestration in Icelandic Grasslands. Í: Guðmundur Halldórsson, Francesca Bampa, Arna Björk Þorsteinsdóttir, Bjarni D. Sigurdsson, Luca Montanarella og Andrés Arnalds (ritstjórar) Soil Carbon Sequestration for climate, food security and ecosystem services: International conference Reykjavík, Iceland, 27–29 May 2013. EU JRC Policy report JRC88412, 147–148.*

GÓLF Í GRIPAHÚS



SWAANS BETON
50 ÁRA REYNSLA

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

NAUTGRIPIR, SVÍN OG SAUÐFÉ

byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

LESENDABÁS

Er stefnt að útrýmingu lítilla og miðlungs fjárbúa í landinu?

– Gegna veigamiklu, félagslegu hlutverki og stuðla að viðhaldi sveitabyggðar

Í síðasta Bændablaði, 11. janúar, birtist á bls. 45 athyglisvert lesendabréf frá Lárusi Sigurðssyni þar sem hann víkur m.a. að opinberum stuðningi við sauðfjárræktina sem byggir mjög á mismunun eftir bæði búsetu og fjárfjölda.

Sem eðlilegt er veltir hann upp nokkrum áleitnum spurningum sem hafa orðið mér tilefni hugleiðinga um þessi efni.

Nýjar reglugerðir

Á meðal fyrstu verka nýs ráðherra í liðnum mánuði var að staðfesta og birta tvær nýjar reglugerðir, annars vegar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu nr. 1166/2017 og stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017, sem væntanlega vísa veginn fyrir þessa búgrein með ýmsum hætti. Sú fyrri byggir að mestu á gömlum og traustum grunni og mun ég víkja lítillega að afleiðingum hennar í lok þessa pistils með tilliti til fjárbúskapar utan lögbýla.

En það er sú síðari sem hlýtur að vekja marga til umhugsunar um hvert stjórnvöld eru að stefna og hver viðhorf bænda eru, og þá sérstaklega þeirra sem halda sauðfé, til þeirrar grófu mismununar sem þar er boðuð, bæði hvað varðar svæði og fjárfjölda á viðkomandi búi. Í 1. gr. reglugerðarinnar er vísað í samning fulltrúa ríkisvaldsins og bænda um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 19. febrúar 2016 þannig að ætla mætti að grundvöllurinn væri traustur.

Sérhæfing og fækkun fjárbænda

Mér finnst reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt endurspegla vel þá hugmyndafræði að enn skuli efla sérhæfingu og stækkun fjárbúa. Til að ná fram þeim markmiðum, og miðað við markaðsstöðuna í dag, skuli fækka litlum og miðlungs fjárbúum um land allt. Þannig verði afkoma „alvöru“ fjárbænda tryggari og búseta í sveitum landsins traustari í næstu árum. Skömmu eftir að reglugerð nr. 1183/2017 kom út fengu Landssamtök sauðfjárbænda það álit frá sérfræðingi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) að eðlilegt sé að búin stækki verulega og að þeim fækki.

Þessi hugmyndafræði er í sjálfu sér vel þekkt, hún og afleiðingar hennar eru kunnar um allan heim. Að mínum dómi er hún orðin úrelt í meginatriðum og hentar alls ekki íslenskri sauðfjárrækt. Reynslan erlendis sýnir að fjölskyldubúunum er fyrst rutt úr vegi, fáeinar fjölskyldur byggja þó upp sérhæfð stórbú sem síðar lenda gjarnan í eigu fjárfesta í þéttbýli, oft í hlutafélögum, og þá er orðið stutt í verksmiðjubúin sem skapa mun alvarlegri vandamál en þau leysa. Þessari þróun fylgir oft jarðasöfnun auðmanna og fyrirtækja. Eitt er víst að slík þróun stuðlar ekki að blómlegri og dreifðri sveitabyggð í sátt við umhverfið.

Nokkrir ókostir fækkunar fjárbúa og bænda

Vissulega eiga stór og vel rekin sauðfjárbú, sem búa við góða landkosti og önnur hagkvæm skilyrði, fullan rétt á sér. Engu að síður verður að virða þá sérstöðu sem sauðfjárræktin hér hefur. Alkunna er að hún gegnir veigamiklu, félagslegu hlutverki og stuðlar meira að viðhaldi sveitabyggðar en aðrar búgreinar. Því skiptir fjöldi sauðfjárbænda sem slíkur miklu máli og mikil fækkun þeirra getur skapað vanda hjá þeim sem eftir verða, getur jafnframt skert arðsemi sauðfjárframleiðslunnar í heild. Máli mínu til stuðnings ætla ég að benda á fimm atriði sem geta skipt máli ef litlum og miðlungs fjárbúum fækkar að ráði í sveitum landsins:



Hringur, forystusauður höfundar.



Dr. Ólafur R. Dýrmundsson.

1) Fjallskil og aðrir félagslegir þættir

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er um helmingur fjárbúa á lögbýlum með færri en 150 vetrarfóðraðar kindur. Því er fjáreigendur utan lögbýla ekki inni í þeirri tölu.

Það er reyndar ljóst að bændur á litlum og miðlungs fjárbúum eiga mikinn þátt í eðlilegri framkvæmd fjallskila, bæði gangna og réttahalds, um land allt. Góðir smalahundar og flygildi (drónar) leysa ekki bændur af hólmi. Fækkun í þeirra hópi getur einnig haft neikvæð áhrif á almenna, félagslega stöðu bænda og búaliðs í sveitunum, sérstaklega í dreifðum byggðum þar sem bændum hefur nú þegar fækkað verulega. Hinn félagslegi þáttur sauðfjárræktarinnar vegur því mjög þungt og að mínum dómi má ekki veikja hann með neinum hætti.

2) Nýting heimalanda og afrétta

Dreifing sauðfjárbúa skiptir miklu máli eigi að nýta úthagabeitina með hagkvæmum og sjálfbærum hætti.

Mikil samþjöppun getur leitt til staðbundinnar ofbeitar og aukinnar hættu á búsifjum af völdum sníkjudýra og smitsjúkdóma. Í þessu tilliti eru kostir blandaðrar beitar með t.d. hrossum og nautgripum vel þekktir, samanborið við hreina sauðfjárbeit.

Að hvetja til fjölgunar stórra fjárbúa, án þess að fyrir liggi rammaáætlun um landnýtingu, ber ekki vott um neina fyrirhyggju. (Sjá grein höfundar á bls. 36 í Bændablaðinu 21. mars 2013).

3) Lífrænn búskapur og önnur nýsköpun

Fyrirsjánleg er vaxandi eftirspurn eftir lífrænt vottuðum vörum og þar er greinilega vaxtarbroddur til nýsköpunar fyrir íslenskar sauðfjárafurðir sem lítið hefur verið sinnt til þessa (Sjá grein höfundar á bls. 51 í Bændablaðinu 16. nóvember 2017). Þar við bætist að lífrænir búskaparhættir eru að jafnaði heppilegri til kolefnisjöfnunar en önnur búskaparform. Við hérlendar aðstæður er ljóst að lítil og miðlungsbú, sérstaklega hin blönduðu, henta mun betur til aðlögunar að lífrænum búskaparháttum en hin stóru og sérhæfðu. Því er hætt við að sú mismunun í stuðningsgreiðslum sem reglugerð nr. 1183/2017 felur í sér, einkum ákvæði 30. gr. , verði til þess að hindra lífræna aðlögun í greininni. Þar með yrði hamlað verulega gegn þessum þætti nýsköpunar, og jafnvel fleirum, þannig að efnahagslegur skaði gæti hlotist ef. Opinber aðlögunarstuðningur við lífræna sauðfjárrækt gæti vegið eitthvað á móti mismunun smærri búunum í óhag en þetta verður þó að teljast áhyggjuefni.

4) Sjálfbærni sauðfjárframleiðsunnar

Í ljósi þess hve Landssamtök sauðfjárbænda hafa markað greininni metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum, svo sem með áformum um aðgerðir til kolefnisjöfnunar, markvissri vöktun beitilanda, ýmiss konar landbótum og banni við notkun erfðabreytts fóðurs, vekur athygli sá tvískinnungur sem kemur fram með því að beita eigi opinberum stuðningsaðgerðum gegn smærri búunum. Búskógrækt (agroforestry) á litlum og miðlungsstórum sauðfjárbúum, sem hafa oft land aflögu, er ein vænlegasta leiðin til kolefnisjöfnunar en samt er verið að skerða opinberan stuðning til skógræktar. Einnig koma fram mótsagnir gagnvart gæðastýringuna sem m.a. er ætlað að stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Þarna virðist skorta heildarsýn. Ekki er við hugmyndafræðingana eina að sakast því að hér á landi hefur hvorki verið mótuð landbúnaðar- né byggðastefna.

5) Menningargildi sauðfjárbúskapar

Íslenska sauðkindin og allur búskapur henni tengdur voru og eru enn ríkir þættir í menningu þjóðarinnar. Þetta kann þeim að þykja léttvægt sem einblína á lambakjötið eitt sér og telja að það verði framleitt með hagkvæmustum hætti á sem stærstum búum. Það er þó ekki sjálfgefið.

Reynslan sýnir að margir fjárbændur með smærri og miðlungs bú hafa t.d. ágætt svigrúm til að taka virkan þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu. Ef þeim fækkar til muna gæti slíkt haft áhrif, sérstaklega á hinn menningartengda hluta hennar. Hér kemur nýting ullar og gæra til handverks og listsköpunar við sögu. Þetta tel ég alla vega umhugsunarvert.

Engin tekjutenging

Athyglisvert er að hvorki í reglugerð nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt, sem vísað var í hér að framan, né í reglugerð nr. 19/2018 um breytingu á reglugerð nr. 1183/2017, þar sem helmingi sauðfjárbænda, þeirra sem áttu 151 vetrarfóðraða kind eða fleiri haustið 2016, er einum veittur stuðningur vegna kjaraskerðingar, í einskiptisaðgerð, eru engar tekjutengingar líkt og almennt gerist þegar greidd eru framlög til einstaklinga úr ríkissjóði, sbr. umræðu um frítekjumark og ellilífeyri. Þannig fær sauðfjárbóndi með engar eða litlar tekjur af öðru en sauðfjárbúskap sömu stuðningsgreiðslur og sveitunginn sem rekur fjárbú af sömu stærð en er með verulegar aukatekjur, svo sem af öðrum búgreinum, hlunnindum og launum ýmiss konar, þar með frá ríki og sveitarfélögum.

Þegar við bætist framangreind mismunun vegna bústærðar og búsetu er eðlilegt að fólk velti vöngum yfir því hvort lífleg þjóðfélagsumræða um jafnrétti, réttlæti og sanngirni sé hugmyndafræðingum og öðrum ábyrgðarmönnum framangreindra reglugerða óviðkomandi. Eitt er víst að þessi stórfellda mismunun getur ekki verið til þess fallin að efla félagslega samstöðu meðal sauðfjárbænda.

Fjárbændur utan lögbýla í „ruslflokk“

Rétt er að það komi hér fram að fjárbændur utan lögbýla, sem fer fækkandi víðast hvar á landinu, og er helst að finna í kaupstöðum og kauptúnum, njóta engra stuðningsgreiðslna. Svo langt er gengið til að tryggja slíkt að þeir fá ekki sama verð og lögbýlabændur fyrir ullina, sem þó vantar á markaðinn, og þeim hefur nú verið úthýst úr gæðastýringunni. Við, því að ég hef verið í þeirra hópi í 60 ár, þurfum enga styrki en það mætti kannski sýna okkur einhverja virðingu. Höfum á tilfinningunni að „kerfið“ hafi sett okkur í einhvers konar „ ruslflokk“ innan sauðfjárræktarinnar.

Eitt er víst að í þéttbýlisstöðunum erum við fjáreigendur tryggustu útverðir sauðkindarinnar og sauðfjárræktarinnar og erum reyndar næsti og nánustu tengiliðir hennar við fjölda barna og fjölskyldna sem m.a. koma til að sjá lömbin á vorin og í réttirnar á haustin. Auk þessa uppeldislega framlags eru við að viðhalda menningarhefðum.

Síðast en ekki síst erum við virkir þátttakendur í þeim félagslega þætti sauðfjárræktarinnar sem felst í framkvæmd lögboðinna fjallskila á haustin. Svo að dæmi sé tekið sjáum við 12 örbændur í Reykjavík, ásamt einu býli í Kópavogi, um öll fjallskil í Seltjarnarnesafrétti hinum forna. Í vetur erum við með samtals 300 kindur á fóðrum og hefur sú tala verið svipuð síðan um aldamót. Við, karlar og konur á ýmsum aldri, förum í tvennar göngur og í eftirleitir eftir þörfum, í lögskilarétt okkar kemur fyrir á 2. hundrað fjár úr öðrum sveitarfélögum og við sendum skilamenn í útréttir. Allt er þetta unnið í góðri samvinnu við fjárbændur í nágrannasveitarfélögunum sem flestir búa á lögbýlum. Við erum öll jöfn í því ágæta samfélagi.

Þess má geta að lokum að Fjáreigendafélag Reykjavíkur átti 90 ára afmæli á sl. jólaföstu, við höfum verið aðilar að uppgræðslu í afréttinum í 40 ár með góðum árangri og erum að undirbúa réttarbyggingu. Hér er engin uppgjöf þótt móti blási.

Sauðfjárbændum um land allt óska ég farsældar á nýju ári.

Reykjavík, á þorrabyrjun 2018.

Ólafur R. Dýrmundsson
Höfundur er stofnfélagi í Landssamtökum sauðfjárbænda, nú með aukaaðild þar og einnig að Bændasamtökum Íslands, er þátttakandi í Fjárvís, slátrar öllu hjá Sláturfélagi Suðurlands og er hluthafi í Ístex hf.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Jarðarberjaræktun í gróðurhúsi – 1. hluti:


Útplöntun og uppeldi

Nú er hafin jarðarberjatilraun í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskólans á Reykjum í Ölfusi. Starfsfólk sem vinnur að tilrauninni langar að nota tækifærið og ráðleggja þeim sem hafa áhuga á því að rækta jarðarber hvernig best er að bera sig að.

Birtar verða mismunandi greinar með mánaðar millibili. Þessi fyrsta grein fjallar um útplöntun og uppeldi. Önnur grein mun fjalla um blómgun og þriðja greinin þar á eftir fjallar um uppskeru. Í þessum greinum verða birtar upplýsingar um aðferð í ræktun á jarðarberjum en ekki birtar niðurstöður tilraunarinnar í þessum greinum, það verður gert sérstaklega síðar.



Mynd 1: Fjarlægja skemmd blöð.





Mynd 3: Jarðarberjaræturnar, þaktar með rakri jarðarberjamold.

Undirbúningur

Það er mismunandi hvernig aðstæður og umhverfi geta verið til ræktunar, en það þarf alltaf að hafa í huga að skapa plöntunni sem best skilyrði þrátt fyrir að til séu mörg mismunandi yrki af jarðarberjum. Aðferðirnar eru í grunninn þær sömu hvað varðar kröfur til ræktunarinnar.

Ef ræktun jarðarberja fer fram á tímabili við litla sólarinngeislun, þarf að hafa aðgang að ræktunarlýsingu. Þá er ráðlegt að lýsa í 16 klst samfellt (t.d. frá 07:00 til 23:00).

Æskilegt hitastig á að vera 16 °C á daginn og 8-10 °C í nótt. Þegar ræktun fer fram við mikla sólarinngeislun gæti hins vegar vera erfitt að halda þessu hitastigi.

Útplöntun

Ef plantað er í stórum stíl (eins og við framleiðslu) þá er venjan að smáplöntur komi frosnar til ræktenda. Það þarf að tryggja að plöntunar séu ekki frosnar þegar þeim er plantað og þarf að afþýða þær við lágt hitastig (um 10 °C) þannig þær þiðni hægt.

Gott er að fjárlægja skemmd blöð af plöntunum fyrir gróðursetningu til að fyrirbyggja sveppasjúkdóma (Mynd 1). Það þarf að hafa í huga þegar ræktunarefni er valið að gegnum rennslið sé gott fyrir rætunar og sýrustigið sé um pH 5,5–6,0. Í jarðarberjaræktun er æskilegast að vera með moldarblöndu sem inniheldur nokkuð grófar moldartrefjar (peat) með perlusteini (perlite) en svona ræktunarefni er hægt að nálgast hjá flestum söluaðilum sem þjónusta garðyrkjugreinina.

Góð regla er að hafa eina plöntu á hvern 1,25 lítra af mold. Til dæmis er hægt að planta fjórum plöntum í 5 lítra pott með réttri moldarblöndu. Það má ekki þjappa moldinni of mikið þegar hún er sett í pottanna því það dregur úr loftrýminu sem getur valdið því að ræturnar eiga erfiðara með að vaxa.

Fyllt er með mold upp að brún pottsins og vökvað yfir með vatni til þess að ræktunarefnið sé vel rakt en þó ekki blautt. Rótarendinn skal snúa að miðju pottsins og blöðin í átt að brún (Mynd 2). Eftir að plöntunar eru lagðar á moldinna þá þarf að hylja rætunar með auka mold til þess að ræturnar þorni ekki upp (Mynd 3). Þá er vökvað yfir til þess að tryggja að plöntunar fái nægt vatn en þó ekki of mikið, þetta hvetur rætunar til að leitar eftir vatninu og byrja að vaxa.



Mynd 2: Plöntum raðað í pott.



Mynd 4: Ræturnar á stofnplöntum ættu að vera ljósbrúnar (vinstri) en ekki dökkbrúnar (hægri).



Mynd 5: Uppsetning pottanna í klefa við tilraun.



Mynd 6: Ræturnar eru komnar að botni potts.

Við útplöntunina er gott að skoða rætur plantnanna vel, því að rætunar eiga að vera ljósar að lit en ekki dökkar, það skiptir máli uppá gæði plantnanna og uppskeru (Mynd 4).

Ef það á að rækta í litlu mæli (heimaræktun) þá getur það sparað tíma og fyrirhöfn að kaupa tilbúnar ófrosnar plöntur í bökkum sem hægt er að forrækta strax. Í samanburði við frosnar plöntur þá má segja að bakkaplönturnar séu komnar lengra.

Þá er plöntunum plantað beint inn í ræktunarefnið án þess þó að moldin fari yfir stofn plöntunar til að fyrirbyggja að raki og bleyta leiði til sveppasjúkdóma.

Eftir útplöntun (í magnræktun) eru pottanir settir á ræktunarstað (Mynd 5). Þéttleiki plantnanna ætti að vera um 12 plöntur/m2. Hæð ræktunarborða frá gólfi ætti að vera í þægilegri vinnuhæð sem auðveldar tínslu.

Uppeldi

Mikilvægt er að vökvun uppfylli alla næringarþörfina. Áburðurinn sem er mælt með ætti að innihalda nægilegt magn af köfnunarefni, fosfór, kalí og snefilefnum. Hægt er að nálgast áburðinn hjá þekktum söluaðilum.

Magn vökvunarvatns fer eftir ástandi plantna. Eins og áður kom fram, þarf að vökva litið í byrjum og svo þarf að auka vökvun þegar rætunar hafa náð botni ræktunaríláta (Mynd 6). Ef ræktað er í stórum stil, er ráðlegt að mæla reglulega magn vökvunarvatns, frárennslis, leiðni (E.C.) næringar og sýrustig (pH).

Christina Stadler
Börkur Halldór Bl Hrafnkelsson
Elías Óskarsson

100% vatnsheldir og fóðraðir hanskar úr geitaskinni

Hanskarnir eru með stroffur um úlnliðina sem varna því að kuldi og vatn komist á milli laga. Fóðraðir með Thinsulate fóðri og henta því vel fyrir köld og blaut vinnuskilyrði.

Stærðir: 9, 10 og 11.

Verð: 2.728 kr.

THOR Energy



Hjá Dynjanda færðu allt fyrir öryggið, svo sem hjálma, gleraugu, endurskins- og hlífðarfatnað.

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

UTAN ÚR HEIMI



Bandaríkin:

Búist við aukinni kjöt- og mjólkurframleiðslu í ár

Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna (USDA) telur að nokkur aukning verði í kjötframleiðslu þar í landi á árinu 2018, eða á bilinu 1,8 til 2,8%, en mismunandi eftir greinum. Greinilega er þó búist við eitthvað aukinni ásetningu í nautgriparækt og að minna verði því framleitt af kálfakjöti en á síðasta ári og að framboð þess minnki um 3%.

Landbúnaðarráðuneytið gerir einnig ráð fyrir að eggjaframleiðsla aukist um 1,8% á árinu, en það er heldur minni aukning en var á síðasta ári. Er það rakið til heldur versnandi afkomu. Þá er líka búist við hægt vaxandi framleiðslu á kjúklingakjöti en stöðugri afkomu í greininni.

Útflutningur á nauta- og kálfakjöti frá Bandaríkjunum á árinu 2016 jókst verulega frá árinu 2015 og einnig á fyrri hluta árs 2017. Er það vegna aukinnar eftirspurnar og ekki síður vegna lækkandi kjötverðs í Bandaríkjunum og lækkandi gengi dollars.

Að sama skapi dró verulega úr innflutningi nautakjöts til Bandaríkjanna. Búist er við að lokatölur á innflutningi nauta- og kálfakjöts á árinu 2017 verði ríflega 1,2 milljónir tonna. Þá er búist við lítils háttar aukningu á innflutningi nautakjöts á árinu 2018 og að hann fari í tæplega 1,3 milljónir tonna. Innflutningur á nautgripum á fæti er talinn aukast á árinu 2018 að mati USDA eftir samdrátt á síðasta ári.

Spá USDA fyrir mjólkurframleiðsluna er að 2,4% aukning verði í þeirri grein og að framleidd verði nær 100 milljónir tonna á árinu 2018.

Varðandi svínaræktina er gert ráð fyrir að afkastageta sláturhúsa á kornbelti Bandaríkjanna aukist á síðari hluta ársins. Búist er við að kjötframleiðslan í greininni aukist um 3,3% og fari í 26,9 milljarða punda, eða í ríflega 12 milljónir tonna. Aukið kjötframboð hefur leitt til lækkunar á afurðaverði og er nú m.a. spáð um 3% lækkun á galtakjötsverði. Auknu framboði og lækkandi verði hafa bændur reynt að mæta með auknum útflutningi. Þannig jókst útflutningur á svínakjöti frá Bandaríkjunum um 17% á fyrsta ársfjórðungi 2017. */HKr.*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Tafla 1: **Fjósgerðir og mjaltatækni, þróun í fjölda á landsvísu**

	2007	2017	Breyting
Básafjós m. fötukerfum	13	4	-69%
Básafjós m. rörmjaltakerfum	422	220	-48%
Básafjós m. mjaltabásum	69	51	-26%
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	140	118	-16%
Lausagöngufjós m. mjaltaþjónum	74	180	143%
Annað	2	0	
Samtals:	**720**	**573**	**-20%**

Lausagöngufjós algengasta fjósgerðin á Íslandi




Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Árin 1994–1995 var gert átak í því að skrá niður fjósgerðir hér á landi og úr varð töluvert stórt gagnasafn sem var gert upp árið 1998. Eftir það varð hlé á samantekt um fjósgerðir en árið 2003 lagðist Landssamband kúabænda í þá vinnu að endurgera gagnagrunninn og var hann víkkaður út og náði einnig yfir mjaltatækni fjósanna.

Frá þeim tíma hefur LK staðið fyrir útgáfu, annað hvert ár, á skýrslu sem byggir á uppgjöri úr þessum gagnagrunni og nú er komin út áttunda skýrsla þessa efnis. Líkt og fyrri skýrslur þá byggir úrvinnsla skýrslunnar á gögnum úr framangreindum gagnagrunni ásamt skýrsluhaldsupplýsingum auk þess sem upplýsingar um fjósgerðir og mjaltatækni byggja á persónulegri þekkingu ótal margra sem leitað var til.

573 fjós í framleiðslu

Í skýrslunni kemur fram að í árslok 2017 voru 573 fjós í mjólkurframleiðslu á Íslandi en haustið 2007 voru þau 720 og hefur fjósum því fækkað um 147 á síðasta áratug eða um 20,4%. Ef litið er til þróunarinnar síðustu tvö ár þá hefur fjósum hér á landi fækkað um 45 eða 7,3%. Þessi þróun hér á landi er afar áþekk þeirri þróun sem á sér stað um alla Evrópu þar sem fjósum hefur verið að fækka um 4-8% á ári en þrátt fyrir það hefur mjólkurframleiðslan ekki dregist saman þar sem þau bú sem eftir standa bæta við sig í framleiðslu eða fjölda kúa.



Mynd 1: Hlutfallsleg skipting fjósgerða 1994–2017.

Tafla 2. **Meðalfjöldi árskúa eftir fjósgerð og mjaltatækni**

	2017 Árskýr, meðaltal
Básafjós með fötukerfum	11,3
Básafjós með rörmjaltakerfum	28,1
Básafjós með mjaltabásum	40,1
Lausagöngufjós án mjaltaþjóna	50,2
Lausagöngufjós með mjaltaþjónum	67,2

Básafjós ekki lengur ráðandi

Undanfarna áratugi hafa orðið gríðarlega miklar breytingar í húsvist íslenskra mjólkurkúa frá því að flestar kýr hafi verið hýstar í básafjósum yfir í að vera hýstar í lausagöngufjósum og hefur meirihluti kúnna nú í nokkur ár verið í lausagöngufjósum. Básafjósin voru þó ráðandi í fjölda, enda oftast töluvert minni en lausagöngufjósin. Þeim hefur þó fækkað hratt undanfarin ár og eru nú 275 talsins eða 48% af heildarfjölda fjósa á Íslandi. Er því svo komið nú að þau eru ekki lengur ráðandi hér á landi og hafa lausagöngufjósin nú tekið við sem algengasta fjósgerðin á Íslandi. Þessi breyting hefur gengið afar hratt fyrir sig eins og sjá má á mynd 1 og má nefna sem dæmi að fyrir áratug var hlutfall þessara fjósa 70,3% og sé farið rúmlega tvo áratugi aftur í tímann var hlutfall þessarar fjósgerðar 96,4% hér á landi. Básafjós með rörmjaltakerfi eru þó enn algengasta fjósgerðin eða 220, sé litið undirflokkunar á grunni mjaltatækni og næst algengasta gerðin er lausagöngufjós með mjaltaþjóni eða 180 talsins. Líklegt má telja að við gerð næstu skýrslu, verði hún gerð eftir tvö ár líkt og verið hefur, þá muni síðar fjósgerðin hafa náð yfirhöndinni.

Enn vélfötukerfi í notkun

Í skýrslunni er fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals fimm undirflokka þar sem yfirflokkarnir eru annars vegar básafjós og hins vegar lausagöngufjós. Undirflokkar þessara tveggja fjósgerða taka svo mið af þeirri mjaltatækni sem er í notkun í fjósunum. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur fram að frá árinu 2007 hefur básafjósum fækkað verulega eða úr 504 í 275 eða um 45%. Á sama tíma tíma hefur lausagöngufjósum fjölgað úr 214 í 298 sem er rúmlega 39% aukning á liðnum áratug.

Veigamesta breytingin á þessum 10 árum er auðvitað mikill framgangur fjósa með mjaltaþjóna. Á þeim tíma hefur fjósum á Íslandi fækkað um tæplega 150 fjós en á sama tíma hefur mjaltaþjónafjósum fjölgað um rúmlega 100.

Meðalnyt mjaltaþjónafjósa langhæst

Þegar skoðað er samhengi afurða, samkvæmt skýrsluhaldi RML, og fjósgerða kemur ekki á óvart að fjós með mjaltaþjónum eru lang afurðahæst á landinu og er það í samræmi við fyrri uppgjör undanfarin ár. Tekið skal fram að við þessa útreikninga er alltaf notað uppgjör allra búa í árslok uppgjörsársins, óháð því hvor þau hafi skipt um mjaltatækni á árinu eða ekki. Þá koma sum bú ekki til uppgjörs vegna vanskila á



skýrslum eða annarra óvssuþátta. Þessi reikniaðferð ber auðvitað með sér ákveðna skekkju skal tekið með fyrirvara enda má t.d. má ætla að meðalafurðir ættu að vera hærri á búum sem skiptu úr hefðbundinni mjaltatækni á árinu og yfir í mjaltaþjónatækni vegna tíðari mjalta. Þrátt fyrir þessa annmarka er, eins og áður segir, heildarmeðaltal mjaltaþjónabúa landsins hæst en vegið meðaltal þeirra var 6.537 kg mjólkur að jafnaði á hverja árskú á nýliðnu ári. Næst afurðahæstu búin voru svo hefðbundin básafjós með mjaltabása með 6.066 kg og þar á eftir komu svo lausagöngufjós með mjaltabása með 6.045 kg.

Hægt er að gera tilraun til þess að meta áhrif tíðari mjalta með notkun mjaltaþjóna á meðalafurðirnar með því að skoða muninn á vegnum meðalafurðum fjósa með mjaltaþjóna annarsvegar og annarra lausagöngufjósa hinsvegar. Þegar þetta er skoðað kemur í ljós að munurinn er ekki nema 7,5% sem er all nokkuð undir væntingum til aukinnar tíðni mjalta innan sólarhringsins. Hluta af skýringunni má þó rekja til áðurnefndrar skýringar á útreikningum, en þar sem það á einungis við um þau bú sem skiptu um mjaltatækni á nýliðnu ári skýrir það ekki nema lítinn hluta. Benda niðurstöðurnar því til þess að bæta megi verulega afurðasemi sumra kúabú sem nota mjaltaþjóna.

Mjaltaþjónafjós einnig stærst

Ekki þarf að koma á óvart að lausagöngufjós með mjaltaþjónum eru stærst að meðaltali en árskúafjöldi þeirra er að meðaltali 67,2 og þessi bú eru að meðaltali með 1,23 mjaltaþjóna. Þrátt fyrir að þessi bú beri af í fjölda kúa, þá er bústærðin enn vafalítið nokkuð undir þeim mögulega árskúafjölda sem þessi fjós geta borið þar sem hönnun þeirra byggir oftast á því að hver mjaltaþjónn geti þjónað um 60 kúm en hér eru að jafnaði 54,5 árskýr á hvern mjaltaþjón. Ein skýringin á þessu liggur vafalítið í því að bú sem settu upp mjaltaþjón á árinu eru enn að byggja upp bústofn sinn. Næst stærsta fjósgerðin er svo lausagöngufjós án mjaltaþjóns og þar á eftir þá básafjós með mjaltabásum og hafa þessi bú einnig stækkað á undanförnum árum. Hin hefðbundnu básafjós eru vel innan við helmingi minni en mjaltaþjónafjósin eins og sjá má á töflu 2.

69 % kúa í lausagöngu

Eins og áður segir hafa orðið miklar breytingar á aðbúnaði íslenskra mjólkurkúa á undanförnum áratug og árið 2009 náðist sá merki áfangi að helmingur kúnna hér á landi var þá í lausagöngufjósum. Þetta hlutfall er nú komið í 69 % og eykst jafnt og þétt á hverju ári.

Hlutfall aftakara aukist

Árið 2009 voru í fyrsta skipti teknar saman upplýsingar um vinnuléttandi tækni við mjaltir, þ.e. upplýsingar um brautakerfi í básafjósum, aftakarakerfi í básafjósum og tíðni aftakarakerfa í mjaltabásum. Var þetta gert til þess að varpa betur ljósi á þær vinnuaðstæður sem kúabændur landsins búa við, enda er einn mesti vinnusparnaður við mjaltir talinn felast í aftakaratækninni. Á þeim átta árum sem liðin eru hefur orðið mikil hlutfallsleg aukning á notkun tækninnar við mjaltir, bæði vegna nýfjárfestinga í tækninni en einnig vegna úreldingar fjósa sem ekki höfðu þessa tækni. Þannig mátti finna aftakara í 41,7% fjósa árið 2009 en nú í 52,4% allra fjósa þar sem hefðbundin mjaltatækni er notuð.

Hægt er að lesa hina ítarlegu skýrslu í heild sinni á vef Landssambands kúabænda, www.naut.is.


Úr lausagöngufjósinu á Hóli i Svarfaðardal. Mynd / HKr.

LÍFLAND

Náðu hámarksárangri með heildarlausn frá Líflandi

Markmið okkar er að styðja bændur með markvissum og vísindalegum hætti í átt að hámarksárangri. Með tilkomu Bolabætis býður Líflandi nú kjarnfóður fyrir öll tímabil á vaxtartíma nautkálfa.

NÝTT

Bolabætir

Bolabætir er kjarnfóður til að gefa nautkálfum síðustu vikurnar fyrir slátrun. Bolabætir inniheldur m.a. 52% maís og er því mjög sterkju- og orkuríkur. Hátt hlutfall maís ýtir undir betri fitusprengingu í kjöti. Bolabætir stuðlar að þyngdaraukningu nautkálfa á síðasta vaxtarskeiðinu.

Aðrar tegundir

Kálfamúslí
Kálfamúslí kemur kálfum fyrr til að éta kjarnfóður og hentar fyrstu 3 vikurnar, þar til kálfar hafa náð góðum tökum á áti.

Alikálfakögglar
Alikálfakögglar eru próteinríkir og lystugir kögglar fyrir ungkálfa frá burði að 3ja mánaða aldri.

Kálfaþróttur
Kálfaþróttur er kjarnfóður sem hentar naut- og kvígukálfum frá 3ja mánaða aldri til vöðvauppbyggingar og þyngdaraukningar.

Vinsamlegast hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 540 1100 til að fá nánari upplýsingar

Allar blöndurnar innihalda sérlagaða steinefna og vítamínblöndu ætlaða nautgripum í vexti.

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghálsi | Borgarnes Borgarbraut | Akureyri Óseyri | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2017

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is



Sigurður Kristjánsson
skýrsluhald og prófarkalestur hjá RML
mundi@rml.is



Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2017 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 581 en á árinu 2016 voru þeir 575. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 26.352,1 árskýr skiluðu 6.159 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaukning um 30 kg frá árinu 2016 en þá skiluðu 24.999,2 árskýr meðalnyt upp á 6.129 kg. Jafnframt eru þetta mestu meðalafurðir frá upphafi vega og annað árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Þessi afurðaaukning er mjög athyglisverð í ljósi þess að nú eru allir mjólkurframleiðendur í skýrsluhaldi og árskúm fjölgaði milli ára um nálægt 1.350 talsins, einkum vegna þess.

Mestar meðalafurðir 2017 voru í Skagafirði eða 6.537 kg eftir árskú. Meðalbústærð reiknaðist 45,4 árskýr á árinu 2017 en sambærileg tala var 43,5 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 60,9 kýr en 2016 reiknuðust þær 59,5.

Þátttaka í skýrsluhaldi 100%

Á árinu 2017 tók gildi sú breyting að afurðaskýrsluhald er nú skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfskilyrði í nautgriparækt. Þetta þýðir að skýrsluhald er í raun og veru skylda fyrir alla framleiðendur mjólkur og nautakjöts, í það minnsta ætli menn að halda gripa- og beingreiðslum. Vegna þessa er þátttaka í skýrsluhaldi nú í fyrsta skipti í sögunni 100% og er höfundum þessarar greinar ekki kunnugt um það að hafi nokkurn tímann átt sér stað í nokkru öðru landi í heiminum. Þær tölur sem hér eru birtar eru því einsdæmi í þeim skilningi.

Mestar meðalafurðir voru í Skagafirði

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í Skagafirði eru meðalafurðir mestar, 6.537 kg eftir árskú, en skammt undan er Eyjafjörður með 6.452 kg á árskú. Þriðja sæti verma Austfirðingar en þar skilaði árskýrin að meðaltali 6.412 kg. Stærst voru búin í Eyjafirði, 55,1 árskýr en minnst í Vestur-Skaftafellssýslu 28,0 árskýr.

Meðalbúið aldrei stærra

Meðalbúið stækkaði milli ára enda jókst innlegg mjólkur milli ára og innleggjendum fækkaði heldur. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 262.961 lítrum samanborið við 250.182 lítra á árinu 2016. Þetta er aukning upp á rúm 5%. Á sama tíma fækkaði innleggjendum mjólkur um sjö og voru kúabú í framleiðslu 573 talsins nú um áramótin 2017/18.

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2017

Uppgjörssvæði	Árskýr	Afurðir á árskú	Fita %	Prótein %	Heilsárs- kýr	Kýr á skýrslu	Í skýrslu-haldi í des. 2017	Skiluðu skýrslum í des. 2017	Skiluðu skýrslum 2017	Meðal-bústærð (árs- kýr)	Meðal-bústærð (skýrslu-f. Fyrir kýr)
Kjalarnesþing	295,7	**5.596**	4,06	3,25	210	391	7	7	7	42,2	**55,9**
Borgarfjörður	2.249,5	**5.876**	4,13	3,29	1.388	3.033	49	49	49	45,9	**61,9**
Snæfellsnes	756,4	**6.037**	4,33	3,23	557	1000	21	21	21	36,0	**47,6**
Dalasýsla	455,3	**5.382**	4,13	3,29	337	589	9	9	9	50,6	**65,4**
Vestfirðir	670,5	**5.200**	4,08	3,27	416	940	18	17	19	35,3	**49,5**
Húnavatnssýslur og Strandir	1.525,4	**6.066**	4,12	3,29	1057	2098	45	45	46	33,2	**45,6**
Skagafjörður	2.579,6	**6.537**	4,18	3,35	1.852	3.403	50	50	50	51,6	**68,1**
Eyjafjörður	4.679,9	**6.452**	4,18	3,36	3.271	6.270	83	83	85	55,1	**73,8**
Suður-Þingeyjarsýsla	1.527,9	**6.129**	4,19	3,38	1074	2.026	50	50	50	30,6	**40,5**
Austurland	1.007,0	**6.412**	4,14	3,33	686	1.332	22	22	24	42,0	**55,5**
Austur-Skaftafellssýsla	521,2	**6.402**	4,23	3,33	338	694	9	9	10	52,1	**69,4**
Vestur-Skaftafellssýsla	754,7	**5.246**	4,22	3,32	549	1036	26	26	27	28,0	**38,4**
Rangárvallasýsla	4.069,1	**5.873**	4,21	3,33	2.931	5.473	81	80	81	50,2	**67,6**
Árnessýsla	5.260,0	**6.391**	4,12	3,31	3.568	7.084	103	102	103	51,1	**68,8**
Samtals/meðaltal	**26.352,1**	6.159	4,17	3,33	**18.234**	**35.369**	**573**	**570**	**581**	45,4	60,9

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins - RML

Afurðahæstu kúabúin eftir landshlutum

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2017	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Kjalarnesþing	260111 **Miðdalur**	Guðmundur og Svanborg, Miðdal	**29,2**	**6.844**
Borgarfjörður	350513 **Hvanneyri**	Hvanneyrarbúið ehf.	**73,1**	**8.180**
Snæfellsnes	370179 **Hraunháls**	Guðlaug og Eyberg	**28,7**	**8.124**
Dalasýsla	380184 **Lyngbrekka**	Sigrún og Ármann Lyngbrekku 2	**69,0**	**7.612**
Vestfirðir	460128 **Hvammur**	Ólöf María Samúelsdóttir	**45,1**	**7.348**
Húnavatnssýslur og Strandir	560112 **Brúsastaðir**	Brúsi ehf.	**49,2**	**8.937**
Skagafjörður	570627 **Flugumýri**	Ingimar Jónsson	**78,6**	**8.205**
Bsb. Eyjafjarðar	650231 **Hóll**	Karl Ingi og Erla Hrönn	**50,7**	**8.356**
Bsb. Suður-Þingeyinga	660519 **Stóru-Tjarnir**	Stóru-Tjarnir ehf.	**54,5**	**8.005**
Austurland	750562 **Egilsstaðir**	Egilsstaðabúið ehf	**73,7**	**7.907**
Austur-Skaftafellssýsla	770116 **Seljavellir**	Seljavellir1 ehf.	**67,0**	**7.159**
Vestur-Skaftafellssýsla	850388 **Fagurhlíð**	Félagsbúið Fagurhlíð	**31,6**	**7.463**
Rangárvallasýsla	860103 **Ytri-Skógar**	Félagsbúið	**25,3**	**8.179**
Árnessýsla	870909 **Skáldabúðir**	Gunnbjörn ehf.	**59,2**	**8.183**

Mestar meðalafurðir á Brúsastöðum í Vatnsdal

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2017, var á búi Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal, 8.937 kg á árskú. Þó ekki sé um Íslandsmet að ræða að þessu sinni var nærri ársgömlu meti sama bús hoggið en það er 8.990 kg. Búið á Brúsastöðum var einnig afurðahæsta búið árið áður auk þess sem það vermdi efsta sæti listans árin 2013 og 2014. Þessi árangur þeirra hjóna Gróu Margrétar Lárusdóttur og Sigurðar Eggerz Ólafssonar á Brúsastöðum undanfarin ár er stórglæsilegur og allrar athygli verður. Eins og nefnt var í fyrra í þessari sömu yfirferð hlutu þau m.a. Landbúnaðarverðlaunin 2015 og aftur má taka undir orð þáverandi landbúnaðarráðherra við afhendingu verðlaunanna um að búinu sé sinnt af miklum myndarskap, jafnt hvað umhirðu og góðan árangur varðar en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásýnd viðkemur. Annað búið í röðinni árið 2017 var bú þeirra Karls Inga og Erlu Hrannar á Hóli í Svarfaðardal en þar var nytin 8.356 kg eftir árskú. Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Gautsstaða ehf. á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd en þar var meðalnyt árskúnna 8.269 kg. Í fjórða sæti var bú Ingimars Jónssonar á Flugumýri í Blönduhlíð í Skagafirði þar sem meðalafurðir árskúnna voru 8.205 kg. Fimmta búið var bú Gunnbjarnar ehf. á Skáldabúðum í Gnúpverjahreppi hinum forna eða Eystrihreppi eins og hann var áður nefndur og er jafnvel enn meðal staðkunnugra og þeirra er á svæðinu búa. Meðalnytin þar var 8.183 kg eftir árskú. Næsta bú, hið sjötta á listanum, var bú Hvanneyrarbúsins ehf. á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði með meðalafurðir upp á 8.180 kg eftir árskúna. Sjöunda og síðast þeirra sem náðu meðalafurðum yfir 8.170 kg/árskú var félagsbú þeirra Ingimundar Vilhjálmssonar og Sigurðar Sigurjónssonar í Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum þar sem meðalnyt árskúnna reiknaðist 8.179 kg. Á 85 búum reiknaðist meðalnyt árskúa yfir 7.000 kg árið 2017, á 80 búum árið 2016 en 51 bú náði því marki árið 2015.



Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2017, var á búi Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal, 8.937 kg á árskú.

Nythæstu kýrnar 2017

Árslok 2017		Árs-afurðir	Prót-ein	Fita	Bú
Kýr	Faðir				
851	0715 Ýmir	**14.199**	3,33	3,64	761040 Innri-Kleif
1524 Fura	10008 Þvali	**13.146**	3,12	3,54	350513 Hvanneyri
0659 Skauta	03027 Tópas	**13.132**	3,37	4,13	871275 Böðmóðsstaðir 2
0896 Súla	0780 Karrason	**13.062**	3,42	3,87	660105 Hallland
0564 Lotta	02003 Lykill	**13.022**	3,35	3,24	570656 Kúskerpi
0719 Dalía	05043 Birtingur	**12.942**	3,39	4,06	570656 Kúskerpi
0624 Aþena	02039 Aðall	**12.908**	3,45	4,08	360592 Laxárholt 2
1665491-0816 Gefjun	10011 Strákur	**12.838**	3,22	3,65	870909 Skáldabúðir
0955 Sigga	0620 Boli	**12.798**	3,04	3,89	870931 Þrándarholt
0735 Stjörnurós	10089 Úlli	**12.686**	3,41	3,88	570656 Kúskerpi
0777 Sjöa	11051 Roði	**12.682**	3,47	3,54	570656 Kúskerpi
0783 Bumba	08049 Bambi	**12.593**	3,17	3,52	651122 Hríshóll
0575 Blesa	02003 Lykill	**12.452**	3,14	3,91	860827 Hjallanes 2
0644 Fríða	02048 Ás	**12.421**	3,18	3,54	570627 Flugumýri
0682 Pía	03014 Hegri	**12.409**	3,38	3,94	560112 Brúsastaðir
0277 Rósetta	0186 Glói	**12.401**	3,32	4,32	550120 Mýrar 3
0439 Örk	03014 Hegri	**12.362**	2,96	3,20	260121 Káranes
1539 Skuld	02039 Aðall	**12.319**	3,32	3,57	350513 Hvanneyri
0676 Nína	02016 Ófeigur	**12.298**	3,26	4,21	560112 Brúsastaðir
1019 Blær	03014 Hegri	**12.192**	3,29	4,09	871080 Auðsholt 1
1526461-1986	10001 Sirkus	**12.156**	3,36	3,30	651014 Hranastaðir
0769 Storma	1526561-0636 Smokkur	**12.126**	3,31	3,88	650514 Stærri-Árskógur
1461811-0087 Lýdía	10011 Strákur	**12.103**	3,28	5,18	570634 Minni-Akrar
0501 Ljóna	07022 Framherji	**12.078**	3,41	4,36	870402 Smjördalir
814	02003 Lykill	**12.066**	3,43	4,51	761040 Innri-Kleif
1524291-0560 Toppa	9999 Óþekktur Faðir	**12.049**	3,24	4,31	650940 Tréstaðir
1519121-0484 Pera	11068 Tandri	**12.021**	3,37	3,55	650238 Grund



Nythæsta kýrin á landinu árið 2017 var kýr nr. 851, undan Ými 0715 Skandalssyni 03034, en hún mjólkaði 14.199 kg.

Kýr nr. 851 á Innri-Kleif í Breiðdal mjólkaði mest og setti nýtt Íslandsmet

Nythæsta kýrin á landinu árið 2017 var kýr nr. 851, undan Ými 0715 Skandalssyni 03034, en hún mjólkaði 14.199 kg með 3,64% fitu og 3,33% prótein og sló þar með ársgamalt Íslandsmet Nínu 676 á Brúsastöðum í Vatnsdal sem var 13.833 kg. Burðartími 851 féll mjög vel að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi 2. janúar 2017. Því miður þurfti svo að fella þennan mikla afurðagrip núna í byrjun janúar og er þar skarð fyrir skildi. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með að kýr nr. 851 var gríðarmikil mjólkurkýr og sýndi það strax á sínu fyrsta mjólkurskeiði er hún fór hæst í 37 kg dagsnyt. Á nýliðnu ári fór hún hæst í 57,0 kg dagsnyt og var enn í 28 kg nyt í desember s.l. Skráðar æviafurðir hennar voru 33.661 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 26. janúar 2015, þá 26 mánaða að aldri.

Önnur í röðinni árið 2017 var Fura 1524 á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði, undan Þvala 10008, en hún mjólkaði 13.146 kg með 3,54% fitu og 3,12% prótein. Þessi kýr bar sínum þriðja kálfi 22. janúar 2017 og fór hæst í 47,1 kg dagsnyt á árinu 2017. Skráðar æviafurðir hennar eru 30.306 kg. Þriðja nythæsta kýrin var Skauta 659 á Böðmóðsstöðum 2 í Laugardal, undan Tópasi 03027, en nyt hennar á árinu var 13.132 kg með 4,13% fitu og 3,37% prótein. Hún bar sínum þriðja kálfi á aðfangadag jóla 2016, fór hæst í 57,6 kg dagsnyt og skráðar æviafurðir hennar eru 30.822 kg. Fjórða nythæsta kýrin var Súla 896 á Halllandi á Svalbarðsströnd, sonardóttir Karra 06007, en hún mjólkaði 13.062 kg með 3,87% fitu og 3,42% prótein. Hún bar sínum fjórða kálfi á Þorláksmessudag 2016, fór hæst í 43 kg dagsnyt á árinu og skráðar æviafurðir eru 42.805 kg. Fimmta í röðinni var Lotta 564 á Kúskerpi

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú

Bú - árslok 2017	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf.	49,2	8.937
650231 Hóll	Karl Ingi og Erla Hrönn	50,7	8.356
660104 Gautsstaðir	Gautsstaðir ehf.	104,1	8.269
570627 Flugumýri	Ingimar Jónsson	78,6	8.205
870909 Skáldabúðir	Gunnbjörn ehf	59,2	8.183
350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	73,1	8.180
860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	25,3	8.179
560153 Steinnýjarstaðir	Kristján S Kristjánsson	44,9	8.170
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	28,7	8.124
570656 Kúskerpi	Kúskerpi	102,6	8.115
651110 Grænahlíð	Dalanaut ehf	64,8	8.047
870840 Reykjahlíð	Búkostir ehf.	74,5	8.023
570925 Garðakot	Jakob Smári Pálmason	69,9	8.019
650926 Moldhaugar	Þröstur Þorsteinsson, Moldhaugum	63,1	8.010
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	54,5	8.005

í Blönduhlíð í Skagafirði, dóttir Lykils 02003. Lotta bar sínum sjötta kálfi 30. október 2016 og fór hæst 44 kg dagsnyt á mjólkurskeiðinu en hún skilaði 13.022 kg á árinu með 3,24% fitu og 3,35% prótein. Skráðar æviafurðir Krónu eru 54.238 kg.

Alls skiluðu 77 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 27 yfir 12.000 kg. Árið 2016 náði 71 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Af þeim kúm sem enn eru á lífi í dag státar nú Vorkoma 534 í Garði í Eyjafirði af mestum æviafurðum eða 93.454 kg. Þessi kýr er fædd á Torfufelli í Eyjafirði 7. maí 2004, dóttir Prakkara 96007, en flutti aðsetur sitt að Garði strax að lokinni mjólkurfóðrun eða við þriggja mánaða aldur. Hún er því á sínum 15. vetri en fyrsta kálfi bar hún 24. september 2006 og hún bar 10. sinni á nýársdag 2017. Mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2014 þegar hún mjólkaði 9.405 kg en afurðamesta mjólkurskeið hennar, í það minnsta hingað til, var það þriðja þegar hún mjólkaði 11.332 kg.

Skammt á eftir Vorkomu í æviafurðum er Braut 112 á Tjörn á Skaga, dóttir Stígs 97010. Braut er fædd 12. september 2005 og átti sinn fyrsta kálf 23. október 2007 en alls hefur hún borið 10 sinnum að meðtöldum tveimur fósturlátum. Þrátt fyrir þau áföll er Braut nú búin að mjólka 91.300 kg mjólkur en mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2011, 10.961 kg. Mestum afurðum á einu mjólkurskeiði, í það minnsta hingað til, náði hún á því fimmta, 14.630 kg. Endist þessum kúm aldur og heilsa til gætu þær rofið 100 þús. kg múrinn á komandi misserum en þær eru báðar með fangi og eiga að bera með vorinu. Rétt er að geta þess að mjög fáar íslenskar kýr hafa náð 100 þús. kg æviafurðum enda hlýtur það að teljast allmikið afrek í stofni þar sem meðalafurðir á ári eru ríflega 6.000 kg og afurðahæstu kýr mjólka 13-14 þús. kg. Núverandi Íslandsmet í æviafurðum á Mókolla 230, Snarfaradóttir 93018, á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð, 117.635 kg.

Á síðastliðnu ári var ein af þeim afrekskúm sem oft hefur prýtt lista afurðahæstu kúa landsins felld. Laufa 1089 í Flatey í Hornafirði var felld í desember s.l. og hafði þá mjólkað frá því í september 2005 er hún bar sínum fyrsta kálfi. Laufa var fædd 8. apríl 2004 í Einholti í Hornafirði, dóttir Fróða 96028, en flutti í Flatey 2008. Skráðar æviafurðir hennar eru 91.720 kg á 11 mjólkurskeiðum. Toppnum náði hún á 8. mjólkurskeiði er hún mjólkaði 13.534 kg en mestu afurðir á einu almanaksári voru 13.121 kg árið 2014 en það ár náði hún sinni mestu dagsnyt, 49 kg, og stóð afurðahæst allra kúa á landinu.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Brúsastöðum og Innri-Kleif, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.



Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2017:

Vel útfærðar afkvæmarannsóknir auka erfðaframfarir



Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Eitt af því sem gerir ræktun sauðfjár bæði að skemmtilegu viðfangsefni og möguleikana mikla á hröðum erfðaframförum í ákveðnum eiginleikum er hve ættliðabilið er stutt, skýrsluhaldið öflugt og aðgengi að upplýsingum gott í sauðfjárrækt hér á landi. Við getum fengið úr því skorið strax næsta haust, hvort fallegi lambhrúturinn sem stigaðist svo vel í haust sé verðugur kynbótahrútur. Þetta er jú það sem allir sauðfjárræktendur vita og margir nýta sér, en mættu þó fleiri nota lambhrútana með skipulegri hætti.

Tilgangurinn með því sem við getum kallað fullgildar afkvæmarannsóknir samkvæmt reglum sem settar eru af fagráði í sauðfjárrækt er að hvetja til þess að hrútar séu metnir á sem öruggastan hátt á grunni afkvæmadóms og að hvetja til skipulagðrar notkunar á lambhrútum þannig að sem raunhæfastur afkvæmadómur fáist strax á hrútana veturgamla. Þá byggja afkvæmarannsóknirnar á ýtarlegri upplýsingum en bara kjötmatsniðurstöðum og fallþunga, þar sem stigun og ómmælingar á lifandi lambum mynda einn þátt afkvæmadómsins. Ómmælingin veitir mikilvægar viðbótaupplýsingar við kjötmatið um raunveruleg skrokkgæði og er tól sem hefur hjálpað okkur mikið í því að framleiða betri vöru. Síðan þarf að horfa til þess hvernig við þróum þessa vinnu áfram á næstu árum, bæði hvað varðar eiginleika sem hugsanlega er ástæða til að taka inn í ræktunarstarfið og aðferðir sem leyst geta núverandi aðferðir af hólmi við mat á kynbótagildi. Vel útfærðar afkvæmarannsóknir verða þó um sinn eitt af okkar notadrjúgu verkfærum í sauðfjárræktinni sem nýtist til að gera framleiðsluna betri og hagkvæmari.

Afkvæmarannsóknir 2017

Í ár voru 82 afkvæmarannsóknir sem teljast fullgildar og styrkhæfar samkvæmt reglum fagráðs í sauðfjárrækt. Krafan er m.a. að í samanburði séu að lágmarki 5 hrútar, þar af a.m.k. 4 veturgamlir og hver þeirra eigi að lágmarki 8 afkvæmi af sama kyni sem hafa verið ómmæld og stigið og 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar. Þá er mælst til þess að hrútarnir hafi verið notaðir á sem jafnasta ærhópa og allt framkvæmt með þeim hætti að samanburðurinn sé sem réttastur.

Afkvæmahóparnir voru alls 638 og þar af 377 undan veturgömlum hrútum. Þetta er samdráttur frá því í fyrra en þá voru afkvæmahóparnir alls 845. Samdráttur var í skoðun gimbra sl. haust, sem væntanlega er afleiðing af þeim afkomubresti sem varð í greininni og því færri hrútar sem uppfylltu skilyrði um nægan fjölda ómmældra afkvæma.

Af helstu toppum

Í meðfylgjandi töflu er að finna lista yfir þá hrúta sem gera mest útslag á sínum búum samkvæmt heildareinkunn. Heildareinkunnin er með jöfnu vægi á niðurstöður kjötmats, fallþunga og niðurstöðum úr líflambaskoðun en þar vegur ómmælingin mest. Þeir hrútar sem hér birtast sýna allir mikla yfirburði, en þó verður að horfa á þessar niðurstöður með þeim fyrirvara að um er að ræða samanburð innan búa.

Sá hrútur sem er með afgerandi hæstu einkunn út úr afkvæmarannsóknum haustið 2017 er hinn veturgamli **Spakur 16-302** sem var í samanburði í Innri-Múla, Barðaströnd. Spakur kemur frá hinu öfluga fjárræktarbúi, Broddanesi 1. Á bak við Spak standa öflugir heimahrúar í Broddanesi, en Spakur er sonur Svala 14-071 og dóttursonur Dabba 10-162. Yfirburðir Spaks koma fram í frábærri gerð sláturlamba sem jafnframt eru hóflega feit og gerir Spakur mest útslag allra hrúta landsins í kjötmatshluta afkvæmarannsóknarinnar og þeim hluta er byggir á skoðun lifandi lamba. Sá hrútur sem raðast annar samkvæmt heildareinkunn er fullorðinn hrútur, **Höfðingi 13-041**, sem var í samanburði á Hólum í Dýrafirði. Höfðingi er frá Borg/Mjólká í Arnarfirði. Faðir hans er Þór 10-209 frá Minni-Hlíð, sonur Ats 06-806. Næstir koma hálfbræðurnir **Frami 16-007** og **Fleki 16-006** frá Hlíð í Hörðudal, en þeir voru þó í sitthvorri afkvæmarannsókninni. Frami var notaður á Stóra-Vatnshorni í Haukadal en Fleki heima í Hlíð. Báðir þessir hrútar virðast frábærir lambafeður. Faðir þeirra hét Dúddi 14-699, kenndur við Ós við Akranes. Dúddi var notaður í Hlíð í fyrra og sýndi þá fádæma yfirburði sem skiluðu honum hæstu einkunn allra hrúta sem þá voru í afkvæmarannsóknum. Dúddi lifði aðeins eina fengitíð en skilur eftir sig hóp af bráðefnilegum sonum. Dúddi var ættaður frá Oddstöðum í Lundarreykjadal í móðurætt en faðir hans, Sproti 12-685, var undan Kvisti 07-866 frá Klifmýri og á frá Hesti. Í vetur er afkvæmaprófun vegna sæðingastöðvanna haldin á Stóra-Vatnshorni þar sem Frami og Fleki etja kappi ásamt öðrum öflugum hrútum af svæðinu og eru í þeim hópi fleiri afkomendur Dúdda. Fimmti hæsti hrúturinn úr afkvæmarannsóknunum er **Olli 16-446** frá Hvammi í Lóni, Hornafirði og sýndi sá hrútur mikla yfirburði á öllum sviðum fram yfir aðra hrúta í Hvammi. Olli er sonur Dreka 13-953 frá Hriflu og móðurföðurfaðir hans er Þróttur 08-871 frá Fremri-Hlíð. Af öðrum athyglisverðum hrútum má nefna **Muninn 16-146** frá Ysta-Hvammi í Aðaldal en ef hrútum er raðað upp eftir einkunn fyrir kjötmat þá er hann annar í röðinni af öllum hrútum sem gerðir voru upp í þessum afkvæmarannsóknum. Þessi hrútur er sonur Þórs 13-149 sem hefur verið einn öflugasti lambafaðir búsins síðustu ár en Þór er sonur Áss 09-877 frá Skriðu. Sá hrútur sem hlaut þriðju hæstu einkunn úr kjötmatshlutanum er **Hringur 13-053** frá Smáhömrum, en hann var notaður í Tröllatungu og stendur þar efstur hrúta. Hringur er hyrndur hrútur, faðir hans er Hergill 08-870 frá Laxárdal og móðurfaðir Papi 04-964 frá Bjarnastöðum.

Það eru 13 stöðvahrútar sem eiga 10 syni eða fleiri í afkvæmarannsóknum. Kölski 10-920 á flesta, eða 20 talsins. Af þessum hrútum eru það synir Saums 12-915 sem hafa að jafnaði hæstu heildareinkunn og jafnframt hæstir í í kjötmatshlutanum, Hvati 13-926 á þá syni sem að jafnaði standa sig best í líflambahlutanum og Börkur 13-952 þá syni sem mestan vænleika gefa. Niðurstöður allra afkvæmarannsókna er gerð skil inn á heimasíðu RML þar sem að vanda fylgja umsagnir ráðunauta varðandi þá gripi sem athygli vekja.

1. tafla. **Hrútar í afkvæmarannsóknum 2017 með yfir 120 stig í heildareinkunn**

Bær	Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Innri-Múli, Barðaströnd	Spakur	16-302	Svali	14-071	94,9	177,3	164,6	**145,6**	17,3	12,2	6,2	29,7	3,0	18,1	141,0
Hólar, Dýrafirði	Höfðingi	13-041	Þór	10-209	118,3	129,2	161,9	**136,5**	18,3	10,6	7,3	31,3	3,4	17,7	143,2
Stóra-Vatnshorn, Haukadal	Frami	16-007	Dúddi	14-699	113,2	131,8	152,4	**132,5**	19,8	11,7	7,6	33,4	3,0	18,3	140,7
Hlíð, Hörðudal	Fleki	16-006	Dúddi	14-699	110,6	128,3	150,6	**129,8**	17,4	10,4	6,5	30,2	2,1	17,8	136,3
Hvammur, Lóni	Olli	16-446	Dreki	13-953	115,9	109,0	158,5	**127,8**	17,1	9,7	6,0	29,9	2,7	17,7	142,5
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Fannar	16-454	Svimi	14-956	103,1	143,6	135,8	**127,5**	16,0	9,8	5,5	28,8	1,9	17,2	134,4
Jörvi, Kolbeinsstaðahreppi	Stútur	16-719	Hvati	13-926	96,9	126,8	157,6	**127,1**	15,6	10,3	5,4	32,0	2,4	18,0	151,6
Hólar, Dýrafirði	Saumur	16-124	Saumur	12-915	98,2	127,9	154,4	**126,8**	17,0	10,2	6,8	31,4	3,4	17,9	140,3
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Kambur	16-038	Grímur	14-955	101,8	132,6	143,1	**125,9**	17,0	12,3	7,0	31,9	1,9	18,2	153,1
Miðdalur, Svartárdal, Skag.	Lakkrís	16-722	Salamon	10-906	96,3	141,9	138,5	**125,6**	16,0	10,6	5,8	29,6	3,0	17,3	141,3
Nýpugarðar, Hornafirði		15-755	Lækur	13-928	110,7	126,7	139,4	**125,6**	16,7	9,6	6,1	30,4	3,2	17,5	153,5
Gillastaðir, Laxárdal	Ylur	14-522	Illur	12-532	116,3	114,1	143,2	**124,5**	18,5	10,3	6,8	29,2	2,4	17,7	152,5
Kollsá 2, Hrútafirði	Bjartur	16-241	Bjartur	13-281	113,1	117,3	141,7	**124,0**	19,6	10,9	7,6	33,5	2,5	17,7	134,6
Forsæludalur, Vatnsdal	Goði	13-342	Mjaldur	11-551	118,3	124,6	128,8	**123,9**	17,4	10,2	6,4	28,7	2,7	17,2	137,8
Ysti-Hvammur, Aðaldal	Muninn	16-146	Þór	13-149	102,6	153,3	115,4	**123,8**	16,7	11,9	6,1	29,4	2,2	17,9	138,6
Hólar, Dýrafirði	Kappi	16-118	Toppur	14-105	91,7	148,5	129,9	**123,4**	16,5	10,5	6,3	29,2	2,7	17,4	138,6
Ríp, Hegranesi	Frakkur	16-247	Frami	11-250	91,5	124,2	153,8	**123,2**	16,5	11,1	6,3	33,1	2,3	18,1	138,6
Staðarhraun, Hraunhreppi	Skröggur	15-647	Skratti	12-913	104,3	114,6	150,8	**123,2**	16,6	10,2	6,6	32,6	2,9	17,5	136,6
Tröllatunga, Steingrímsfirði	Hringur	13-053	Hergill	08-870	88,2	150,3	130,3	**122,9**	17,0	10,8	6,2	29,5	3,4	17,9	134,4
Kjarni, Eyjafirði	Hrókur	16-152	Styggur	14-038	111,4	121,6	135,4	**122,8**	18,1	10,9	5,4	29,2	2,5	17,7	143,3
Innri-Múli, Barðaströnd	Flotti	14-309	Hreggur	09-315	111,8	147,9	108,0	**122,6**	18,4	11,9	7,0	26,8	3,2	17,6	144,1
Forsæludalur, Vatnsdal	Styggur	14-344	Salamon	10-906	111,4	134,3	120,8	**122,1**	16,9	10,6	6,5	28,2	2,8	17,4	141,2
Nýpugarðar, Hornafirði	Klaki	13-537	Jökull	07-844	104,2	128,6	132,2	**121,7**	16,2	9,9	6,3	30,1	2,9	17,3	150,3
Forsæludalur, Vatnsdal	Draugur	14-349	Jökull	13-343	94,3	134,2	136,2	**121,6**	15,7	9,7	5,2	29,8	2,7	17,3	132,4
Þóroddsstaðir, Hrútafirði	Trúður	15-051	Lúður	13-055	115,5	120,4	128,4	**121,4**	19,7	10,9	6,6	33,5	2,5	17,5	138,9
Nýpugarðar, Hornafirði		15-754	Lækur	13-928	102,0	123,1	138,6	**121,2**	16,1	9,7	6,3	31,1	4,0	17,5	157,8
Hlíð, Hörðudal	Karmur	16-008	Dúddi	14-699	96,1	123,4	143,8	**121,1**	16,1	9,8	6,1	30,6	2,8	18,1	131,6

VÉLABÁSINN

Mercedes-Benz X - Class 250d pallbíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Margir hafa beðið óþreyjufullir eftir að fyrst var farið að tala um að væntanlegur væri Benz pallbíll. Nú er bíllinn kominn og laugardaginn 13. janúar var bíllinn frumsýndur bæði í sal höfuðstöðva Öskju og í sal atvinnubíladeildar Öskju að Fosshálsi.

Ég fór og skoðaði bílana, en að lokinni frumsýningu fékk ég til prufuaksturs 33" breyttan bíl af Arctic Trucks.

Vondar og erfiðar aðstæður til prufuaksturs

Á sunnudeginum var meiningin að prófa bílinn, en nánast sama hvert ég fór var skyggni ekkert eða vegir lokaðir og eftir rúmlega 60 km akstur í snjó og hálku var ekkert annað í stöðunni en að gefast upp. Það kom mér hins vegar á óvart við uppgjöfina að þrátt fyrir yfirstærð af dekkjum, 10–15 cm snjó alls staðar og töluverða hálku var eldsneytiseyðsla mín ekki nema 12,1 lítri á hundraðið og alltaf í fjórhjóladrifinu.

Til að klára prufuaksturinn á auðum vegi var bíllinn fenginn aftur að láni miðvikudaginn 17. janúar. Eyðslan í fjórhjóladrifinu var rétt undir 12 lítrum á hundraðið og í stuttri keyrslu bara með afturhjóladrifið á hraða milli 80 og 90 fór eyðslan niður í 7,5 lítra á hundraðið. Greinilegt að þrátt fyrir að vera á yfirstærð á dekkjum er 190 hestafla vélin sparsöm á eldsneyti sé ekki ekið í fjórhjóladrifinu.

Í boði mismunandi felgustærðir

Fyrsti Benz pallbíllinn sem ég skoðaði kom á 19 tommu felgum sem eru ekki felgur sem nýtast á malarvegum og í vegslóðum. Varla er hægt að keyra vegslóða með veiðiám án þess að vera sífellt á varðbergi að skemma ekki felgu eða dekk. Það vakti því ánægju hjá mér að næsti bíll sem ég skoðaði var á 17 tommu felgum og með miklu belgmeiri dekkjum. Þarna var kominn bíll sem hentaði mínum hugsunum betur og væri „brúklegri“. Þegar ég sá svo upphækkaða bílinn á grófum og belgmiklum dekkjum var kominn bíll sem var tilbúinn til alls (aksturs á möl, vinnu, slóðaaksturs og fjallaferða). Allavega fyrir mér er munurinn á að keyra á 255/55/19 dekkjum og 285/70/17 svipuð samlíking og að setjast á trékoll eða í leðursófasett. Vegakerfi Íslands býður ekki upp á að stórar felgur séu boðlegar holóttum og skemmdum vegum, hvað þá malarvegum.

Vél og fjöðrun frá Benz en grind frá Nissan

Þegar Mercedes-Benz X-Class er skoðaður minnir hann óneitanlega á Nissan Navara. Samkvæmt upplýsingum frá sölumanni í Öskju er í raun bara grindin og pallurinn frá Nissan en afgangurinn frá Benz. Allavega er fjöðrunarbúnaðurinn örlítið utar á Benz miðað við Navara og því aðeins stífari fjöðrun þó svo að við fyrstu sýn sé þetta nákvæmlega sami fjöðrunarbúnaðurinn (gormafjöðrun framan og aftan).

Vélin í báðum bílunum (Nissan og Benz pallbílunum) er sögð skila 190 hestöflum, en mér fannst Benz vélin vera sneggri upp á snúning og toga minna, en öfugt hjá Nissan, en uppgefin dráttargeta á 50 mm kúludráttarkrókinn er 3.500 kg.

Benz X-Class X250d Progressive.



Palllokið er aukabúnaður og hæfir bílnum vel.



Hér neðst undir þurrkublöðunum vantar sárlega hitaþráð sem kemur sér vel fyrir vetrarakstur.



Bakkmyndavélin er mjög skýr og gefur góða mynd.



Mér hefur alltaf fundist óþægilegt að hafa bakkgírinn á þessum stað þegar verið er að skaka í snjó.



Skyggni og lokun vega gerði prufuaksturinn stuttan.

Ríkulega útbúinn af aukabúnaði og lengi hægt að bæta við


Allir Mercedes-Benz X-Class eru með dráttarkrók, en hins vegar tók ég eftir að ljósatengið er 12 eða 13 pinna, en langflestar kerrur á Íslandi eru með 6 eða 7 pinna tengingu og því þarf annaðhvort að breyta þessu eða fá sér millistykki. Pallurinn er 1.587 mm langur, 1.560 mm breiður. Hæð skjólborða frá palli er 474 mm og má pallur bera 1.037 kg.

Hægt er að fá ýmsan aukabúnað á pallinn, s.s. lok, veltigrind eða hús. Verð á Mercedes-Benz X-Class er mismunandi eftir hvað er í bílnum. Sá ódýrasti er frá 7.330.000 kr. og sá dýrasti á 9.940.000 kr. Bíllinn sem prófaður var heitir Mercedes-Benz X-Class X250d Progressive og kostar 9.720.000.

Í sumar er væntanlegur 258 hestafla sjálfskiptur Mercedes-Benz X-Class sem nefnist Power X350d. Margt fleira er hægt að segja frá í þessum bíl, en sökum plássleysis verð ég bara að benda á sölumenn Öskju eða að fara inn á vefsíðuna www.benz.is.

Helstu mál og upplýsingar

Hæð	1.890mm
Breidd m/speglum	2.113 mm
Lengd	5.340 mm



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Ég læri fyrir þig og þú lærir fyrir mig

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Það var ánægjuleg lesning um Erlu Björgu Ástvaldsdóttur á Neðri-Hjarðardal í Dýrafirði sem kosin var manneskja ársins 2017 af lesendum Bæjarins besta á Ísafirði.

Erla Björg hafði bjargað bónda sínum í byrjun sauðburðar síðastliðið vor þegar hann fékk hjartaáfall. Sú kunnátta sem kennd er á skyndihjálparnámskeiðum kom Erlu Björgu að miklu gagni (samkvæmt hennar orðum í viðtali við Bæjarins besta).

Alltaf þegar svona fréttir heyrast af nauðsyn þess að sem flestir fari á skyndihjálparnámskeið vakna spurningar um af hverju skyndihjálparnámskeið séu ekki á fleiri vinnustöðum, félagasamtökum og skólum. Sjálfur er ég í ferða- og útivistarfélagi þar sem árlega er haldið skyndihjálparnámskeið með einkunnarorðunum: Ég læri fyrir þig og þú fyrir mig.

Gramdist að sá sjúkrabíll sem næstur var kom ekki

Í samtalinu við Bæjarins besta sagði Erla Björg að henni hefði gramist að sá sjúkrabíll sem næst henni var kom ekki vegna þess að ekki var hægt að manna hann. Ég vil taka undir hennar orð og gremst mér líka og þetta er eitthvað sem má ekki klikka þegar mannslíf eru í húfi. Að búa í dreifbýli þar sem bið eftir sjúkrabíl getur verið yfir 30 mínútur þurfa þeir sem búa við svoleiðis aðstæður að huga vel að heilsu og áhættu með reglulegri læknisskoðun. Það er víðar en á Vestfjörðum að sjúkrabíllinn er of lengi á leiðinni á áfangastað. Sem dæmi þá er umferðarþungi svo mikill á Suðurlandi nokkra daga á sumrin þegar 2–3 skemmtiferðaskip eru í Reykjavíkurhöfn og megninu af farþegunum er ekið svokallaðan „Gullna hring“. Á slíkum dögum þyrfti helst að vara fólk sem býr nálægt Gullfossi og Geysi við yfirvofandi umferð. Þá væru hjartaáföll og slys ábúenda í sveitunum með öllu bönnuð á þessum umferðarálagsdögum.

Verðlauna mætti oftar fólk eins og Erlu Björgu

Ég vil misnota aðstöðu mína sem pistlahöfundur hér og óska Erlu Björgu Ástvaldsdóttur á Neðra-Hjarðardal til hamingju með nafnbótina sem manneskja ársins á Vestfjörðum 2017, enda vel að titlinum komin. Of sjaldan er fólk sem hjálpar og gefur af sér verðlaunað nægilega samanber hjálparsveitir. Þegar verið er að horfa til baka og velja mann ársins þá finnst mér að þau sem gefa af sér til annarra ættu að fá verðlaunin. Samanber verðlaun Bæjarins besta sem fóru til Erlu Bjargar, konu sem gaf svo vel af sér að hún bjargaði mannslífi.



Af hverju er skyndihjálparnámskeið ekki reglulega á fleiri vinnustöðum, hjá félagasamtökum og í skólum?



KROSSGÁTA Bændablaðsins



MYND: ELLY FILHO (CC0 1.0)

76	FLAGÐ	EINS	VÆTTA	TVEIR EINS	ÍLÁT		STYRKJA	LÉLEGUR	GNÝR	TÁLBEITA
ÓGÖNGUR										
HRÓPA						ÞUNGI / RÁNDÝRA				
BÓK-STAFUR				ÚTSKÝRING / KÖNNUN						
SNÍKJUR / STREITA					HÝRA / RJÚFA					KLÆÐI

	↓	LEYSIR	KÆR-LEIKUR / Á FÆTI				SKARÐ / MISSA				FLAN / AÐ-RAKSTUR			
GALLI						GIMSTEINN / DANA						FRÁSÖGN	MYNT	
HYGGJAST					SLÉTTUR / RÁS					SÓT / SVÍKJA				
DRYKKUR			SKORA / GJAMMA					RÝRNUN / NÆRRI						
SARG				LOFT-TEGUND / ÞARMA					TOTA / RÖLTA					DÝRKA
		GINNA / FJÖRLEYSI					FISKUR / SVIF				SÁR / GEGNA			
KK NAFN						ÁMÆLA						BÓK-STAFUR / GYÐJA		
MÆLI-EININGU						LAND Í ASÍU / Í RÖÐ							TVEIR EINS	
ÁN					BLÝKÚLA					LANGT NIÐUR				
SKRIFARI							HEPPNAST							

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



75	GRÓANDI	LÖGMÁL	ÁRS-GAMALL	KVIK	FÁLMA	KK NAFN		UPPNÁM	MISBJÓÐA	RÓMVERSK TALA
VALD-SVÆÐI	G	R	E	I	F	A	D	Æ	M	I
VONDUR	R	E	I	Ð	U	R	RÖÐULL / YFIRHÖFN	S	Ó	L
HÆTTA	Ó	G	N	STÓRT / VÍN	M	I	K	I	Ð	VESÆLAR
DEYFA / ÁFLOGUM	S	L	Æ	V	A	NÝJA / SMÁBITI	U	N	G	A
	S	K	A	R	I	ÝKJUR / TRÉ	Ö	F	G	A	R
SAFNA SAMAN	S	M	A	L	A	FLAN	DÚKUR / DÖGG	S	E	G	L	HNUSA	TUNGU-MÁL	M
BEKENNA	J	Á	T	A	RISPAN / VELDIS	R	Á	K	I	N	SPIL / SVÖRÐ	N	Í	A
SNÆÐDI	Á	T	SVART-LIST / NEYTA	G	R	A	F	Í	K	BRAK / GLUMDI	M	A	R	R
OF LÍTIÐ	V	A	N	KLAKA / ÓNÁÐA	Í	S	A	GUFU-HREINSA	AUÐUR / STOPP	G	Ó	S	S	HARLA
	A	STÆKKAÐI / DANA	J	Ó	K	LÆRA	L	E	S	A	MJAKA / ÁN	A	K	A
MJÓLKUR-AFURÐ	R	J	Ó	M	I	SMÁU / TALA	L	I	T	L	U	FRÁ / BEITA	A	F
FORMAST	M	Ó	T	A	S	T	EYJA Í EVRÓPU / TVEIR EINS	M	A	L	T	A	SAMTÖK	A
ÁREYNSLA	Á	T	A	K	RÍKI Í ARABÍU	Í	R	A	N	TEMUR	A	G	A	R
MÁTTLAUS	L	A	M	A	Ð	U	R	VINNA AÐ	S	I	N	N	A	

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Búland



Eitt af þremur lífrænt vottuðum kúabúum í landinu er Búland í Austur-Landeyjum.

Býli: Búland.

Staðsett í sveit: Gamli Austur-Landeyjahreppur, nú Rangárþing eystra.

Ábúendur: Guðmundur Ólafsson, Guðný Halla Gunnlaugsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum fjögur börn og tvö barnabörn. Börnin eru Ólafur Björn, Guðrún María, Ásgeir Helgi og Halldór Örn. Þrjú elstu eru flutt að heiman og ráðsett.
Heimilisfólk er eftirtalið: Guðmundur, Guðný Halla og yngsti sonurinn, Halldór Örn, 15 ára, ásamt fjórum íslenskum fjárhundum; Lilju, Ösp, Rjúpu og Þór. Auk þess eru tveir kettir, Gamla kisa, 14 ára og Brandur, 12 ára.

Guðrún María býr á Hvolsvelli með sína fjölskyldu og mjög áhugasöm um hrossin en Halldór sá yngsti hefur mestan áhuga á kúnum og öllum vélum.

Stærð jarðar? 300 ha, þar af 60 ha undir skógrækt.

Gerð bús? Lífrænt kúabú, en búið er eitt af þremur lífrænum kúabúum á landinu. Einnig hrossarækt, hundarækt með íslenska fjárhundinn – ræktunarnafn Gerplu-kennel – og skógrækt.

Fjöldi búfjár og tegundir? 50 lífrænar mjólkurkýr auk tilheyrandi geldneyta. 40 hross, 7 kindur og 12 hænur af landnámskyni.





Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar á þessu hefðbundna, mjólka, fóðra skepnurnar, skafa og moka skít. Síðan erum við að sinna viðhaldi, viðgerðum og hinum ýmsu hliðum sem snúa að bústörfum og heimili. Endað á kvöldmjöltum nema á álagstímum, þá er oft unnið fram eftir.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast þegar ungviði kemur í heiminn, s.s. kálfar folöld, hvolpar, lömb eða ungar.

Leiðinlegast að þurfa að lóga skepnum eða senda á sláturhús og halda flórsköfunum gangandi.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Stækka búið enn meira og mjaltaþjón í fjósið og byggja nýja og betri geldneytaaðstöðu.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Það má nú fara að blása í seglin, óþarfi að vera alltaf í vörn heldur að sækja fram með nýjar hugmyndir. Endalaus hagræðingarkrafa á bændur sem skilar neytendum litlu en milliliðir, svo sem verslunin, makar krókinn. Lífrænni framleiðslu er lítið sinnt af forystusveit bænda.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Við stöndum á tímamótum, landbúnaður er vagga landsbyggðarinnar, án hennar er ekki grundvöllur fyrir byggð í öllu landinu.

Ef fólkið í landinu (neytandinn, verslunin, stjórnvöld) gerir sér grein fyrir sérstöðu og gæðum íslenskrar framleiðslu. Vinna sameiginlega að því að skapa almenna sátt um framleiðslu og markaðssetningu á landbúnaðarvörum og skapa góða tengingu við ferðaþjónustuna og efla heimavinnslu.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Lifandi búfé; íslenski hesturinn hefur aukið hróður Íslendinga um allan heim, íslenski hundurinn hefur aldrei verið vinsælli og er líka seldur um allan heim, enda frábærir hundar. Við eigum að leggja meira upp úr því að selja þessa gripi á fæti erlendis. Íslensku sauðkindina vegna ullar sinnar og kjötafurða og íslensku kýrnar hljóta að geta orðið söluvara vegna sinna einstöku litbrigða.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör, ostur, egg, heimagerð jógurt og lýsi.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Mjólk, kartöflur og nautgripahakk, en lambið er sparimaturinn.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar Fingurbjörg fæddist, örugglega minnsti kálfur á Íslandi, og á sama tíma fæddist stærsti kálfur sem við höfum eignast. Sú litla gat gengið undir þann stóra.

MATARKRÓKURINN

Vegan heilsupitsa með grænmeti



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Socca pitsa (vegan og glútenlaus) er upprunnin frá Ítalíu og er mjög einföld í matreiðslu.

Deigið er búið til með því að blanda kjúklingabaunahveiti/garbanzo-baunamjöli saman við vatn og smá ólífuolíu, sett á pönnu og bakað við háan hita.

Þið getið fundið kjúklingabaunahveiti í betri matvörubúðum eða í Asíu, matvörumarkaði.

Þetta er örugglega ljúffengasta og fljótlegasta glútenlausa pitsan sem hægt er að elda.

Socca pitsa

- 2 msk. ólífuolía
- 1 bolli kjúklingabaunamjöl
- 1 bolli af vatni
- 1/2 tsk. hvítlauksrif eða duft
- 1 tsk. blandað þurrkað ítalskt krydd eins og basilika, oregano og fleira.
- Salt og pipar eftir smekk

Fljótleg pitsasósa

- 1/2 bolli maukaðir tómatar (passata)
- 2 msk. tómat púrra
- 1/2 rauðlaukur
- 3 hvítlauksrif
- 1 msk. þurrkaðar ítalskra kryddjurtir

Álegg

- Veganostur
- Fersk söxuð basilika
- Saxað grænmeti af vali – ég notaði rauðlauk og pipar



Aðferð

Hægt er að íslenska pitsuna með að nota steikt lambahakk og majónes – og nota ferska renninga af grænmeti, sem er skorið með grænmetisflysjara.

Notið stóra, kringlótta pitsupönnu eða ofnfasta pönnu með loðfrítt yfirborð.

Blandið saman í miðlungsstórri skál einni matskeið af olíu, kjúklingabaunamjöli, vatni og kryddjurtum. Hrærið þar til þetta er alveg slétt og fínt.

Hellið deiginu á heita pönnuna og hallið til að ganga úr skugga um að því sé jafnt dreift um pönnuna. Eldið í 10 mínútur í ofninum eða þar til það er orðið gullið og örlítið stökkt. Takið þá úr ofninum en hadið ofninum heitum. Það má líka steikja deigið eins og pönnukökur á báðum hliðum.

Á meðan deigið bakast gerið þið pitsasósu með því einfaldlega að blanda hráefninu í blandara þangað til sósan er orðin mjúk og slétt. Dreifið henni svo yfir botnana.

Stráið veganosti yfir sósuna (eða íslenskum úrvalsosti) og grænmeti ofan á (líka gott að setja það ferskt þunnt skorið eftir bakstur). Bakið aftur í 5–10 mínútur. Skerið í sex sneiðar og njótið!

Andalæri og franskar kartöflur (CONFIT)

Confit er frönsk aðferð við að elda kjöt eða grænmeti í fitu – og oftast andafitu. Slíkir réttir eru vinsælir á frönskum kaffihúsum. Hugmyndin er að elda öndina í eigin fitu svo kjötið losni af beinunum. Svo er tilvalið að sigta fituna, blanda við olíu og djúpsteikja franskar kartöflur í því.

- Hráefni
- 1/4 bolli gróft salt
- 250 ml vatn
- Svartur pipar úr kvörn, um 12 piparkorn
- 2 greinar garðablóðberg
- Hvítlauksrif marin eða söxuð
- 1 lárviðarlauf
- 1/2 tsk. mulin kóríanderfræ
- 6 andalæri (Líka er hægt að kaupa tilbúin í dós eða úr frosti. Þá þarf ekki salt því þau eru tilbúin elduð).
- Ólífuolía eftir þörfum

Aðferð

Blandið saltinu og vatninu saman í stóran plastpoka (eða í stórri skál) og hrærið þar til saltkristallarnir eru leystir upp.

Bætið piparkornum við, garðablóðbergi, hvítlauk, lárviðarlaufi, kóríander og svo andalærunum. Takið pokann og setjið á pönnu eða í skál (til að koma í veg fyrir hugsanlegan leka) og geymið í kæli í 24 klukkustundir.

Takið andalærin úr pokanum fyrir eldun og skolið með köldu rennandi vatni. Látið þorna með pappírsþurrku. Forhitið ofninn í 4 til 5 mínútur og setjið hitann á 200 gráður.



Steikið öndina í 30 mínútur, eða þar til andafitan byrjar að leka úr. Lækkið hitastigið niður í 150 gráður (gæti þurft að bæta við ólífuolíu svo fljóti yfir). Snúið andalærunum þannig að fitan snúi upp og eldið áfram í tvær klukkustundir. Takið lokið af og brúnið aðeins undir grillinu í ofninum (passið að taka umfram fitu af og notið til að steikja franskar kartöflur með. Látið standa aðeins og berið svo fram með brúnum frönskum kartöflum og majónes-hrásalati.

Geymið andafituna til að nota í eldamennsku á grænmeti, kjöti og jafnvel fiski.

HANNYRÐAHORNIÐ

Navia-tátiljur á dömur

Skóstærð: 40, dömustærð

Garn: Navia Trio fæst hjá Handverkskúnst

Aðallitur, hvítur N31: 1 dokka

Munsturlitur, milligrár N33: 1 dokka


Prjónar: Sokkaprjónar nr 4
#Handverkskúnst

Prjónfesta: 22 lykkjur = 10 sm!

Aðferð:

Byrjið að aftan á miðjum hæl. Fitjið upp 13 lykkjur með rjómahvítum. Prjónið fram og til baka í sléttu prjóni eftir munsturteikningu á hæl. Prjónið 14 umferðir, takið nú upp 14 lykkjur meðfram kanti hvoru megin = 41 lykkjur á prjóninum. Haldið áfram að prjóna fram og til bara yfir allar 41 lykkjurnar. Munsturteikning sýnir allar lykkjurnar en fyrstu 4 og síðustu 4 lykkjurnar eru alltaf prjónaðar slétt (garðaprjón). Þegar prjónaðar hafa verið 24 umferðir eftir að lykkjur voru teknar upp á hæl, fitjið upp 5 lykkjur (ofan á fæti/rist) og prjónið nú í hring. Haldið áfram að prjóna eftir munsturteikningu. Fellið af eins og teikning sýnir = 18 lykkjur eftir á prjóninum, slítið bandið frá og dragið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru.





©Handverkskúnst 2016. Þessi uppskrift er til einkanota, hana má ekki ljósrita og gefa áfram.

Frágangur: Heklið eina umferð keðjulykkjur með gráu meðfram opi.

Hönnun: Navia, þýtt yfir á íslensku með leyfi þeirra.





Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 8. febrúar

Létt

4			6	8			1	7
		1	9		7	2		
7	3	2				8	9	6
		7			1			4
	6		2	4	3		7	
8			5			9		
5	4	6				7	3	9
		3	7		4	5		
1	7			5	9			2

Miðlungs

	1	2			7			5
4		9	2	3				7
		3			8		9	
		7		8			3	6
	8		7		2		4	
2	9			4		5		
	2		6			1		
5				1	3	6		9
6			9			7	8	

Þung

7			3		4			8
				1				
		4	5		8	3		
3		7	2		1	6		4
	6			7			1	
1		2	6		5	9		3
		6	8		2	5		
				9				
2			4		6			9

Þyngst

8	7				9		1	
		3	2					
		1	5					3
6	4		3	5				
				8	2		4	1
2					4	1		
					5	4		
	5		9				8	2


Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Hefur gaman af því að ferðast til Taílands

Sigurgeir Sankla er alltaf hress og hefur gaman af því að ferðast til Taílands en mamma hans og Aron stóri bróðir eru fædd þar.



Sigurgeir hefur alltaf búið í Ásbyrgi þar sem afi hans og nafni var bóndi, en hlaðan og fjárhúsin í Ásbyrgi eru nú upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn og heitir Gljúfrastofa. Nú er bara eitt dýr á bænum og það er hundurinn Lappi sem Sigurgeir Sankla hugsar vel um enda eru þeir bestu vinir. Skemmtilegast er að leika úti með Lappa eða teikna þegar veðrið er slæmt.

Nafn: Sigurgeir Sankla Ísaksson.

Aldur: 10 ára.

Stjörnumerki: Vog.

Búseta: Ásbyrgi í Kelduhverfi.

Skóli: Öxarfjarðarskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Smíðar og enska.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Lappi.

Uppáhaldsmatur: Spægispylsa.

Uppáhaldshljómsveit: Imagine Dragons.

Uppáhaldskvikmynd: Kubo and the Two Strings.

Fyrsta minning þín? Ég man þegar ég var í pössun hjá ömmu í Taílandi og lærði fyrstu orðin í taílensku.

Ætlar þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Helst ekki, en ég hef spilað á marimba í skólanum.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Fullorðinn.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Þegar ég fór á snjóþotu niður bratta brekku og fór með hausinn í snjóskafl.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt á nýju ári ? Teikna mikið og fara svo í ferðalag, helst til Bahamas. Mamma og pabbi mega alveg koma með.

Næst » Sigurgeir skorar á Kötlu Björk Víkingsdóttur í Sandfellshaga að svara næst.

LESENDABÁS

Af Auðhumlu og MS

Hef ég verið svo lánsamur undanfarin ár að kúabændur í minni sveit hafa treyst mér til setu í fulltrúaráði Auðhumlu og til að hafa þar áhrif á sameiginleg málefni okkar mjólkurframleiðenda. Hefur mér fundist það gefandi, fræðandi og jafnvel skemmtilegt að hafa tækifæri til að setja mig inn í málefni þau sem skipta okkur svo miklu sem raun ber og reynt að leggja til málanna eftir föngum.


Birkir Tómasson.

Það þarf nýja sátt um mjólkuriðnaðinn við stjórnvöld og brýnt að spyrna við og snúa af þeirri braut þjóðnýtingar sem viðgengst á rekstri Mjólkursamsölunnar. Það sjá allir sem vilja sjá. Fyrirtækinu er naumt sniðinn stakkur með lögbundið lágmarksverð á hráefni og opinbera verðlagningu á vörum, og ekki sé talað um þær skyldur sem settar eru á fyrirtækið vegna markaðsaðstæðna. Stjórnvöld verða að hafa dug til að taka samtalið og þor til að koma þessum málefnum í viðunandi farveg. Stjórnvöld verða einnig að hafa í huga mikilvægi starfsstöðva fyrirtækisins á hverjum stað en þar eru stórir vinnustaðir og allir á landsbyggðinni, þetta snýst ekki bara um okkur bændur.

Þó nokkuð hefur reynt á innviði Mjólkursamsölunnar vegna mikillar aukningar á innvigtun og sölu undanfarin ár, ekki síst vegna þess að sú vara sem hvað mest hefur aukist í sölu er verðlögð af verðlagsnefnd undir hráefniskostnaði. Þarf ekki mikinn sérfræðing til að sjá að við svo verður ekki búið um lengri tíma. Þá fer að skila sér að fullu tollasamningur við ESB sem mun þýða aukinn innflutning á ostum, það eitt og sér er í raun verðugt verkefni að takast á við, ekki síst vegna þess að okkar útflutningskvótar sem koma á móti nýtast okkur ekki sem skyldi þegar Bretland gengur úr ESB.

Þegar gefur á er ánægjulegt að við mjólkurframleiðendur höfum haft gæfu til að kjósa okkur trausta stjórn sem gefst ekki upp þótt á móti blási, og mikilvægt að sú stjórn fékk afgerandi kosningu og traust umboð á síðasta aðalfundi Auðhumlu. Þessi stjórn undir formennsku Egils á Berustöðum hefur nú boðað sókn og mikla uppbyggingu í mjólkuriðnaðinum til að auka hagræðingu og ná viðspyrnu í vaxandi samkeppni erlendis frá. Samhliða þessu verður hlutafé MS aukið svo um munar, það kemur frá okkur bændum í gegnum Auðhumlu og svo frá Ks gagnvart þeirra hlut. Það er því enn mikilvægara að við bændur, eigendur fyrirtækisins, sameinumst um rekstur þess og tölum fyrir víðri sátt um fyrirkomulag og afkomu í framleiðslu og vinnslu mjólkurvara.

Á nýlega afstöðnum aukafulltrúaráðsfundi sammæltust við fulltrúar um að ganga þá braut sem stjórn hafði miðað og leggja í uppbyggingu fyrir miklar fjárhæðir á næstu árum. Það var ánægjulegt að taka þátt í umræðum um þessi mál og fékk ég þá tilfinningu að eftir sem á fundinn leið þá þéttust raðirnar, samstaðan var að aukast eftir erfiða tíma í nokkur misseri. Verð að segja að það var að mínu mati kærkomin tilfinning og vona ég að framhald verði á. Enda hvað höfum við ef við höfum ekki samstöðu og samhug um þessamikilvægustu hagsmuni okkar sem felast í Mjólkursamsölunni, gáttina að markaðinum?

Ljóst er að mikil vinna er fram undan hjá okkar frábæra starfsfólki í iðnaðinum til að ná settu marki, en ég er viss um að því verki verður siglt örugglega í höfn. En það þarf einnig að vinna í félagsmálunum og sætta sjónarmið, stjórn verður að mínu mati að setja í gang vinnu við að móta tillögur að framtíðarskipan málefna umframmjólkur sem byggir á umræðum og vinnu undanfarinna fulltrúafunda. Best væri ef tillögur að lausnum gætu legið fyrir á aðalfundi Auðhumlu í vor. Þar gætu þá fulltrúar afgreitt það mál sem hefur fengið eina mestu umfjöllun allra mála í fulltrúaráðinu síðustu ár. Held það sé forsenda góðrar samstöðu að fá farveg fyrir þetta mál og trúi ég að við munum verða enn sterkari á eftir. – ***Áfram íslenskur landbúnaður.***

Birkir Tómasson
Móeiðarhvoli



Tekjuskerðing bænda með sauðfé

Á aukaaðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda voru samþykktar tillögur vegna bágrar stöðu sauðfjárbænda. Megintillagan var að ríkið legði fram um 650 milljónir króna sem innleggjendur dilkakjöts fengju greitt aukalega til að koma í veg fyrir algjört hrun í rekstri búa með sauðfé og til að hindra stórfellda byggðaröskun eins og stendur í ályktuninni. Skilyrði fyrir aukagreiðslu miðist við að viðkomandi byggi á lögbýli og hefði haft 100 vetrarfóðraðar kindur haustið 2016 samkvæmt haustskrá Matvælastofnunar.


Gunnar Rúnar Kristjánsson.

Á lokadegi Alþingis (30. desember 2017) voru meðal annars samþykkt fjáraukalög með 665 milljóna króna framlagi til að koma til móts við tekjusamdrátt sauðfjárbænda. Oft hefur ríkið gripið inn í þegar vandi hefur verið í sauðfjárrækt en aldrei með þessum hætti. Í raun er ríkið að aðstoða afurðastöðvarnar til að greiða „ásættanlegt“ verð fyrir dilkakjöt. Ég man ekki eftir því að aðrar atvinnugreinar hafi fengið svona ríkisstyrk. Þrátt fyrir lágt fiskverð á mörkuðum grípur ríkið ekki inn í með að greiða mismuninn á markaðsverði fyrir fisk og „ásættanlegs“ verðs. Annað sem veldur furðu er að þetta framlag er í fjáraukalögum fyrir 2017 en ekki í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Sjálfsagt liggja einhverjar rökstuddar ástæður fyrir þessu en ég hef ekki „komið auga á þær“. Skilgreiningin á hlutverki fjáraukalaga var breytt með lögum um opinber fjármál (123/2015) og er mun þrengra en áður var, m.a. til að draga úr vægi og umfangi þeirra.

Það er vissulega gleðiefni fyrir suma okkar sem búum með sauðfé að fá þennan viðbótarstuðning og kemur sér örugglega vel. Landbúnaðarráðherra hefur þó valið að veita einungis 400 milljónir til bænda sem eru með 150 vetrarfóðraðar kindur samkvæmt haustskráningu Matvælastofnunar. Aukreitis fara 150 milljónir til bænda sem njóta svæðisbundins stuðnings sem er skilyrt við 300 vetrarfóðraðar kindur samanber 22. grein reglugerðar nr. 1183/2017. 65 milljónum á að verja til að gera úttekt á afurðastöðvakerfinu og 50 milljónunum sem eftir eru verður varið til vöruþróunar og markaðssetningar. Landbúnaðarráðherra og ríkisstjórninni finnst greinilega nóg að styrkja þorra bænda með sauðfé um 400 milljónir í stað 650 milljóna sem aukaaðalfundur LS ályktaði um. Auk þess finnst landbúnaðarráðherra og ríkisstjórninni sjálfsagt að styrkja bændur sem búa á svæðum þar sem sauðfjárbændur hafa takmarkaða atvinnumöguleika vegna fjarlægðar frá þéttbýli samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar. Reglurnar verða svona þó svo að bændur með sauðfé og búa á lögbýlum urðu allir fyrir tekjuskerðingu vegna verðlagningar sláturleyfishafa á haustinnleggi 2017.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega tilgreint að bregðast beri við vanda sauðfjárbænda til skemmri eða lengri tíma. Er verið að bregðast við vanda allra sauðfjárbænda með þeirri leið sem valin er? Svari hver fyrir sig. Hvað segir það að stuðningurinn er miðaður við meira en 150 vetrarfóðraðar kindur annars vegar og 300 vetrarfóðraðar kindur hins vegar? Eru bændur sem búa á lögbýlum en uppfylla ekki ofangreind skilyrði hobbý-bændur? Skilyrðin með 150 vetrarfóðraðar kindur eru hugsanlega til að takmarka stuðninginn við bændur með sauðfé (og hross) eingöngu en t.d. ekki með nautgriparækt sem aðalbúgrein. Hvaða rök eru fyrir því að hluti stuðningsins er greiddur til bænda á grundvelli 22. greinar reglugerðar nr. 1183/2017? Ég hef ekki heyrt nein rök. Með þessum aðgerðum stjórnvalda segjast stjórnvöld vera að bregðast við tekjusamdrætti bænda með sauðfé til skemmri og lengri tíma. Það kemur hvergi fram í stjórnarsáttmála að bregðast þurfi við vanda afurðastöðva (t.d. vöruþróun og markaðssetningu kindakjöts) eða að bregðast verði sérstaklega við tekjuvanda sumra bænda sem búa á svæðum sem Byggðastofnun skilgreinir sem sérstök búfjársvæði sauðfjár. Sauðfjárbændur með Landssamtök sauðfjárbænda í broddi fylkingar eiga að krefjast svara frá landbúnaðarráðherra um tilhögun stuðningsgreiðslna. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti er stjórnvaldsstofnun eins og önnur ráðuneyti. Ráðherra ber að fylgja stjórnvaldslögum og upplýsingalögum og ber að gera grein fyrir ráðstöfum þessara fjármuna ef fram koma spurningar og athugasemdir.

Fyrr í greininni lagði ég fram rök fyrir því að stuðningurinn er í raun stuðningur til sláturhúsa sem ekki gátu/vildu greitt/greiða hærra verð fyrir innleggið á síðastliðnu hausti. Það hefði kannski verið betra að sláturhúsin hefðu fengið þennan stuðning með því skilyrði að þeir greiddu það áfram til innleggjenda kindakjöts.

Ríflega 100 milljónir eiga að fara í að gera úttekt á afurðastöðarkerfinu, til vöruþróunar og markaðssetningar. Það er eflaust þarft að gera úttekt á afurðastöðvakerfinu en ég sé ekki hvernig það leysir tekjuvanda sauðfjárbænda til skemmri eða lengri tíma. Í úttektinni þarf fyrst og fremst að finna orsök þess að sláturhúsin geti ekki greitt hærra verð en var síðastliðið haust og af hverju þau hafa verið að greiða mun hærra verð en þau réðu við undanfarin ár. Upplýsingar sem fást með úttektinni um leiðir til að bæta greiðslugetu sláturhúsa til bænda þarf síðan að setja framkvæmd innan ekki svo langs tíma. Vöruþróun og markaðssetning er góðra gjalda verð en hún á ekki heima meðal bænda nema í mjög litlum mæli (Beint frá býli). Bændur selja sína framleiðslu við sláturhúsvegg og hafa ekkert um það að segja hvernig sláturhúsin koma sinni vöru á markað. Þannig verður að skoða ferlið frá afurðastöðvum til neytenda. Bændur geta lagt hágæða vöru í púkkið þar sem m.a. kemur fram að við framleiðsluna er sýklalyfjanotkun í lágmarki, dýravelferð í hávegum höfð og framleiðslan fer fram í sátt við umhverfið.

Stuðningur við sauðfé samkvæmt gildandi sauðfjársamningi nemur ríflega 4,9 milljörðum króna fyrir árið 2017. Með aukastuðningi ríkisins að upphæð 665 milljónir mun stuðningurinn á árinu 2017 nema tæpum 5,6 milljörðum. Hætt er við að þessi upphæð muni koma fram hvað eftir annað í umræðu um styrki til framleiðslu kindakjöts. Þannig munu fulltrúar bænda þurfa að leiðrétta þennan miskilning í tíma og ótíma. Skilar það uppbyggilegri umræðu um styrki til landbúnaðar? Svari hver fyrir sig. Í þessu sambandi er mikilvægt að Landssamtök sauðfjárbænda auglýsi hvernig stuðningur vegna sauðfjársamnings er samkvæmt viðauka 1 með samningnum og bæti þar við 665 milljóna stuðningnum.

Gunnar Rúnar Kristjánsson
sauðfjárbóndi, Akri.

	Stuðningur skv. samstarfssamningi um sauðfjárrækt									
Fjárhæðir í m.kr.										
Sauðfé	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur										
greiðslumark - 3. grein	2.506	2.267	2.205	1.944	1.635	1.319	1.046	777	422	
Gæðastýring -										
álagsgreiðslur - 4. grein	1.714	1.679	1.674	1.652	1.816	1.970	2.120	2.268	2.504	2.482
Gripagreiðslur - 5. grein				95	225	355	445	534	621	1.033
Eftirstöðvar eldri samnings - 17. grein	20									
Býlisstuðningur - 6. grein		194	242	239	238	235	233	231	229	227
Ullarnýting - 7. grein	446	437	436	430	428	424	420	417	413	409
Fjárfestingastuðningur - 9. grein		48	48	95	95	94	93	93	92	91
Svæðisbundinn stuðningur - 8. grein	99	145	145	143	143	141	140	139	138	136
*Aukið virði afurða - 10. grein **	*148*	*145*	*145*	*95*	*95*	*94*	*93*	*93*	*92*	*91*
Samtals sauðfjársamningur	**4.933**	**4.915**	**4.895**	**4.693**	**4.675**	**4.632**	**4.590**	**4.552**	**4.511**	**4.469**
	Stuðningur vegna tekjuvanda sauðfjárbænda									
Gripagreiðslur v/tekjuvanda sauðfjárbænda										
Haustskrá Mast 2017	400									
Svæðisbundinn stuðningur										
22. gr. reglugerðar nr 1183/2017	150									
Úttekt á afurðastöðvarkerfinu	65									
Vöruþróun og markaðssetning	50									
Samtals aukastuðningur	**665**									
Samtals stuðningur	**5.598**	**4.915**	**4.895**	**4.693**	**4.675**	**4.632**	**4.590**	**4.552**	**4.511**	**4.469**
Breyting á stuðningi milli ára	100%	88%	100%	96%	100%	99%	99%	99%	99%	99%
** Álitamál hvort þetta er stuðningur við sauðfjárrækt*										

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 2.250 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.500 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.

414-0000 464-8600



Avant sanddreifari
90cm, lítið notaður
Vörunúmer: A2947
Verð kr. 270.000 án vsk.




Lely Nautilus
mjólkurtankur
12.000 lítra
Árgerð: 2008
Stök kælivél
Staðsetning: Reykjavík
Uppl. 896-2866 - Sverrir
Verð kr. 2.900.000 án vsk.



Kverneland
Pökkunarvél
Árgerð: 2000
Góð vél
Verð kr. 450.000 án vsk.



Samaz sláttuvél KDT 340
Árgerð: 2013
Vinnslubreidd: 3,4 m
Reimdrifin vél. Létt og
þægileg. 825 kg.
Útlit mjög gott !
Verð kr. 450.000 án vsk.



Deutz-Fahr MP 235
Árgerð: 2007
Notkun: 24.000 rúllur
Verð kr. 2.600.000 án vsk.



Avant 635 með húsi
Árgerð: 2014
Góð vél með skotbómu.
Notkun: 2600 vst.
Verð kr. 2.950.000 án vsk.



Lely 360M
Árgerð: 2015
Miðuhengd vél. Sem ný !
Lítil notkun
Verð kr. 1.190.000 án vsk.

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is

REYKJAVÍK 414-0000 | AKUREYRI 464-8600



Til sölu Komatsu WA270 árgerð 1997. Fjöðrun í gálga, hraðtengi, keðjur, góð vél, stór og góð skófla. Notkun 13.350 tímar. Verð 3.990.000 kr. +vsk. Leó s. 897-5300.



Til sölu Can-am Commander árg. 2012. Ekinn 3000 km. Með húsi, miðstöð, snjóbeltum og aukadekkjum. Uppl. í síma 894-8203.



Volkswagen Transporter 2017 4x4 dísel sjálfsk. Webasto olíuhitari, klæddur aftur í. Athuga skipti. S. 899-5189.



Til sölu notuð kerra DAXARA 198 með loki. Mál: lengd 190 cm, breidd 120 cm, hæð með loki 70 cm. Verð 80.000 kr. Uppl. í síma 840-6357.



M. Bens Sprinter 413CDI 4x4. 15 farþega. Árg. 2001. Bíllinn er ekinn 405.000 km. Er á nýjum dekkjum. Nagladekk fylgja á felgum. Upptekin vél í ca. 320þús hjá umboði. Verð 2.200.000 kr. Uppl. í síma 853-9606.



Til sölu Toyota Land Cruiser 150 gx. skráður 11/2012. Ekinn 80.000 km. Er á nýjum dekkjum og með krók. Verð 5.990.000 kr. Uppl. í síma 849-4813.



Rúlluskeri með plastgrípara og skiptanlegum hníf sem hægt er að brýna. Mjög öflug og vönduð smíð frá Póllandi. Slöngur og Euro festingar fylgja, aðrar festingar í boði. Hákonarson ehf, hak@hak.is, s. 892-4163, www.hak.is



Haughrærur og haugdælur fyrir flestar aðstæður: Rafdrifnar eða glussadrifnar gólfhrærur. Einnig traktorsdrifnar hrærur. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Gröfuarmur fyrir liðléttinga, traktora og skotbómulyftara. Skóflustærðir: 20 cm, 30 cm, 40 cm. Allar festingar í boði. Verð frá 249.000 kr. +vsk. Vandaður og sterkur búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. www.hak.is - s. 892-4163, hak@hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Atlas Copco QAX 20 rafstöð árg. 2007. Framleiðir 20 kW, notuð 1.110 tíma. Verð 800.000 kr. Uppl. í síma 862-8753 eða hht@isor.is. Er á Akureyri.



Bændablaðið óskar eftir að kaupa gamla mjólkurbrúsa. Við greiðum kr. 5.000 fyrir stykkið og veitum brúsanum framhaldslíf sem blaðastandur. Uppl. veitir Tjörvi í síma 563-0332 eða 862-3412 og í netfangið tb@bondi.is




Til sölu vel með farinn finnskur Normalo vefstóll, vefbreidd 1 m. Vefskeið fylgir. Uppl. í síma 891-6078.



Til sölu Kia Sorento EX árg. 2007, ekinn 170 þús. Sjálfskiptur, dísel, dráttarbeisli, nýleg heilsársdekk. Ásett verð 1.190.000 kr. Uppl. í síma 825-6518.



Nýtt til sölu á Íslandi: Plötuberi, eða hvað á að kalla þetta? Þetta apparat auðveldar þér að bera spónaplötu, gipsplötur og hurð sem dæmi. Verð 14.500 kr. m.vsk. Reikningar eru gefnir út. Meira á http://www.alltfalt.is/



M-Benz Gazelle SSK 1979-1929 (Replica). Flottur sportari fyrir Glanna glæp. Einnig húsbíll árg. 1990, Fiat Ducato-KNAUS, dísel, einn með öllu. Sjá myndir proben. heidal@gmail.com. Uppl. í síma 781-5880.



Hyundai Santa Fe Lux 7 manna, árg. 2006. Ekinn 191.000 km, dísel, topplúga, dráttarbeisli, smurbók frá upphafi. Ný tímareim skipt út við 151.000 km og fl. Uppl í síma 696-5855.



Til sölu haugþró. Til sölu forsteyptar einingar í haugþró. Stærð 305 ferm. 1.000 rúmm. Tilbúnar til afhendingar. Nánari uppl. fodur@simnet.is. Fóðurstöð Suðurlands.

KRAFTVÉLAR


Til sölu



John Deere 6430
Árgerð 2012, vinnustundir 3,180.
JD 583 ámoksturstæki.
Verð 7.290.000.- kr. án vsk.
9.039.600.- kr. með vsk.



New Holland T4.105 DC
Árgerð 2016, vinnustundir 265.
Alö X 36 ámoksturstæki.
Verð 6.990.000.- kr. án vsk.
8.667.600.- kr. með vsk.



Komatsu PC35
Árgerð 2006, vinnustundir 1,830.
Tilt-hraðtengi, 2 skóflur,
ný gúmmíbelti fylgja með.
Verð 2.690.000.- kr. án vsk.
3.385.600.- kr. með vsk.



Komatsu PW130
Árgerð 2006, vinnustundir 8,400.
Rototilt og skófla, tvöföld dekk
Verð 4.990.000.- kr. án vsk.
6.187.600.- kr. með vsk.



Mercedes Benz Atego 1023
Árgerð 2001, ekinn 386.000 km.
Með vörukassa og lyftu.
Verð 1.690.000.- kr. (án vsk.)
Tilboð 990.000.- kr. (án vsk.)

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Hamm H 13i valtari
Árgerð 2013. 13 tonn.
Til leigu eða kaups.



MultiOne 8.4P
Árgerð 2015, fer á götuna 2016. 17 vinnust. Skófla og gaflar.
Verð: 3.500.000 kr. + vsk.



Komastu PW130 hjólagrafa
Árgerð 2005. 11.700 vinnust. Engcon rótortilt og 2 skóflur.
Verð: 4.500.000 kr. + vsk.



Volvo ECR58
Árgerð 2005. 5.500 kg og 2.090 vinnust. 3 skóflur, þar af ein tilt.
Verð: 3.500.000 kr. + vsk.



Rafstöðvar
3,5 kVA – 85kVA á lager.



Weber jarðvegsþjöppur og hopparar til á lager.



Tsurumi dælur í miklu úrvali.



JCB 8030 ZTS
2014 árgerð. 1.910 vinnust. Smurstöð, 3 skóflur og fleygur.
Verð: 4.200.000 kr. + vsk.



Yanmar SV18
Árgerð 2014. 1.975 kg og 1.500 vinnust. Powertilt og 3 skóflur

Uppl. í síma 660-6051
MERKÚR
www.merkur.is



Polaris 500 fjórhjól árg. 2010 til sölu. Ekið aðeins 43 tíma! Einn eigandi frá upphafi. Selst á frábæru verði 990.000 kr. Uppl. í síma 892-5064. Ólafur.



Snjóskófla með vængjum. Breidd 2.000-3.450 mm. Verð 495.000 kr. m.vsk (400.000 kr. án vsk.) H. Hauksson ehf, sími 588-1130.



Taðkló. Breidd 220 cm. Verð 330.000 kr. m.vsk. (267.000 kr. án vsk.) H.Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Taðklær. Breidd 120 cm, verð 195.000 kr. m.vsk. Breidd 170 cm, verð 245.000 kr. m.vsk. Breidd 220 cm, verð 330.000 kr. m.vsk. H.Hauksson ehf, sími 588-1130.



Weckman rúlluvagn. Stærð palls 2,55 x 9 m. Verð 1.890.000 kr. m.vsk. Mínus 100.000 kr. afsl. = 1.790.000 kr. m. vsk. (1.443.000 kr. án vsk.). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Góður 33" breyttur bíll sem hefur fengið góða umhirðu og skoðaður 2018. Er á ágætum heilsárs dekkjum. Góð negld vetrardekk fylgja ásamt álfelgum. Sóllúga og snorkel. Ýmsir varahlutir fylgja með. Að innan er bíllinn vel með farinn og snyrtilegur. Dýna ásamt álplötu til að geta sofið aftur í bílnum fylgir með. 1. árs Webasto olíumiðstöð getur selst með en kostar aukalega 160.000 kr. Þar sem síða Blands er svo léleg til að svara fyrirspurnum, þá vinsamlegast hafið beint samband við mig í síma 665-6171.



Vanir smiðir geta bætt við sig verkefnum árið 2018, hvar sem er á landinu. Höfum sérhæft okkur í gömlum friðuðum húsum. Uppl. í síma 691-3002, Jón R.



Til sölu ónotaðar keðjur undir afturdekk á gröfu. Passa undir stærðir 18, 4x26 og 16,9x30. Keyptar nýjar hjá Vélaborg. Hlekkjaþykkt: 10 mm. Uppl. í s. 892-1508.




Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Úrval lausna frá þýska stórfyrirtækinu Patura. Fóðurframhliðar, sjálflæsigrindur, milligjarðir, kálfafóðurkassar, brynningarskálar og margt fleira. Leitið tilboða og heildarlausna fyrir nautgripina. Bæklinga má sjá á heimasíðu okkar www.brimco.is. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Seljum vara- og aukahluti flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Símí 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl. 13 - 16.30.



VERDO gæða spónakögglar undirburður fyrir hross í 15 kg pokum. Frábær undirburður og góð verð. Brimco ehf. sími 894-5111 - www.brimco.is. Opið kl. 13-16.30.



Dekkaður Viking 700, vel með farinn, endurnýjað rafmagn, nýir 12 og 24 w geymar, sjálfstýring og 2 dng(5000). Ganghraði 7 sml, eyðslugrannur og góður bátur, siglingatölva Max-c og sjálfstýring. Vegna ónýtrar túrbínu selst hann á 2,9 millj. kr. Uppl. í síma 692-6825 og 863-1033.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 kr. auk vsk. Verð 2-4 stk. 22.900 kr. auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 kr. auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að kræka saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. 7.900 kr. án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. 6.900 kr. án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá 5.900 kr. m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13 - 16.30.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.500 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Síma 894-5111. Opið frá kl. 13 - 16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13 - 16.30. www.brimco.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is





Lyftaragafflar fyrir traktora, liðléttinga og aðrar vinnuvélar, allar festingar fáanlegar. Burðargeta 2000 kg, lengd gaffla 120 cm, hægt að setja á þá rúlluspjót, 88 cm. Fáum á lager, gaffla með Euro festingum í janúar. Þyngd gaffla 142 kg. Hákonarson ehf, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

www.bbl.is

AFLVÉLAR



Snjótönn fyrir lyftara
2,5 m breið.
Verð: 165.000 kr. + vsk.



Snjótönn, 3000 HD
3 m, með Euro festingu
Verð: 290.000 kr. + vsk.



Sanddreifarar fyrir traktora
Nokkrar stærðir í boði,
1–2,3 m breiðir
Verð frá: 340.000 kr. + vsk.



Fjölplógur Pronar,
PUV 3300M, 3,3 m
Verð: 890.000 kr. + vsk.




Salt- og sanddreifari
Pronar, EPT15
1,5 m³, rafstýrður, 12V
Verð: 1.190.000 kr. + vsk.

Aflvélar ehf., Vesturhraun 3,
210 Garðabær, S: 480-0000
www.aflvelar.is sala@aflvelar.is



WC safnbox með hnífadælum fyrir kjallara. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Taðklær, taðskóflur, taðgafflar festingar og slöngur fylgja. Breiddir: 1,2 m til 2,5 m. Mjög vandaður og sterkur búnaður, framleiddur í Póllandi. Við getum skaffað margs konar búnað fyrir landbúnað: Skóflur og klær í mörgum útfærslum, ámoksturstæki, frambúnað, rúllugreipar, rúlluskera, rúlluspjót, flórsköfur, jarðvinnutæki, lyftaragafflar. Allar festingar í boði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Skófla fyrir lyftaragaffla með glussatjökkum. Margar stærðir í boði. Hentar vel í margs konar iðnaði. Sköffum einnig lyftaragafla á traktora. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Sami flaghefill. Breidd 3,1 m. Tveir tjakkar, með tilti og hjólum. Verð 590.000 kr. +vsk. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.



Sami fjölplógur VB-3200. Vinnslubreidd 3,2 m. Tengi: SBM. Þyngd: 1,2 t. Verð 1.390.000 kr. +vsk. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.



Sami snjótönn fyrir gervigras. Breidd 4 m. Verð 480.000 kr. +vsk. Tengi: 3P. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.



Snjótennur og saltkassar í úrvali fyrir pallbíla. Nýjar og léttari tennur sem henta t.d. vel á Toyota og Isuzu. Aflvélar ehf. Sími 480-0000.



Holdakýr til sölu. Höfum til sölu eina holdakú sem er nýborin og kálfurinn fylgir með. Hann er undan Angus nauti af sæðingastöð. Uppl. í síma 866-7420, (Árnessýsla).



Polaris RMK 500 árg. 2000. Verð: 170.000 kr. 4.600 mílur, belti 136", milligrófur bakkgír. Tveggja manna. Uppl. í síma 864-3262 eða bensi.grondal@gmail.com



Tek að mér hestaflutninga um allt land. Uppl. gefur Bjarni í síma 894-9758.



Pallagafflar, burður 2500 kg. Verð kr. 119.000 kr. m.vsk. (96.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúllugreip fyrir 2 rúllur. Vökvaopnun. Verð 296.000 kr. með vsk (239.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. Lækkað verð. 11 tonn, verð kr. 1.390.000 með vsk (1.121.000,- án vsk). 13 tonn, verð kr. 1.590.000 með vsk (1.283.000 án vsk). H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Flaghefill/snjótönn. Breidd 3,0 m. Verð 696.000 kr. m.vsk. (561.000 kr. án vsk). Ath! snjóvængir fylgja. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Fjárhúsmottur. Verð kr. 8.500 stk. með vsk (kr. 6.850 án vsk). Tilboð = Frír flutningur. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Fjölplógur. Breidd 2.800 mm. Euro festingar. Verð 786.000 kr. m. vsk (634.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Til sölu

Fjórhjól til sölu. Linghai 400 árg. 2011, keyrt 2.500 km. Mjög gott ástand. Götudekk á felgum fylgja með. Verð 650.000 kr. Uppl. í síma 845-3712.

Til sölu hornbaðkar, nýtt og enn í pakkningunni. Stærð 165x165cm. Verð samkomulag. Uppl. í síma 893-3372. Sama vantar jarðvegstætara!

Til sölu dráttarvélagaddakeðjur, 9 mm, tvö sett. Einnig tvö dekk 400-65-24. Uppl. í síma 690-9866.

Til sölu tæki til ostagerðar. Tilvalið til heimavinnslu á afurðum beint frá býli. Áhugasamir hafi samband í tölvupósti: ostagerdin@simnet.is

Til sölu fyrirtæki á Norð-Austurlandi. Um er að ræða fyrirtæki í jarðvegsstarfsemi og fleiru. Gæti hentað fyrir 2–3 menn. Fyrirtækið er í eigin húsnæði. Skipti á fasteign á Suðvesturlandi koma vel til greina Uppl. í síma 893-2801 á kvöldin eða thelgason9@gmail.com

Susuki Grand Vitara, dísel 2,0, beinskiptur. Ekinn 116.000 km. Grásans, vetrardekk. Topp bíll. Verð 1.150.000 kr. Uppl. í síma 892-7852, Sævar.

Zetor 6945 með tækjum, árg.´79. Einnig vatnabátur Theri, fjögurra manna með mótor. Uppl. í síma 867-8115.

Hef til sölu skerpukjöt. Uppl. í síma 663-3091.

Til sölu dísel rafstöð Lister 3 cyl. 11 kW 1 fasa. Árg. ekki vitað. Er í góðu ástandi en þarfnast smá lagfæringar á rafmagni. Uppl. í síma 899-9991 eða 869-7671.

Case traktorsgrafa 4x4, árg. 1982 til sölu. Er gangfær. Uppl. í síma 892-2973.

Varahlutir í Land Cruiser 120. Original 17" felgur. Einnig ónotuð loft driflæsing að aftan. Uppl. í síma 692-3457.

Sérsmíðaðir gluggar frá Færeyjum. Tíu ára ábyrgð. Tré og álklæddir trégluggar. PVC gluggar og útidyr. Jóhann Helgi & Co. jh@Jóhannhelgi.is, s. 820-8096.

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Básа og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Hornstrandir og Hornstrendingar. Hornstrandabækurnar allar 5 = 7.500 kr. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið. jons@snerpa.is – s. 456-8181.

Óska eftir

Óska eftir vel með förnum vatnabát t.d. Pioner 12 eða sambærilegum. Uppl. í síma 699-8362 eða asgeirst@simnet.is

Óska eftir hedd á Farmal B250 árg. '58-'60. Uppl. í síma 863-5650, Halli.

Óska eftir húsbíl í skiptum fyrir sumarbústaðaland. Uppl. í síma 848-4113.

Erum að fara að opna veitingastað sem mun leggja mikla áherslu á íslenskt lambakjöt og erum því að leita af veðruðum gluggum og hurðum með sögu, einnig af munum sem við getum notað á staðnum. Þið getið haft samband við okkur í síma 691-4348 eða 897-6448 og á netfangið krullurnar2@gmail.com

Óska eftir gömlum Land Rover Defender eða Discovery I (tdi) í góðu ástandi. Gjarnan á minna en 500.000 kr. Hafið samband við Sigurð í síma 846-1078.

Er að leita að léttri og meðfærilegri tveggja hásinga kerru. Þarf helst að vera lág og geta borið 1200 kg. (c.a. 130x300). Hákon, sími 898-1303.

Atvinna

Stórt alifuglabú á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir dugnaðarsömum einstaklingi í ábyrgðarfullt starf bústjóra. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir stjórnunar- og skipulagshæfileikum, sé búfræðimenntaður eða hafi reynslu af bústörfum. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á: h.kristin@simnet.is

414-0000 464-8600

Ný vél



Zetor Proxima 100
4 cyl. mótor, 96 hestöfl
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
Verð kr. 5.950.000 án vsk.


Ný vél



Zetor Major 80
4 cyl. mótor, 77 hestöfl
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
Verð kr. 4.800.000 án vsk.



Zetor Proxima 100
4 cyl. mótor, 96 hestöfl
Árgerð 2015
Notuð 530 vinnustundir
Með ALÖ ámoksturstækjum og skóflu
Verð kr. 4.950.000 án vsk.




Welger 220 Profi DA
Rúllusamstæða
Árgerð: 2005. Notkun: 26500
Profi vél með neti, breiðum sóp og 25 hnífum.
Mjög gott eintak. Einn eigandi frá upphafi.
Verð kr. 2.330.000 án vsk.



Welger Rp 220 Profi
Árgerð: 2002
Notuð 20,000 rúllur
Verð kr. 1.120.000 án vsk.



Taarup BIO
Árgerð: 2008
Notkun: 10.000 rúllur
Verð kr. 2.590.000 án vsk.



Ziegler sláttuvél PD355M Powerdisc
Árgerð: 2007
Miðjuhengd vél sem fylgir landinu vel
Vélar sem tóku við af Niemeyer sláttuvélum.
Vél í góðu standi.
Verð kr. 355.000 án vsk.

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is

REYKJAVÍK 414-0000 | AKUREYRI 464-8600

Átján ára karlmaður óskar eftir starfi á Íslandi. Getur byrjað strax. Talar ensku og spænsku. Upplýsingar í netfangið cesar27nestor@gmail.com

Tveir vinnuþjarkar frá Tékklandi óska eftir starfi í sveit á Íslandi. Þær geta byrjað í febrúar. Hafa reynslu af ýmiss konar bústörfum. Nánari upplýsingar í gegnum netfangið martinamikulcova8@gmail.com

Tvær tékkneskar konur óska eftir vinnu við bústörf. Þær hafa áður unnið á Íslandi við ferðaþjónustu en hafa ekki reynslu af sveitastörfum. Hafa meðmæli frá fyrri vinnuveitendum. Nánari upplýsingar gegnum netföngin katkasrnska@seznam.cz og barasrnska@seznam.cz

Vera Schürhörster frá Þýskalandi leitar að 100% vinnu í sveit frá apríl til loka júlímánaðar. Nánari upplýsingar í gegnum netfangið vera-schuerhoerster@web.de

Sextug kona óskar eftir starfi við garðyrkju og ræktun. Nánari upplýsingar gegnum netfangið mladen.delich@gmail.com eða í síma 830-0683.

Johanna Mittnacht er 18 ára þýskur námsmaður sem óskar eftir því að komast í vist á íslenskum sveitabæ í 6 vikur frá byrjun september á þessu ári. Hefur reynslu af íslenskum hestum og talar ensku. Uppl. í síma 00-49-1578-812-7891 og netfangið mittnachtj@gmx.de

Húsnæði

Vil taka einbýlishús á leigu sem fyrst á svæðinu suður af Hveragerði og Selfossi að Þjórsá. Meðmæli ef óskað er. Uppl. í síma 483-1041 og 777-5651.

Þjónusta

Málningarþjónustan M1 ehf. tekur að sér öll almenn málningarstörf. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 696-2748 eða loggildurmalari@gmail.com

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá upplýsingar og tilboð. HP transmission Akureyri, netfang: einar.g9@gmail.com

Vantar bílstjóra, vélamenn, iðnaðarmenn eða verkamenn? Getum útvegað pólskt starfsfólk með skömmum fyrirvara hvert á land sem er. Proventus starfsmannaþjónusta. Proventus.is – sími 551-5000. Proventus@proventus.is

www.bbl.is



Frá Dalvík. Mynd / HKr.

Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar:

Segir Vegagerðina mismuna íbúum

Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar fagnar því að Vegagerðin sjái nauðsyn til þess að auka við snjómokstur í Svarfaðardal, en ráðið furðar sig hins vegar á því í hverju aukningin á snjómokstri er fólgin.

Í fundargerð ráðsins segir að hún muni ekki nýtast öllum íbúum í Svarfaðar- og Skíðadal.

„Það er með hreinum ólíkindum að Vegagerðin skuli leyfa sér að mismuna íbúum dalanna um umferðaröryggi eftir því hvar þeir búa. Það fer skólabíll í báða dalina alla virka daga og einnig sækja íbúar þar vinnu til Dalvíkur. Í báðum dölunum eru ferðaþjónustufyrirtæki sem þurfa á góðri vetrarþjónustu að halda. Einnig má geta þess að á þeirri leið sem Vegagerðin leggur til að aukin þjónusta verði, eru einungis tvö af tólf mjólkurbúum í dölunum og sækir mjólkurbíllinn mjólk á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum.

Krafa um sjö daga þjónustu

Umhverfisráð gerir kröfu um að í fyrirhuguðu snjómoksturútboði verði gert ráð fyrir sjö daga þjónustu í Svarfaðardal og Skíðadal og búið verði að moka áður en skólabíllinn kemur kl. 07.30. Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar skorar á þingmenn kjördæmisins, samgönguráðherra og vegamálastjóra að beita sér fyrir ofangreindum tillögum ráðsins," segir í fundargerð. */MÞÞ*

Þjóðgarður á miðhálendinu?

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að tillögu Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra, að skipa nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu til að leiða vinnu um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu.

Með nefndinni mun enn fremur starfa samráðshópur helstu hagsmunaaðila og almannasamtaka, svo sem náttúruverndarsamtaka, útvistarsamtaka og samtaka hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, landbúnaði og orkumálum.

Leitað verður tilnefninga í nefndina frá öllum flokkum á Alþingi, auk tveggja fulltrúa sveitarfélaga og fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu.

Til grundvallar starfi nefndarinnar liggur skýrsla nefndar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hagaðila um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands sem kom út í nóvember 2017. */VH*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Reflectix
Einangrun



- Hentar vel í gripahús
- Þolir vatn
- Fæst 4 og 8mm þykkt
- 97% endurkast hita
- Rúllubreidd 122cm
- Frábær virkni!

Þ.Þ & CO
Byggingavöruverslun
Þ. Þorgrímsson & Co
512-3360 korkur.is

ÚTBOÐ Á VEIÐI Í HJALTADALSÁ OG KOLBEINSDALSÁ Í SKAGAFIRÐI

Veiðifélagið Kolka óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2018–2020, að öllum árum meðtöldum.

Veiðifélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Útboðsgögn eru hjá umsjónarmanni útboðsins, *Guðríði Magnúsdóttur, Viðvík, 551 Sauðárkróki.* Sími Guðríðar er **893 5004** og tölvupóstur **vidvik@mi.is**. Gögnin verða afhent í tölvupósti.

Frestur til að skila tilboði rennur út fimmtudaginn 15. febrúar 2018.

Tilboðin verða opnuð í veiðihúsi félagsins að ***Efra Ási*** þriðjudaginn 20. febrúar 2018 kl. 13:00 í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Tilboðum skal skila til:
Guðríðar Magnúsdóttur
Viðvík
551 Sauðárkróki

REKSTUR GOLFVALLAR OG SKÁLA GOLFKLÚBBSINS DALBÚA

Auglýst er eftir rekstraraðila/-aðilum til að hafa umsjón með og annast rekstur golfvallar og skála *Golfklúbbsins Dalbúa* í Miðdal við Laugarvatn.

Golfklúbburinn Dalbúi var stofnaður 1989 og rekur 9 holu golfvöll í Miðdal, sem er rétt austan við Laugarvatn. Góð vélageymsla og vinnuaðstaða er fyrir hendi. Til staðar eru öll helstu tæki sem þarf til rekstrarins.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við formann *Golfklúbbs Dalbúa*, Bryndísi Scheving hjá **dalbui@dalbui.is** eða í síma **8628995.**

Umsóknarfrestur er til 1. mars 2018.

Nánari upplýsingar um *Golfklúbbinn Dalbú*a er að finna á heimasíðu klúbbsins, **www.dalbui.is**

Stjórn Golfklúbbsins Dalbúa



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB lyftara

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is


ER KROPPURINN Í LAGI?

Mörg búverk krefjast þess að bóndinn sé í líkamlega góðu formi. Hann verður að búa yfir styrk, lipurð og þoli til að mæta ólíkum verkefnum dagsins. Þess vegna er mikilvægt að halda sér í formi, gera reglulega æfingar og leggja áherslu á að styrkja alla vöðva líkamans.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á **bondi.is**

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



Héraðsfulltrúi

Landgræðsla ríkisins óskar eftir að ráða héraðsfulltrúa með aðalstarfssvæði á Vesturlandi og Vestfjörðum með aðsetur á Hvanneyri. Hann þarf að hafa sveigjanleika og vera tilbúinn til að taka þátt í þróun starfsins og breytingum sem kunna að verða á starfinu og vinnustaðnum.

Landgræðsla ríkisins er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Öflun upplýsinga, ráðgjöf og eftirlit með verkefnum í Bændur græða landið, Landbótasjóði Landgræðslunnar og öðrum landgræðsluverkefnum
- Áætlanagerð og umsjón landgræðsluverkefna á starfssvæðinu
- Vinna við verkefni um endurheimt votlendis
- Vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og fylgjast með að lögum um landgræðslu sé framfylgt
- Aðstoð við gerð beitar- og uppgræðsluáætlana fyrir einstakar bújarðir og stærri svæði
- Skráning landgræðsluaðgerða og eftirlit með árangri þeirra
- Fræðsla og ráðgjöf til sveitarstjórna, landnotenda, skóla og almennings

Hæfnikröfur
- Krafist er BSc-prófs í náttúruvísindum, t.d. landnýtingu, beitar- eða umhverfisfræðum
- Almenn þekking eða reynsla af landbúnaði
- Skipulagshæfni, sjálfstæði, sveigjanleiki og góð samstarfshæfni
- Góð kunnátta í notkun tölvu og upplýsingatækni
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri
- Þekking og reynsla af landgræðslustarfi er kostur
- Þekking og reynsla af notkun landupplýsingakerfa er kostur

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra náttúrufræðinga hafa gert. Megin starfssvæðið er Vesturland og Vestfirðir og starfinu geta fylgt talsverð ferðalög. Starfið hentar bæði konum og körlum. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf 1. mars 2018.

Umsókn skal fylla út og senda rafrænt. Ferilskrá og afrit af prófskírteini skal fylgja. Einnig má senda umsókn til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 31.01.2018

Nánari upplýsingar
Árni Bragason - arni.bragason@land.is - 488 3000
Gustav Magnús Ásbjörnsson - gustav@land.is - 488 3000

Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholt
851 Hella
www.land.is

Landgræðsla ríkisins heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og vinnur samkvæmt lögum um landgræðslu að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar, gróðureftirliti og gróðurvernd. Enn fremur að fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum og þróunarstarfi á þessu sviði.

VERKFÆRI EHF
Verkfæri ehf
Hlíðasmári 3, 201 Kópavogur
Sími: +354 544 4210, GSM: +354 892 9399
info@verkfaeriehf.is www.verkfaeriehf.is
GENERAC TOWER LIGHT

VINNULJÓS
til sölu eða til leigu.

V20
1.960.000 kr. + vsk.

STRONG
2.245.000 kr. + vsk.



STRONG ljósamöstrin eru með hækkanlegu mastri og handvirku eða glussa reisikerfi. Hægt er að velja milli 10 kVA eða 22 kVA rafstöðva frá Generac Tower Light. Þessi tegund ljósamastra geta þjónað tveimur tilgöngum fyrir þá viðskiptavini sem vilja auðfæranleg ljósamöstur og eða öflugar rafstöðvar.

V20 ljósamöstrin eru ný tegund færanlegra ljósamastra sem eru með 4 X 300W orkusparandi LED flóðljósum.
Þau bjóða upp á yfir 160 tíma stanslausa notkun á einni áfyllingu og eru með afar hljóðlátum mótor. Hljóðstyrkur er einungis 58 dB(A) í 7 metrum.

Bændablaðið - Smáauglýsingar: 563 0300

Tímarit Bændablaðsins 2018
Tryggðu þér auglýsingapláss í tíma

Þann 4. mars 2018 kemur út *Tímarit Bændablaðsins* samhliða setningu Búnaðarþings.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og eru efnistökin fjölbreytt. Það verður prentað í 8.000 eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Lengd ritsins er yfir 100 síður og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Þetta er kjörinn vettvangur til að koma starfsemi sinni á framfæri. Tímaritið liggur á borðum landsmanna svo mánuðum skiptir og því má segja að auglýsingar í slíkum blöðum séu langlíf.

Við bjóðum upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess er pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Verðskrá auglýsinga:
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Baksíða: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu)
= 25.000 kr. án vsk

Verðskrá kynninga:
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.



Hægt er að skoða fyrri *Tímarit Bændablaðsins* á bbl.is

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **563-0303** og gegnum netfangið **ghp@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Bíttu í rófuna

Ef bitinn er þungur er rófan góð

Geymist fersk í allt að þrjá mánuði í kæli við rétt skilyrði

Kaloríulítil og góð uppspretta trefja



Inniheldur mikið af C-vítamíni

Er bragðbest þegar hún virkar of þung fyrir sína stærð

Inniheldur enga fitu

Er nær hvergi jafnvinsæl með mat eða sem snarl og á Íslandi

Verður fersk á ný ef hún er látin liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku í Evrópu á árum áður því grasker voru ekki fáanleg

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍA.IS SFG 44761 07/09